



ALDARSAGA
HÁSKÓLA ÍSLANDS
1911–2011





ALDARSAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911–2011

Ritstjóri
Gunnar Karlsson

Höfundar
Guðmundur Hálfdanarson
Sigríður Matthíasdóttir
Magnús Guðmundsson



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
REYKJAVÍK
2011




Ritnefnd

Einar H. Guðmundsson
Hjalti Hugason
Kristín Björnsdóttir
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir
Gunnar Karlsson formaður

Myndritstjórn og myndatextar
Gunnar Karlsson

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda.

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2011
© Háskóli Íslands og höfundar

Kápuhönnun: Hildigunnur Gunnarsdóttir
Umbrot: Háskólaútgáfan
Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja 

U201101
ISBN 978-9979-54-925-3



Efni

Myndrit	11
Töflur	12
Formáli	13
Höfundar	16

Guðmundur Hálfðanarson:

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN 1911–1961	17
1. Mjór er mikils vísir	19
2. Aðdragandi að stofnun Háskóla Íslands	23
1. Þjóðskóli Jóns Sigurðssonar	23
2. Íslenskir embættismannaskólar	32
3. Lög um Háskóla Íslands	45
4. Hvers konar skóli?	60
3. Háskóla ýtt úr vör	72
1. Háskóli Íslands hefur störf	72
2. Ólsens-hneykslið	77
4. Í tvíþýli við Austurvöll	84
1. Frá miðju út á jaðar	84
2. Háskóli í spennitreyju	90
3. Rofar til	95
5. Launamannaverksmiðja í Alþingishúsi	108
1. Embættismannaskólinn	108
2. Sníkjudýr á þjóðarlíkamanum	111
3. „Fordild háskólaráðs“	119
4. Styrkari forysta – sterkari stofnun?	131
6. Vísindin efla alla dáð	134
1. Vísindaleg rannsóknarstofnun?	134
2. Kennarar við Háskóla Íslands	136
3. Deilur um ráðningar kennara	142
4. Launakjör og vísindi	154
5. Kennslan í Alþingishúsinu	163
6. Rannsóknir við þröng kjör	166
7. Nemendur embættismannaskólans 1911–40.	
Frá örfáum til nokkru fleiri	175

1. Skóli allra landsmanna?	175
2. Deildir Háskólans 1911–40	185
3. Félagslíf stúdenta í Alþingishúsi.....	191
8. Háskólinn flytur um set	198
1. Alþingishúsið kvatt.....	198
2. Háskólahöllin vígð	201
3. Háskólahúsið	206
9. Háskólinn vex úr grasi.....	208
1. Háskóli Íslands á tímum heimsstyrjaldar	208
2. Grunnám í embættismannaskóla.....	210
3. Náttúruvísindi í Háskóla Íslands?.....	219
4. Nýir kennarar, gömul vandamál	225
5. Lífæð Háskólans	232
10. Nemendur 1940–61	236
1. Nemendafjöldi 1940–61: vöxtur og stöðnun ..	236
2. „En svo eru það nú stúlkurnar“.....	241
3. Deildir Háskólans.....	247
4. Heilbrigðar sálir og hraustir líkamar	256
11. Rekstur og stjórnýsla Háskóla Íslands 1911–61	262
1. Fjárveitingar og sjóðir Háskóla Íslands.....	262
2. Stjórnýsla embættismannaskólans	269
12. Þjóðskóli – embættismannaskóli?	274

Sigríður Matthíasdóttir:

II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN 1961–1990	283
1. Þjóðfélagsbreytingar eftirstríðsáranna og þróun menntamála.....	285
1. Inngangur	285
2. Menntun verður almenn í Evrópu	287
3. Lífskjarabylting á Íslandi og nýtt menntakerfi	291
2. Fjölgun stúdenta og ný vísindastefna	296
1. Framhaldsskólasprengja	296
2. Viðreisnarstjórn og menntamál	299
3. Ný vísinda- og menntastefna	302
4. Stefnumörkun í menntamálum	306
5. Sjónarmið í menntaumræðu	313
6. Umbreyting skólakerfisins	322
3. Róttæk stúdentahreyfing	326
1. Kynslóðin '68	326

2. Uppruni og einkenni '68-hreyfingarinnar	328
3. Hugmyndafræði	331
4. Stúdentahreyfing á Íslandi	335
5. Aðdragandi innan Háskólans	338
6. Gagnrýni stúdenta	340
7. Baráttumál og aðgerðir	343
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna	347
1. Námslán og námsaðstoð á grundvelli hugmynda um jafnrétti	347
2. Árið tíðindaríka 1975	350
3. Stapp og streð – en áfram þó	354
5. Háskóli í endurskoðun	357
1. Fjölgun stúdenta	357
2. Vandí Háskólans	359
3. Háskólanefnd 1966–69.....	365
4. Háskólanefnd og fjármál Háskólans	371
6. Endurskipulag og nýjar námsleiðir	374
1. Endurskoðun BA-námsins	374
2. Nýjar námsleiðir og nýtt skipulag	377
3. Námsbraut í þjóðfélagsfræðum	380
4. Stofnun Félagsvísindadeildar	386
5. Verkfræði- og raunvísindadeild.....	389
6. Námsbrautir á sviði heilbrigðisvísinda	391
7. Nýjar rannsóknarstofnanir	398
1. Handritastofnun	398
2. Raunvísindastofnun	402
8. Skref í átt til rannsóknarháskóla	408
1. Rannsóknarumhverfi og rannsóknarandi.....	408
2. Tengsl Háskólans og rannsóknarstofnana	411
3. Stundakennsla	417
9. Kvennafræði og kvennabaráttá	426
1. Nýtt og pólitískt fræðasvið.....	426
2. Rauðsokkur og Kvennalisti	428
3. Kvenréttindi og stúdentapólitík.....	431
4. Framgangur kvenna og tilurð kvennafræða	434
5. Áhugahópur um kvennarannsóknir	436
6. Umræður um námsbraut og stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum.....	440
10. Húsnæðismálin	445
1. Úttekt Háskólanefndar á húsnæðismálum.....	445

2. Ný hús á sjöunda og áttunda áratugnum	448
3. „Gráa skýrslan“	461
4. Alvars þáttur Aalto og skipulag háskólalóðar	464
5. Eilífðarverkefnið Læknagarður	467
6. Enn af byggingarstarfsemi.....	469
11. Nýir kennsluhættir	475
1. Krafa um tilgang og markmið	475
2. Nýtt kennsluform: „semínarkennsla“	476
3. Uppreisnin gegn fyrirlestraforminu	479
4. Þróun umræðunnar	483
12. Átök um fjöldatakmarkanir	487
1. Læknadeild	487
2. Sjúkraþjálfun, tannlækningar og lyfja- fræði lyfsala	501
13. Þekking og hagþróun. Nýjar áherslur á níunda áratugnum	510
1. Vísindarannsóknir og atvinnulífið.....	510
2. Aðild að þróunarfyrirtækjum og Tæknigarður	513
3. Gagnrýni á ofríki efnislegra sjónarmiða.....	515
14. Tölvuvæðingin.....	523

Magnús Guðmundsson:

III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN 1990–2011	533
1. Frelsi með ábyrgð	535
1. Leiðin til rannsóknarháskóla.....	535
2. Háskólalög	536
3. Bologna-ferlið, gæði og sveigjanleiki	540
4. Réttur til að ráða starfsmenn	544
5. Fjárhagslegt sjálfstæði	549
6. Reiknilíkan – þreyttar einingar.....	558
7. Að bjarga sér sjálfur – sértekjur	563
8. Innlendir styrkir	565
9. Erlendir styrkir	569
10. Aðrar sértekjur	571
11. Styrktarsjóðir Háskólans.....	573
2. Réttlætismál	576
1. Jafnrétti	576
2. Skólagjöld.....	582
3. Erfiðasta vandamál Háskólans	588

4. Nemendur gefa kennurum einkunnir	592
3. Vöxtur	596
1. Fjölgun nemenda	596
2. Nýjar námsleiðir	605
3. Diplómanám – stuttar hagnýtar leiðir	615
4. Endurmenntun og símenntun	618
5. Leiðbeiningarstarf.....	622
6. Hús eru til alls fyrst	625
4. Háskóli meðal háskóla	634
1. Námsmenn erlendis	634
2. Háskólastigið verður til.....	637
3. Í blómagarði fræðanna	643
4. Samstarfsnefnd háskólastigsins.....	653
5. Kerfisskrið og stofnanarek	654
6. Samkeppni og samvinna	656
7. Hversu margir háskólar verða á Íslandi?	661
5. Vöxtur rannsóknarnámsins	664
1. Mikilvægi framhaldsnáms	664
2. Meistaránám í æ fleiri greinum	666
3. 400 meistaraneimar	669
4. Doktorsnám	671
5. Ástæður fyrir fjölgun doktora	675
6. Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms	678
7. Nýsköpunarsjóður námsmanna	680
8. Lánasjóður námsmanna	682
9. Fjármögnun framhaldsnáms og rannsókna	683
6. Rannsóknarstarf	693
1. Fjölbreytt rannsóknarstarf.....	693
2. Raunvísindi og verkfræði	698
3. Heilbrigðisvísindi	707
4. Hugvísindi	717
5. Félagsvísindi	722
6. Þjónusta við rannsóknir og kennslu	728
7. Ábyrgð háskólamanna.....	735
8. Meðal hundrað bestu.....	737
7. Stúdentalíf.....	743
1. Stúdentaráð.....	743
2. Félagsmál stúdenta	754
3. Háskólalíf frá sjónarhóli stúdenta	759



ALDARSAGA HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911–2011

8. Háskóli fyllir hundrað ár	771
Summary	781
Rektorar Háskóla Íslands 1911–2011	789
Myndaskrá	791
Heimildir	801
Bendiskrá	833





Myndrit

I.1	Landsframleiðsla á mann í samfélögum Norðurlanda árin 1870 og 1911	bls. 28
I.2	Fólksfjöldi í samfélögum Norðurlanda 1910–11	bls. 82
I.3	Samanburður á launum verkamanna og háskólakennara 1911–20	bls. 156
I.4	Fjöldi prófessora og dósenta í embættismannadeildum háskólanna í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1911 og 1936	bls. 165
I.5	Fjöldi skráðra stúdenta við Háskóla Íslands 1911–40	bls. 177
I.6	Fjöldi nemenda eftir deildum 1911–40	bls. 186
I.7	Fjöldi prófessora og dósenta við Háskóla Íslands 1911–62	bls. 228
I.8	Fjöldi skráðra nemenda við Háskóla Íslands 1940–62	bls. 237
I.9	Fjöldi tvítugra og hlutfall stúdenta af fjölda þeirra (%) 1911–61	bls. 237
I.10	Hlutföll karla og kvenna (%) af þeim sem luku stúdentsprófi, hófu nám í Háskóla Íslands og útskrifuðust 1911–60	bls. 244
I.11	Fjöldi nemenda eftir deildum 1940–62	bls. 248
I.12	Hlutfall kvenna og karla í deildum Háskóla Íslands 1911–64 (konur/karlar)	bls. 251
I.13	Fjárveitingar á hvern nemanda við Háskóla Íslands á föstu verðlagi 1912–61	bls. 263
II.1	Búsetubreytingar Íslendinga 1940–60	bls. 293
II.2	Barnasprengingin á stríðs- og eftirstríðsárunum	bls. 294
II.3	Skólakerfi Íslendinga samkvæmt fræðslulögum 1946	bls. 295
II.4	Skólakerfi Íslendinga samkvæmt fræðslulögum frá 1974	bls. 324
II.5	Fjárveitingar til Háskóla Íslands 1960–90 sem hluti af landsframleiðslu og ríkisútgjöldum	bls. 373
III.1	Fjárveitingar til Háskóla Íslands sem hlutfall af fjárlögum og framlögum til menntamála 1988–2010	bls. 560
III.2	Fjárveitingar og sértekjur Háskóla Íslands 1988–2010 á verðlagi 2010	bls. 563
III.3	Fjölgun kvenna og karla og heildarfjölgun námsmanna við Háskóla Íslands 1985–2011	bls. 581
III.4	Fjöldi skráðra nemenda við Háskóla Íslands 1990–2010	bls. 597
III.5	Hlutfallsleg fjölgun stúdenta á árunum 1990–2008	bls. 598
III.6	Veitt lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fyrir skólagjöldum á Íslandi 1996–2009	bls. 636
III.7	Fjöldi lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna 1993–2008 til náms á Íslandi og erlendis	bls. 637
III.8	Fjöldi stúdenta við nám á háskólastigi eftir skólum 1997–2010	bls. 642
III.9	Fjárveitingar til kennslu á hvern nemanda í Háskóla Íslands 1988–2010 á verðlagi 2010	bls. 650
III.10	Hlutfallsleg skipting lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna eftir námsstigi 1992–2008	bls. 660
III.11	Rannsóknarstig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana 1990–2009	bls. 695





Töflur

I.1	Fjöldi kennara við Háskóla Íslands 1911–40	bls.	140
I.2	Háskólamenntun stúdenta sem útskrifuðust frá íslenskum menntaskólum 1911 og 1936	bls.	178
I.3	Atvinna feðra nýnema við Háskóla Íslands 1916–36	bls.	183
I.4	Nýinnritaðir og útskrifaðir nemendur í Háskóla Íslands 1911–40	bls.	187
I.5	Innritaðir í Háskóla Íslands árin 1916, 1926 og 1936	bls.	188
I.6	Námsdvöl og sérnám læknakandidata frá Háskóla Íslands 1936–43 eftir námslöndum	bls.	209
I.7	Fjöldi kennara við Háskóla Íslands 1941–62	bls.	226
I.8	Atvinna feðra nýnema við Háskóla Íslands 1941–61	bls.	238
I.9	Framhaldsmenntun stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri 1941–61	bls.	245
I.10	Nýinnritaðir og útskrifaðir nemendur í Háskóla Íslands 1940–62	bls.	249
III.1	Fjárveitingar á hvern námsmann á háskólastigi á Íslandi og í öllum ríkjum OECD 2000–07	bls.	562
III.2	Stúdentar í meistara- og doktorsnámi 1990–2008 eftir deildum	bls.	672–73
III.3	Brautskráðir úr meistara- og doktorsnámi 1990–2008 eftir deildum	bls.	672–73
III.4	Fjöldi doktora frá Háskóla Íslands og íslenskra doktora frá erlendum háskólum 1990–2010	bls.	679



Formáli

Stofnun Háskóla Íslands 17. júní 1911 var liður í sköpun þjóðríkis á Íslandi, rúmum sjö árum eftir að þjóðin fékk heimastjórn og rúmum sjö árum áður en hún myndaði formlega sjálfstætt ríki. Skólinn var þjóðskóli, tákn um sjálfstæði og tæki til að fullkomna það. Engu að síður var hann frá upphafi á vissan hátt alþjóðlegur; þar var lögð stund á sömu fræði og í öðrum háskólum heimsins og reynt að líkja eftir þeim á sem flesta vegu. Á hundrað ára ferli hefur hinn útlendi, alþjóðlegi strengur í starfi skólans styrkst og aukist. Samt er Háskólinn enn sem fyrr ein af meginstoðum íslensks samfélags. Hann er enn embættismannaskóli Íslendinga, í víðri merkingu orðsins embætti, um leið og hann er vonandi gagnrýninn hugmyndasmiður þeirra með starfsmenn og stúdenta sem þora, vilja og geta bent á sem flest af því sem betur má fara.

Þegar Háskóli Íslands bjóst til að halda upp á hálftrar aldar afmæli sitt, árið 1961, ákvað háskólaráð 20. janúar það ár að fela Guðna Jónssyni, prófessor í sögu Íslendinga, að skrifa sögu stofnunarinnar. „Ég gekkst undir þann vanda og þó með hálfum huga,“ segir Guðni í formála bókar sinnar, „því að til þess var ætlað, að sagan kæmi út á háskólaafmælinu í fyrstu viku októbermánaðar, svo að frestur til stefnu var ærið naumur.“ En formálann dagsetti Guðni 15. september, og er ekki annars getið en að bókin hafi komið út í tíma, 306 blaðsíðna rit.

Þegar leið að aldarafmælinu vildu margir hafa meiri fyrirhyggju, enda líftími stofnunarinnar orðinn helmingi lengri og hún sjálf ærið miklu stærri. Það mun hafa verið stjórn Skjalasafns Háskólans undir forystu Magnúsar Guðmundssonar, höfundar að þriðja hluta þessa verks, sem hreyfði því fyrst skriflega að aldarsaga Háskólans yrði rituð. Hinn 30. nóvember 2001 sendi hún háskólaarktor, Páli Skúlasyni, bréf og lagði til að skipuð yrði nefnd til að undirbúa verkið. Rektor fól Sagnfræðiskor að gera tillögur um framkvæmd þess. Skorin kom á fót starfshópi skipuðum Guðmundi Jónssyni og Gunnari Karlssyni háskólakennurum í sagnfræði, Hjalta Hugasyni, prófessor í kirkjusögu í Guðfræðideild, og Magnúsi Guðmundssyni. Hópurinn skilaði skýrslu í nóvember 2002 og lagði til að sagan yrði skrifuð í einu bindi, 650–750 blaðsíðna löngu. Stungið var upp á að þrír höfundar yrðu ráðnir til að skrifa söguna með stuðningi þriggja manna ritnefndar sem rektor skipaði samkvæmt tilnefningu Sagnfræðiskorar. Með þeim starfaði ennfremur fagráð með fulltrúum frá hverri deild Háskólans, stúdentum og stjórnsýslu.

Nokkur töl varð á að þessi áætlun kæmist í framkvæmd, og var hún að lokum einfölduð verulega. En 15. júní 2005 skipaði rektor í umboði háskólaráðs fimm

manna ritnefnd til að stjórna verkinu. Fjórir ritnefndarmenn voru skipaðir samkvæmt tilnefningum þeirra fræðasviða sem þá töldust vera í Háskólanum, Hjalti Hugason fyrir Hugvísindasvið, Kristín Björnsdóttir prófessor í hjúkrunarfræði fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor í mannfræði fyrir Félagsvísindasvið og Einar H. Guðmundsson prófessor í stjarnæðlisfræði fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Formaður nefndarinnar, Gunnar Karlsson, var skipaður af rektor án tilnefningar. Fimmta fræðasviðið, Menntavísindasvið, var þá ekki til innan Háskóla Íslands heldur sem Kennaraháskóli Íslands. Frá starfsemi hans er ekki sagt í þessari bók, enda var það gert í ritinu *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* sem kom út í tveimur bindum árið 2008.

Ritnefnd var ábyrg fyrir allri mótun verksins. Þannig dró hún upp meginramma þess hvað stærð, umfang og tæknifrágang snertir, einnig tímaramma vinnunnar. Þá tók hún ákvarðanir um ráðningu höfunda, myndasöfnun, myndaritstjórn, skráagerð og aðstoð við prófarkalestur. Ennfremur dró hún upp meginlínur um efnistöð. Fylgdist hún með að höfundar háttuðu störfum sínum í samræmi við þessar ákvarðanir og var þeim til ráðuneytis við samningu verksins með yfirlestri og ábendingum. Sagan var skrifuð á þann hátt sem starfshópurinn 2002 lagði til að því leyti að þrjár höfundar skiptu henni á milli sín. Þeir bera hver um sig höfundarábyrgð á texta sínum, vali á frásagnarefni, túlkunum, áherslum og efnistöðum sem þar koma fram í einstökum atriðum.

Í ritstjórnarstefnu sem ritnefnd samþykkti 7. september 2005 og rektor staðfesti síðar var ákveðið að formaður ritnefndar yrði ritstjóri verksins. Hann sá meðal annars um að sem mest samræmi væri með verkum höfunda og stýrði prófarkalestri og öðrum tæknilegum frágangi ritsins. Hann valdi myndir, skrifaði texta með þeim og ber höfundarábyrgð á því efni. Hann steypiti saman heimildaskrá höfunda og samdi aðrar skrár bókarinnar að öðru leyti en því að íslenskufræðingarnir Guðrún Ingólfssdóttir og Þórunn Kristjánsdóttir sömdu bendiskrána eftir línunum sem ritstjóri lagði. Valgerður Jónsdóttir menntaskólanemi vann eitt sumar á vegum ritstjóra við myndasöfnun. Áslaug J. Marinósdóttir á Skjalasafni Háskólans hefur verið hjálpleg við öflun mynda og upplýsinga um þær. Andri Steinn Snæbjörnsson sagnfræðingur safnaði talnaefni sem var nýtt í skrár bókarinnar. Í síðasta þriðjunginum, þar sem fjallað er um síðustu áratugi, hafa margir litið yfir einstaka kafla, og Helga Jónsdóttir hefur lesið bókarhlutann allan. Af hálfu Háskólaútgáfunnar hafa Sigríður Harðardóttir, Helgi Grímsson og Sigrún Árnadóttir lesið prófarkir. Margir aðrir hafa lagt til fróðleik og myndir. Það fólk mun flest vera nafngreint í myndaskrá og heimildaskrá, en öllu skal því þakkað fyrir hjálpina, nefndum og ónefndum.

Bókin er í meginatriðum skrifuð sem fræðirit og reist á frumheimildum. Þó er víða gripið til þess að nota fræðirit sem heimildir, meðal annars hálftrar aldar afmælisrit Guðna Jónssonar. En langmesta fræðiritið um sögu Háskólans

fram að þessu er tveggja binda verk Páls Sigurðssonar prófessors, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands*, sem kom út á árunum 1986 og 1991. Viða hefur það sparað höfundum þessa rits mikið grúsk í frumheimildum.

Leitast hefur verið við að samræma tæknifrágang bókarinnar, en örvænt er að það hafi tekist til fulls, síst í skráningu óprentaðra heimilda og vísunum til þeirra, enda oft álitamál hvernig eigi að skrá þær. Nokkuð vandmeðfarið reyndist eitt rit sem er notað mikið, enda aðalmálgagn stúdenta allt frá 1924. Nafn þess er ýmist *Stúdentablað* eða *Stúdentablaðið*, og hefur síðartalda nafnmyndin unnið á smám saman. Árgangatalning þess var líka löngum óregluleg og stundum engin. Hér var sú leið valin að nefna blaðið *Stúdentablað* í tilvísunum í fyrsta hluta bókarinnar en síðar *Stúdentablaðið*. Í öllum bókarhlutum er vísað til útgáfuára blaðsins, og oftast tölublaða, til að forðast rugling í árgangatalningu. Þetta var ákveðið og framkvæmt áður en blaðið var sett inn á heimildasafnið *timarit.is* með samfelldri árgangatalningu, en nú hefur það verið gert, og sér þess merki í skráningu Stúdentablaðsins í myndaskrá og heimildaskrá. Til tímaritsins *Vettvangs Stúdentaráðs* var einnig vísað eftir útgáfuárum til að sleppa framhjá óreglu í árgangaskráningu. Í frásögn af starfsemi síðustu ára, einkum um rannsóknir háskólamanna þar sem þurfti að fara sérstaklega hratt yfir, er sums staðar slegið nokkuð af kröfum um heimildavísanir. En oftast mun auðvelt að ráða í hvert sá fróðleikur hlýtur að vera sóttur.

Vísanir í heimildir á vefnum miðast við birtingu á tilgreindum tíma og því er jafnan getið dagsetningar þegar heimild var skoðuð. Ekki mun alltaf hægt að ganga að þessum heimildum hvenær sem er því að vefurinn er síbreytilegur. En Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn afritar alla vefi landsins þrisvar á ári, og því ætti að vera unnt að skoða hvernig vefirnir litu út nærri þeim tíma sem upplýsingar eru sóttar með því að slá upp í <http://vefsafn.is/>.

Við stofnun Háskóla Íslands sagði rektor í setningarræðu sinni:

Vjer höfum ástæðu til að vona, að háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs mentalífs hjá vorri þjóð, og sjá allir hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menning vora og þjóðerni að hafa slíka stofnun hjer innanlands. Meira að segja viljum vjer vona, að háskólinn geti, þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla.

Hundrað árum síðar er ánægjulegt að geta fært þjóðinni nokkra vísbendingu um að Háskólinn hafi orðið það sem fyrsti rektor hans vonaði, gróðrarstöð menntalífs og framfara þaðan sem könnunarleiðangrar um ríki vísindanna hafa verið farnir og ný lönd numin.

Ritnefnd

Höfundar

Guðmundur Hálfðanarson (f. 1956) lauk cand.mag.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1982, MA-prófi í sagnfræði frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum 1985 og doktorsprófi frá sama skóla 1991. Hann gegndi nýdoktorsstöðu við félagsvísindasvið Institute National de la Recherche Agronomique, Centre de Paris í Ivry-sur-Seine, var lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands 1991–93, dósent 1993–2000 og prófessor síðan 2000. Meðal bóka hans eru *Historical Dictionary of Iceland* (1997, 2. útg. 2008) og *Íslenska Þjóðríkið – uppruni og endimörk* (2001).

Sigríður Matthíasdóttir (f. 1965) er sjálfstætt starfandi sagnfræðingur. Hún lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1994, MA-prófi í Austur-Evrópufræðum frá Lundúnaháskóla 1995 og doktorsprófi frá Háskóla Íslands 2004. Hún var rannsóknarstöðustyrkþegi Rannís við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands 2005–07 og Fulbright-styrkþegi við Háskólann í Santa Barbara í Kaliforníu (UCSB) árið 2007. Sigríður hefur einnig verið stundakennari við Háskóla Íslands. Doktorsritgerð hennar er *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (2004). Hún er auk þess meðhöfundur að nokkrum bókum, þar á meðal *Män i Norden. Manlighet och modernitet 1790–1940* (2006).

Magnús Guðmundsson (f. 1952) lauk cand.mag.-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1987, prófi í skjalfraði frá Stokkhólmsháskóla 1988 og var styrkþegi hjá Svenska Institutet námsárið 1987–88. Hann var skjalavörður við Háskóla Íslands 1988–2010 og deildarstjóri upplýsingadeildar 1992–97. Magnús var stundakennari við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands 2006–11 og einn af ritstjórum Árbókar Háskólans 1989–2009. Frá 2011 hefur hann verið sérfræðingur í skjala- og gagnastjórn við Náttúrufræðistofnun Íslands. Hann er höfundur eða meðhöfundur sjö bóka um sagnfræðileg efni.

Gunnar Karlsson (f. 1939), ritstjóri og höfundur myndatexta, lauk cand.mag.-prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1970 og doktorsprófi frá sama skóla 1978. Hann kenndi Norðurlandasögu við University College í London 1974–76, var síðan lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands 1976–80 og prófessor í sömu grein við sama skóla 1980–2009. Hann hefur skrifað 20 bækur, einn eða með öðrum.

Guðmundur Hálfðanarson

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN 1911–1961







1. Mjór er mikils vísir

Laugardaginn 17. júní 1911 héldu Íslendingar um land allt upp á aldarafmæli Þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar. Í Reykjavík stóð minningardagskráin frá morgni til kvölds; hún hófst með samkomu í hátíðarsal Menntaskólans, þar sem Alþingi hafði komið saman öll þau ár sem Jón sat á þingi, og henni lauk með þremur fjölmennum kvöldsamsætum í höfuðborginni. Hápunktur hátíðarhaldanna var þó tvímælalaust stofnun Háskóla Íslands, því að lengi hafði staðið til að tengja upphaf æðstu menntastofnunar landsins við nafn Þjóðhetjunnar. Vígsluhátíð hins nýja háskóla hófst kl. 12 á hádegi í sal neðri deildar Alþingis, eftir að stúdentar, kennarar og gestir höfðu gengið fylktu liði til athafnarinnar, með Björn M. Ólsen rektor og Klemens Jónsson landritara í broddi fylkingar.¹ Ýmsir „meiri-háttar [menn] bæjarins“ voru viðstaddir setninguna,² og mættu konsúl- ar erlendra þjóða í einkennisbúningum til hátíðarinnar, samkvæmt lýsingu blaðamanns landvarnarblaðsins Ingólfs, og skörtuðu „fyrir- verandi“ höfðingjar í einkenningum sínum. ... Þar komu prelátar og helgir menn í hempum með hvítum krögum. Þar voru hefðarfrúr í skrautbúningi og var mönnum ekki ljóst, hvað sumar þeirra voru riðnar við skólann.“ Nemendur hinna nýaflögdðu embættismanna- skóla vísuðu fólki til sætis, merktir bláhvítum böndum – kölluðust þeir marskálkar að sögn Ingólfs. Allur almenningur varð aftur á móti að gera sér að góðu að sitja í hliðarherbergjum þingsins, og gætti talsverðrar óánægju hjá þeim sem ekki fengu aðgang að at- höfninni sjálfri.³

Annars bar öll umgerð hátíðarinnar vott um tvíbenta pólitíska stöðu Íslands á þessum tíma. Landið hafði fengið heimastjórn sjö árum fyrir, en taldist þó enn vera órjúfanlegur hluti hins danska konungdæmis. Þessu til staðfestingar hékk stór dannebrogsfáni, fáni danska konungsríkisins, fyrir aftan forsetastól neðri deildar, en í fánann miðjan hafði verið sett lítið fálkaflagg til að undirstrika hálf- sjálfstæða stöðu hjálendunnar í norðri. Framan við ræðustól forseta stóð síðan höggmynd norska listamannsins Brynjulfs Bergslie af Jóni Sigurðssyni á háum stalli, klæddum bláum dúk, eins og til að undirstrika þjóðlega merkingu atburðarins. „En bláhvíti fáninn var útlagi við þessa athöfn“, kvartar greinarhöfundur Ísafoldar. „Mundi

¹ Ágúst H. Bjarnason, „Um Háskóla Íslands“, 11. – Klemens kom fram fyrir hönd Kristjáns Jónssonar ráðherra, en hann var erlendis, sbr. *Vísir* 15. júní 1911, 65.

² *Þjóðólfur* 1. júlí 1911, 94.

³ *Ingólfur* 20. júní 1911, 97.



þó margur hafa kosið að hann fengi að vera þar í öndvegi.⁴ Þjóðleg tvíráðni samkomunnar kom kannski skýrast fram í heillaóskaskeyti Friðriks VIII. Danakonungs þar sem hann minntist með hlýju mannsins sem Íslendingar litu á sem helstu hetju sína í sjálfstæðisbaráttunni. „Um leið og eg á þessum minningardegi með öllum Íslendingum tek undir endurminninguna um hinn mikla forvígismann og göfuga talsmann þjóðarinnar“, sagði konungur, og óskaði þess að hinn nýi háskóli, „sem er stofnaður á þessum degi til minningar um hans mikla lífsstarf, megi verða vísindunum til sóma og landi og þjóð til gagnsemdar“.⁵

Í orðum ræðumanna við háskólavígsluna var enginn efi um merkingu atburðarins fyrir pólitíska þróun á Íslandi og stöðu landsins í heiminum. Skýr áhersla var lögð á að stofnun Háskólans tengdist baráttunni fyrir sjálfstæðu þjóðríki órjúfandi böndum, og þetta hafi einmitt verið ástæðan fyrir því að þingmenn kusu að stofna hann á aldarafmælisdegi Jóns Sigurðssonar. Þetta var kjarni fyrri hátíðaræðunnar við vígsluna, sem Klemens Jónsson flutti fyrir hönd heimastjórnarinnar. Sannarlega „á Jón Sigurðsson“, mælti Klemens, „hina fyrstu hugmynd um háskóla á Íslandi, sannarlega á hann fyrstu upptökin og fyrstu framkvæmdir í þessu máli; hann hefur lagt grundvöllinn undir þetta mál, eins og flest önnur sjálfstæðismál þjóðarinnar, því háskólamálið er einn þátturinn, og það ekki hinn minsti, í baráttu Íslendinga fyrir fullkomnu sjálfstæði.“⁶

Samkvæmt síðari ræðumanni vígsluhátíðarinnar, nýkjörnum rektor Háskólans, Birni M. Ólsen prófessor í íslenski tungu og menningarsögu, var Háskóli Íslands einmitt lykilstofnun í þróun Íslands í átt til sjálfstæðrar tilveru; „góðir háskólar eru gróðrarstöðvar mentallífs hjá hverri þjóð sem er, sannkallaðar uppeldisstofnanir þjóðarinnar í besta skilningi“, sagði hann. Skólinn skyldi verða eins konar hjarta íslensks samfélags, sem miðlaði „hollum straumum“ til ungra menntamanna og frá þeim barst þessi lífskraftur um allan þjóðarlíkamann. „Þessir straumar hafa vekjandi áhrif á þjóðernis-tilfinninguna, enn halda henni þó í rjettum skorðum, svo að hún verður ekki að þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi“, minnti rektor áheyrendur sína á. Að hans mati var eitt aðalhlutverk skólans að ala upp þjóðholla mennta- og embættismannastétt á Íslandi, og yrði Háskólinn þannig til ómetanlegs gagns fyrir íslenskt menningarlíf og þjóðerni. Skólinn átti þó ekki síður að víkka sjóndeildarhring íslenskra ráðamanna og kenna þeim að bera sig eins og siðaðir menn í

⁴ *Ísafold* 21. júní 1911, 157.

⁵ *Ísafold* 21. júní 1911, 157.

⁶ *Reykjavík* 24. júní 1911, 106. – Sjá einnig Klemens Jónsson, „Jón Sigurðsson sem stjórn-málamaður“, 226–28.



Jón Sigurðsson forseti mun einna fyrstur manna hafa gerst talsmaður þess að stofna á Íslandi þjóðskóla sem gegndi meðal annars háskólahlutverki. Myndin er eftir Wegener, máluð 1844, árið áður en Jón flutti þjóðskólatillögu sína á Alþingi.

samskiptum við aðrar þjóðir. Sem „borgari í hinni miklu respublica scientiarum“ – lýðveldi vísindanna – tengdi Háskólinn nemendur sína, og þar með samfélagið allt, við siðmenningu umheimsins. Á þann hátt átti hinn nýstofnaði skóli að vinna gegn heimóttarskap og þjóðernisdrambi, sem Birni fannst greinilega nóg af á Íslandi.

Björn M. Ólsen var að vonum stoltur af hinni nýju stofnun sem hann hafði valist til forystu fyrir. Hann varð þó að viðurkenna að Háskóli Íslands væri ekki aðeins yngsti háskóli veraldar, „heldur einnig hinn minsti og einhver hinn ófullkomnasti“. Þetta voru engar

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN

*Frá skrúðgöngu í Reykjavík
17. júní 1911.*



ýkjur hjá rektorinum, því að þegar skólinn hóf störf um haustið 1911 fylltu nemendur ekki hálf hundrad og fastráðnir kennarar í fullu starfi við skólann voru einungis ellefu – níu prófessorar og tveir dósentar. En Björn þóttist þess samt fullviss að ef Jón Sigurðsson hefði mátt „líta upp úr gröf sinni og sjá alt, sem gert er þennan dag til að heiðra minningu hans,“ þá myndi hann „ekki síst gleðjast af þeirri athöfn, sem hjer fer fram“. Mjór gæti verið mikils vísir, minnti rektor áheyrundur sína á, og ef allir þeir sem stæðu að Háskóla Íslands, þ.e. þing og þjóð annars vegar og hins vegar kennarar og nemendur skólans, ynnu saman að því „að hlynnu að þessum nýgræðingi ... þá [væru] vonir um, að hann muni með guðs hjálp, þegar fram líða stundir, verða að stóru trje, er veiti skjól íslenskri menningu og sjálfstæðri menningu og sjálfstæðri vísinda rannsókn hjer á norðurhjara heimsins“.⁷

Að setningu Háskóla Íslands lokinni héldu hátíðarhöldin áfram í Reykjavík, með ræðuhöldum og skrúðgöngum. Lítið gerðist aftur á móti í málefnum Háskólans fyrr en um haustið, því að þótt skólinn hefði verið stofnaður 17. júní 1911 þá gekk ráðning starfsmanna hans ekki í gildi fyrr en 1. október, eða við upphaf fyrsta háskólaársins. Á þennan hátt sparði landssjóður nokkurra mánaða laun til kennaranna, og var það gert því að þingmönnum sýndist lítil ástæða til að greiða prófessorum laun fyrr en þeir hæfu kennslu fyrir alvöru.⁸ Háskóli Íslands átti að leiða þjóðina á vit frelsisins, en hann mátti þó ekki kosta mikið.

⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 11–14.

⁸ *Allþingistíðindi* 1911 A, 463.



2. Aðdragandi að stofnun Háskóla Íslands

1. Þjóðskóli Jóns Sigurðssonar

Þótt fyrsta frumvarp til laga um Háskóla Íslands væri ekki flutt á þingi fyrir en 1881 hefur sú venja myndast að rekja upphaf háskólamálsins á Alþingi til tillögu sem Jón Sigurðsson lagði fyrir fyrsta ráðgjafarþing Íslendinga, sem kom saman í Reykjavík sumarið 1845. Tillagan kom reyndar upphaflega frá 24 íslenskum kandídötum og stúdentum búsettum í Kaupmannahöfn, en Jón Sigurðsson var eins konar fulltrúi Hafnar-Íslendinga á þessu fyrsta Alþingi Íslendinga og er hún því jafnan kennd við hann.¹ Meginmarkmið tillögunnar var að gera skólamenntun á Íslandi þjóðlegri en höfundum hennar fannst að verið hefði næstu aldirnar á undan, því að „hver þjóð [væri] eins og einstök vera í þjóðartölunni“ og af þeim sökum yrði „hin almenna mentun að vera löguð hjá hverri einstakri þjóð eptir eðli hennar, háttum og þörfum. Hafi ekki mentunin slíkan þjóðlegan blæ, verður hún að mestu leiti dautt nám, og nær ekki að blómgastr og bera ávöxt.“ Bentu höfundar tillögunnar einnig á að eini skólinn sem starfræktur var í landinu á þessum tíma, Latínuskólinn á Bessastöðum, stæði langt að baki sambærilegum stofnunum í Danmörku, og alla embættismentun umfram þá prestsmentun sem Latínuskólinn veitti neyddust Íslendingar til að sækja út fyrir landsteinana. Það er alkunnugt, segir í tillögunni, „að læknunum og lögfræðingum stendur eingin kennsla til boða í landinu sjálfu. Ennfremur vantar oss alla mentun handa sjómannaefnum, kaupmannaefnum og iðnaðarmönnum, og er þjóð vorri að því mikill söknuður nú þegar, og verður óðum meiri, eptir því sem landinu verður meir framfara auðið.“

Til að bæta úr tilfinnanlegum skólaskorti, og færa menntunina um leið inn í landið, lögðu Jón Sigurðsson og félagar til að stofnaður yrði á Íslandi einn skóli, þjóðskóli, „sem veitt geti svo mikla mentun sérhverri stétt, sem nægir þörfum þjóðarinnar“. Ef tillagan er skilin bókstaflega má ætla að höfundarnir hafi séð fyrir sér einn allsherjarskóla fyrir landið allt, sem hafi átt að sjá um alla formlega kennslu á Íslandi þar sem grunnmenntun barna sleppti.² Tillagan

¹ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1845, 40–44.

² Almenningsfræðslan átti, að því er virðist, að mestu að fara fram í foreldrahúsum, undir leiðsögn sóknarpresta, sbr. Jón Sigurðsson, „Um skóla á Íslandi“, 145–48. Á þetta er þó ekki minnst í tillögunni.





gerði þannig ráð fyrir að kennslan í Þjóðskólanum yrði „sameiginleg fyrir alla, sem mest að má, svo að þó að hún greinist eptir því, sem sjálfar aðalgreinir hennar skiljast í sundur og stéttirnar heimta, þá verði þó allt einn skóli“. Í raun virðast höfundarnir þó frekar hafa haft í huga með tillögunni um Þjóðskólann að koma á samræmdu, innlendu skólakerfi en að stofna eina skólastofnun sem hýsti alla opinbera menntun í landinu. Fyrsta skrefið að þessu marki, lögðu þeir til, væri að Alþingi sendi konungi bænarskrá þess efnis að gerðar yrðu nokkrar grundvallarendurbætur á íslenskum skólum; í fyrsta lagi átti að bæta Latínuskólann þannig að hann stæði jafnfætis bestu lærðum skólum í Danmörku. Í öðru lagi vildu Hafnar-Íslendingarnir að tekin yrði upp kennsla við Latínuskólann „handa þeim, sem girnast mentun, en ætla þó ekki að verða embættismenn“. Í þriðja lagi lögðu þeir til að kennsla í forspjallsvísindum yrði veitt við Latínuskólann til að stytta námstíma háskólastúdenta í Kaupmannahöfn. Síðast en ekki síst vildu þeir að stofnaðir yrðu þrjár sérskólar í landinu sjálfu fyrir embættismaefni – einn fyrir tilvonandi presta, annar fyrir lögfræðinga og hinn þriðji fyrir lækna.

Þjóðskólahugmyndin fékk heldur dræmar viðtökur í þinginu, enda þótti hún harla róttæk og vart tímabær fyrir Ísland eins og ástandi landsins væri hagað á þeim tíma. Forseti þingsins, Bjarni Thorsteinsson amtmaður á Arnarstapa, vildi af þessum sökum slá málið af hið snarasta, því að þótt hann segðist alveg sammála flutningsmanninum, Jóni Sigurðssyni, um mikilvægi menntunar fyrir „eflíngu og viðreisn þeirra hluta, er þjóðinni væru dýrmætastir allra“, þá hefði fátæk þjóð engin efni á að reka þá skóla sem tillagan gerði ráð fyrir.³ Niðurstaða þingnefndar um málið, undir forystu Helga G. Thordersen, tilvonandi biskups yfir Íslandi, var á svipuðum nótum. Hrósaði Helgi tillögunni fyrir þann hug sem kom fram í henni, því að bænarskráin væri „rituð með lífi og fjöri æskunnar“, en ekki fannst honum hún samt bera vott um nægjanlegt raunsæi. Þjóðleg menntun væri Íslendingum sannarlega nauðsynleg, „því aldrei getur nokkurri þjóð orðið sú mentun eins affarasæl, sem hún sækir til útlendra, því síður náttúrleg og almenn, og sú, sem henni hlotnast heima“, en sökum efnaleysis þjóðarinnar gat hann ekki tekið undir tillöguna nema að hluta.⁴ Þingið fór að ráðum Helga og nefndar sem fjallaði um málið á þinginu og samþykkti að senda bænarskrá til Kaupmannahafnar þar sem konungur var allra-náðarsamlegast beðinn um að efla Latínuskólann og færa íslenska

³ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1845, 44.

⁴ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1845, 608–12.





Ný bygging Kaupmannahafnarháskóla var tekin í notkun árið 1836. Hún stendur enn, við Frúartorg (Vor Frue Plads), á milli Nørregade og Fiolstræde. Þar var ekkert pláss til að byggja upp háskólahverfi eins og fór að tíðkast að gera á 20. öld. Því dreifðist starfsemi skólans víða um borgina.

guðfræðikennslu út úr honum yfir í sérstakan prestaskóla sem yrði stofnaður í Reykjavík. Menntun annarra embættismanna og þeirra sem ekki sóttust eftir embættisframa var aftur á móti látin liggja á milli hluta.⁵

Þótt uppástungan um þjóðskóla hafi ekki skilað þeim árangri sem höfundarnir vonuðust til þá virðist hún hafa örvað áhugann á háskólamenntun á Íslandi, a.m.k. í hinum fámenna hópi íslenskra mennta- og embættismanna. Sú tilfinning, sem var orðin allsráðandi á þessum árum, að Íslendingar væru sérstök þjóð með sérstaka menningu og siði, ýtti undir kröfur um að þeir fengju eigin menntastofnanir, sniðnar að þeirra eigin þörfum og háttum. Slíkar hugmyndir voru, a.m.k. að hluta til, uppreisn gegn hefðbundinni menntastefnu danska einveldisins. Frá stofnun þess á síðari hluta 17. aldar hafði eitt helsta markmið háskólakennslu í danska ríkinu verið að styrkja konungsvaldið og rækta þá tilfinningu meðal embættismannastéttarinnar í ríkinu öllu að hún myndaði samræmt og samhæft stigveldi sem teygði anga sína frá konungi til lægstu embættismanna í afskekktustu kimum konungdæmisins. Kaupmannahafnarháskóli var lykilstofnun þessa kerfis, en meginhlutverk hans var að mennta embættismenn fyrir konungsríkið; presta fyrir ríkiskirkjuna, lækna sem sinntu þegnum í hinum fjölmörgu læknishéruðum ríkisins og lögfræðinga sem röðuðust í veraldleg embætti í stjórnkerfi konungs, há og lág. Stjórnvöld voru af þeim sökum

⁵ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1845, 626–28.



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.2 ADDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Íslenskir stúdentar nutu þeirra forréttinda við Kaupmannahafnarháskóla að fá ókeypis vist á stúdentagarði í fimm ár ásamt styrk til daglegra matarkaupa. Almennt fengu stúdentar úr öðrum löndum Danakonungs ekki þennan námsstyrk. Hér er garðurinn þar sem stúdentar bjuggu flestir, Regensen. Myndin er tekin ofan úr Sivalaturni niður í húsgarðinn sem álmur garðsins mynda.



lengst af mjög treg til að rjúfa einokun skólans á háskólamenntun í danska ríkinu – eða alríkinu (da. *helstaten*) – því að þau óttuðust að slíkt gæti ýtt undir hugmyndir um staðbundin réttindi eða kröfur um sjálfstjórn héraða. Á fyrstu árum 19. aldar, í kjölfar frönsku byltingarinnar og á tímum Napóleonsstríðanna, breyttist þessi heimsmynd hratt. Þar kom hvort tveggja til, að nýjar stjórnmalahugmyndir, sem bárust til Danmerkur að sunnan frá Frakklandi og þó einkum Þýskalandi, grófu undan trú manna á samsett einveldisríki á borð við hið danska og að pólitísk staða danska ríkisins í Evrópu veiktist eftir að halla tók undan fæti fyrir Napóleon Bónaparte, sem Danakonungur hafði stutt dyggilega í styrjöldinni gegn Bretum. Lög um nýjan háskóla í Kristjaníu, eins og héraðshöfuðstaður og síðar höfuðborg Noregs kallaðist til 1925, sem konungur undirritaði sama árið og Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð, voru táknræn fyrir hina nýju tíma. Friðrik VI. Danakonungur og fyrirrennarar hans höfðu lengi staðið fast gegn kröfum Norðmanna um að stofna eigin háskóla, ekki síst vegna þess að þeir óttuðust að slík stofnun græfi undan alríkinu; Friðrik konungur lét loks undan þegar ljóst var að því yrði ekki bjargað hvort eð var.⁶

⁶ Nielsen, „Inledning“, iii–lx. – Feldebæk, *Danmark-Norge 1380–1814*, 128–37, 338–42. – Langholm, „The New Nationalism“, 139–52.

Vitneskja íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn um háskólann í Kristjaníu hvatti þá til dáða í háskólamálinu, en það virðast þó frekar hafa verið nýjar kenningar um þjóðerni og þjóðlega menntun sem kyntu undir áhuga þeirra á endurskoðun íslenska skólakerfisins. Í bænarskránni um þjóðskólann var því haldið fram, eins og



áður sagði, að menntun yrði engri þjóð að gagni nema hún væri þjóðleg, því að útlend menntun megnaði ekki að vekja fólk til andlegs lífs eða efla með því viljann til framfara. Þessi hugmynd var greinilegt afsprengi þýskrar hughyggju, í anda manna á borð við heimspekinginn Johann Gottlieb Fichte, en kenningar hans voru velþekktar og vinsælar í Danmörku á fyrri hluta 19. aldar.⁷ Fichte var sérlega umhugað um að þjóðir varðveittu upprunaleg tungumál sín, sem þróast hefðu með þeim í sambúð þeirra við löndin sem fóstruðu þær – í samhengi við „raunverulegt líf“ þjóðarinnar – því að, sagði hann í frægum ræðum sem hann flutti í Berlín veturinn 1807–08, „orðin í slíkum tungumálum í öllum þáttum sínum eru líf og skapa líf“. Aftur á móti „gengu andleg menntun [þý. *geistige Bildung*] og lífið hvort sína leið“ hjá þjóðum sem glatað höfðu upprunalegu tungumáli sínu, því að þar var samband táknkerfisins (tungumálsins) og þess sem táknin (orðin) vísuðu til, hvort sem þar var um að ræða fyrirbæri í umhverfinu eða mannlegar tilfinningar, byggt á gæðþótta (þý. *willkürlich*) og ógagnsætt frekar en lífrænt og eðlilegt. Öfugt við þetta, sagði Fichte, þá mynduðu menntun og tungumál lífræna heild hjá þeim þjóðum sem töluðu upprunaleg tungumál og þar sem menntun þeirra fór fram á þjóðtungunni.⁸ Slík tenging var nauðsynleg ef rækta átti lifandi menningu með þjóðinni og leiða hana til varanlegs þroska. Úr þessari átt kom greinilega áhersla Hafnar-Íslendinganna á lífræna menntun þjóðskólans.

Kröfur um íslenska embættismannamenntun voru einnig studdar hagkvæmnisrökum, því að ýmsum fannst að háskólanám í Kaupmannahöfn nýttist íslenskum embættismönnum illa í starfi sínu á heimaslóðum. Nám við erlendan háskóla hlaut að miðast við þær aðstæður sem þar ríktu, sögðu sumir, og tók danskt háskólanám því ekki mið af þörfum Íslendinga eða menningu. Íslensk lög voru ólík dönskum lögum, benti höfundur greinar í tímaritinu *Norðurfara* á, en það kom út í Kaupmannahöfn á árunum 1848–49 í ritstjórn stúdentanna Gísla Brynjúlfssonar og Jóns Thoroddsen, og íslensk lög voru ekki kennd við Kaupmannahafnarháskóla. Hættan var því sú að ef íslenskir embættismenn menntuðust í Danmörku, þá ryddu dönsk lög íslenskum burt. Einnig óttuðust menn að íslensk lög þróuðust ekki í takt við tímann ef þeim væri stjórnað af dönskum embættismönnum sem hvorki þekktu til íslenskra lagahefða né höfðu hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Til að forða því að íslenskur „lagastofn ... gjörsamlega visni og fúni“, skrifaði greinarhöfundur, þá var


⁷ Lundgreen-Nielsen, „Grundtvig og danskhed“, 162–64.

⁸ Fichte, *Reden an die deutsche Nation*, 4. ræða, 113–44.



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.2 AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Íslendingar voru fátækastir allra Norðurlandþjóða um 1870, þótt Finnar og Norðmenn tækju þeim ekki langt fram, og Íslendingar teljist hafa farið örlítið fram úr Finnum 1911. Í Danmörku aflaði hver einstaklingur næstum helmingi meiri verðmæta hvort árið sem miðað er við.



mikilvægt að stofna til lagakennslu á Íslandi „til þess að láta kenna þar þau lög, sem hvergi eru eða munu verða kennd annarsstaðar, og hvergi er eins ártíðandi að numin sjeu eins og þar“. Svipað mátti reyndar segja um læknakennsluna í Kaupmannahöfn, að mati greinarhöfundar, því að hún tók alltof mikið mið af dönskum aðstæðum. Læknar sem sneru heim að loknu námi í Kaupmannahöfn höfðu hlotið þjálfun í að eiga við danska sjúkdóma frekar en íslenska, og starf þeirra kom því ekki að jafnmiklu gagni og ef menntun þeirra hefði miðast við íslenskar aðstæður.⁹

Ekki tóku allir Íslendingar undir slíkan málflutning. Þannig var stundum bent á að háskólamenntun væri alls ekki eins staðbundin og höfundur greinarinnar í Norðurfara vildi vera láta, því að vísindalegt nám gengi ekki síst út á að læra almennar reglur vísindanna sem beita mætti alls staðar og við ýmiss konar aðstæður. Þetta var kjarninn í máli Oddgeirs Stephensen, skrifstofustjóra í íslensku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn, sem svaraði Norðurfaragreininni í „stjórnarblaðinu“, Reykjavíkurbóstinum. Þótt Oddgeir viðurkenndi fúslega að kennslu í íslenskum lögum væri ábótavant við háskólann í Kaupmannahöfn, þá sæju allir að íslenskir laganemar gætu „eins og hverjir adrir, numid [þar] það sem mest er í varid, grundvallarreglurnar og það sem almennt er í kennslunni, og eins það, sem sameiginlegt er í íslenskum og dönskum lögum“. Þetta myndi gera þá að betri lögfræðingum þegar til Íslands kæmi, þótt þeir hefðu ekki alla íslenska lagakröka eða íslenska réttarsögu á hraðbergi.

⁹ *Norðurfari I* (1848), 1–6.



Sama mátti segja um guðfræðina, því Oddgeir gat ekki betur skilið „enn ad hin kristilegu sannindi, sem kennd eru, hljóti ad eiga eins vel vid á Íslandi og annarstadar, þar sem kristileg trú er tídkud“. Því væri út í hött að tala um *íslenska* guðfræði. Að síðustu sagðist hann „aldrei [hafa] heyrnt né heldur ordid [var] vid, ad þar [á Íslandi] væru neinir sérstakir sjúkdómar, sem ekki eru til annarstadar“; meinsemdir eins og holdsveiki væru vissulega fátíðari í Danmörku en á Íslandi, en hún væri alþekkt og útbreidd í ýmsum öðrum Evrópulöndum, og því væri engin hættu á að læknanemar lærðu ekki að þekkja og meðhöndla slíka sjúkdóma við háskólann í Kaupmannahöfn. Af þessum sökum nýttist háskólamenntun þar í borg íslenskum stúdentum ekkert síður en dönskum.¹⁰

Það var þó helst fátækt þjóðarinnar og strjál byggð sem menn settu fyrir sig þegar rætt var um stofnun háskóla á Íslandi. Þannig fagnaði óþekktur höfundur greinar sem birtist í Reykjavíkurbóstunum vaxandi áhuga Íslendinga á að standa straum af eigin stofnunum, en um leið varaði hann við því að menn hefðu „oftraust á eigin krøptum, og stingi upp á ýmsu, sem þegar rétt er skodad, hlýtur ad vera oss um megn ad koma áleidis, en það ríður á miklu, ad vér ekki flædum á þessu skeri“. Fátækt land eins og Ísland yrði að sníða sér stakk eftir vexti og landsmenn hlytu því að sætta sig við að geta ekki gert ýmislegt sem auðgari lönd ættu hægt með að framkvæma. Að hans mati var stofnun háskóla einmitt dæmi um fyrirtæki sem Íslendingum væri fullkomlega ofviða að koma á fót:

Peir sem bera skyn á hvad önnur eins vísindastiptun og sú, sem hér rædir um, þarf af áhöldum og kennurum, eigi hún ad vera nokkurnveginn úr gardi gjórd, mun játa, ad Íslandi sé það ofvaxid, eins og efnahag þess er varid, ad standa straum af slíkri stofnun ... Svo fátæk og fámenn þjóð eins og Íslendingar eru, getur ekki komid upp og annast af eigin efnum adra eins stiptun og háskóli er, og það er því eintómur hugarburdur ad hugsa fram á ad slíku fyrirtæki geti ordid hér framkvæmt ... En þó nú efnahag landsins væri svo háttad, ad slíkri vísindastofnun yrði komid hér á fót, ætlum vér því fé sem til þess væri varid, betur mundi varid til einhvers annars, sem landid vanhagar um; vér ætlum nefnilega, ad hér geti ekki dafnad neitt sannkallad mennta líf, þar sem allt er svo á strjálíngi eins og hér hjá okkur ...

¹⁰ *Reykjavíkurbósturinn* maí 1849, 121–31.



Niðurstaða höfundar var því sú að hugmyndir um íslenskan háskóla væru ekkert annað en misskilin fæðurlandsást og íslenskir nemendur myndu aldrei láta sér lynda þá menntun sem þeim byðist við slíka stofnun. Í „þessa fæðurlands ást þykir oss lítid varid“, sagði höfundur greinarinnar að lokum, „því oss stendur stuggur af allri hálfmenntun; hún er eins og hús á sandi byggt, og aldrei getur borid heilladrjúga ávexti, hvorki fyrir land né lýd“.¹¹

Þessi skrif og umræður um háskólamenntun á Alþingi sýna að þegar um miðja nítjándu öld hafði kviknað einlægur áhugi á að stofna til æðri menntunar á Íslandi, en um leið staðfesta þær þann vanda sem blasti við landsmönnum á þessum tíma. Þá – eins og svo oft síðan – uxu útgjöld við rekstur menntastofnana mönnum í augum, jafnvel þótt hinir sömu lofuðu aukna upplýsingu og hvettu til þjóðlegrar menntunar sem þeir sáu sem lykil að framförum Íslendinga í andlegum og verklegum eignum. Hér skipti sjálfsgættu mestu að Íslendingar höfðu aldrei lagt mikið til menntunar embættismanna sinna, og þingmenn vildu því fara varlega í að breyta um stefnu í menntamállum þjóðarinnar. Allt frá síðari hluta 17. aldar höfðu íslenskir stúdentar sótt háskólanám sitt að mestu til Kaupmannahafnar, og sú tilhöggun var Íslendingum um margt hagkvæm. Kostnaður við rekstur háskólans lagðist þannig ekki á íslenska skattgreiðendur, og auk þess nutu íslenskir háskólanemar ýmissa fríðinda sem voru langt umfram þau sem danskir samnemendur þeirra gátu vænst.¹² Tómasi Sæmundssyni varð þetta að umtalsefni í bréfi til vinar síns Jónasar Hallgrímssonar haustið 1828, en Tómas var þá að hefja sitt annað námsár við Guðfræðideild Háskólans í Kaupmannahöfn.¹³ Í bréfinu lýsir Tómas aðstæðum sínum í höfuðborginni. Segist hann hafa „enga orsök til að vera óánægður“ með ástand sitt, „því mér sýnast Íslendingar eiga hér svo gott í Danmörku, sem mögulegt er, því við fáum, fyrir utan frí Regens [þ.e. fría búsetu á studentagarðinum í Kaupmannahöfn] og brenni, 12 rdl. gratis á hverjum mánuði og höfum þar á ofan jafnan aðgang með hinum til allra stipendia [styrkja]“. Danskir stúdentar stóðu hér höllum fæti í samanburði við íslenska kollega sína, því að „þeir mega, hvað góðan karakter [einkunnir] sem hafa, og hvað fátækir sem eru, oft bíða 3 og 4 ár, þar til þeir fá nokkuð; þeir öfunda okkur því meira en tali taki“.¹⁴ Nokkrum árum síðar, þegar hann var sestur að á Íslandi og orðinn prestur í Fljótshlíðinni, sá hann Kaupmannahafnarárin í hillungum – þetta voru „dýrmætustu tímarnir, sem við lifum“, skrifar hann í öðru bréfi til Jónasar, og sagðist vilja gefa „5 dali, fyrir hvern dag, sem jeg mætti vera þar“.¹⁵

¹¹ *Reykjavíkurbósturinn* sept. 1848, 177–84.

¹² Sigfús Blöndal, „Úr sögu Garðs og Garðbúa“, 55–73. – Aðalgeir Kristjánsson, *Nú heilsar þér á Hafnarlóð*, 11–19. – Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson I*, 77–160.

¹³ Páll Valsson, *Jónas Hallgrímsson*, 33–48.

¹⁴ Tómas Sæmundsson, *Bréf*, 45–46 (1. okt. 1828).

¹⁵ Jón Helgason, „Útdráttur úr brjefum sjera Tómasar Sæmundssonar“, 188 (Tómas Sæmundsson til Jónasar Hallgrímssonar, 1. feb. 1839).



Þótt þessi atriði séu ekki beinlínis nefnd í umræðum um þjóðskólann á Alþingi árið 1845, þá ýtti óttinn við að útgjöld hins opinbera lentu í auknum mæli á Íslendingum sjálfum greinilega undir varkárni þingmanna í háskólamálinu. Allir sem um málefni Íslands fjölluðu á þessum tíma voru sammála um að landið vantaði allt til alls – skóla-kerfi, vegi, viðunandi heilbrigðisþjónustu, innlenda verslun, o.s.frv. – en engin sátt ríkti um það hvernig best væri að kosta nauðsynlegar framkvæmdir eða í hvaða röð þær skyldu koma. Íslenskir framfarasinnar ásökuðu dönsk stjórnvöld um afskiptaleysi í málefnum Íslendinga, en um leið kvörtuðu þeir sáran yfir því að Íslendingar væru alltof sínkir á eigið fé og of gjarnir á að varpa allri ábyrgð á íslenskum framfarumálum á dönsk stjórnvöld. Erfitt reyndist að brjóta þennan vítahring fátæktar, framtaksleysis og ótta við útgjöld, sem hélt aftur af öllu því sem til nýmæla taldist í íslensku samfélagi. Jón Ólafsson, þá ritstjóri blaðsins *Baldurs* í Reykjavík, gagnrýndi landa sína harkalega fyrir þessi viðhorf í bréfi sem hann skrifaði Gísla Brynjúlfssyni sumarið 1870, en Gísli var á þessum tíma styrkþegi Árnasafns í Kaupmannahöfn og var lengi síðan kennari í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla. Tilefnið var fjárkröfur Jóns Sigurðssonar á hendur Dönum, sem Gísli hafði hina mestu skömm á. Jón Ólafsson tók undir gagnrýni Gísla á Jón Sigurðsson og benti á að fjárkröfurnar drægju kjarkinn úr Íslendingum og ykju vantrú þeirra á eigin kröftum. „Eða er það ekki hörmulegt,“ skrifaði hann, „að þjóð, sem vill vera frjáls, skuli ekki að minnsta kosti fyrirverða sig, að játa að hún geti ekkert – alls ekkert, er fje þarf til, nema að láta stjórnina gera alt. ... Vilji nú ekki stjórnin fara að gjöra það hjer, sem *stjórnir* aldrei gjöra í nokkru landi – ja, svo leggja menn árar í bát, segja sjer sje varnað allra framfara, o.s.frv.“¹⁶

Það var við slíkar aðstæður sem háskólamál voru rædd á Íslandi á síðari hluta 19. aldar, og því var vart við að búast að þróunin yrði hröð eða skrefin sem stigin væru stór. Árið 1850 töldust Íslendingar rétt innan við 60.000, og íbúar Reykjavíkur rétt fylltu þúsundið.¹⁷ Samkvæmt útreikningum um verga landsframleiðslu var Ísland fátækast Norðurlanda á síðari hluta 19. aldar, þótt Finnland og Noregur væru reyndar ekki langt undan, og svipað ástand hélst langt fram á 20. öld.¹⁸ En þrátt fyrir fátækt, áhugaleysi almennings á æðri menntun og landlægan ótta við opinber útgjöld þá þokuðust málefni embættiskennslunnar þó áfram á Íslandi á síðari hluta 19. aldar, þótt hægt færi.

¹⁶ KB. Nks. 3263, 4^o, kapsel V. (Jón Ólafsson til Gísla Brynjúlfssonar, 23. júní 1870).

¹⁷ *Hagskinna*, 49, 66.

¹⁸ Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing*, 174–79, 386.



2. Íslenskir embættismannaskólar

Ein af hugmyndum Jóns Sigurðssonar og féлага í fyrrnefndri bænar-skrá um þjóðskóla var, eins og áður sagði, að stofnaðir yrðu þrír sér-skólar á Íslandi til að mennta íslenska embættismenn. Þessi tillaga varð að veruleika í þremur áföngum á rúmlega sex áratuga tímabili, eða frá stofnun Prestaskólans árið 1847 til stofnunar Lagaskólans árið 1908. Þessir skólar, ásamt Læknaskólanum, sem stofnaður var árið 1876, voru allir starfræktir í Reykjavík og runnu að mestu óbreyttir inn í Háskóla Íslands við stofnun hans. Saga þeirra tengist því sögu Háskóla Íslands órjúfandi böndum.

Elsti embættismannaskólinn, Prestaskólinn í Reykjavík, var stofnaður með konunglegri tilskipun sem gefin var út hinn 21. maí 1847,¹⁹ og hóf hann starfsemi í október sama ár. Í skólann innrituð-ust fyrsta haustið átta nemendur, og við hann störfuðu í byrjun tveir fastir kennarar, forstöðumaðurinn dr. Pétur Pétursson, áður sóknar-prestur að Staðarstað á Snæfellsnesi og síðar biskup yfir Íslandi, og Sigurður Melsteð, guðfræðingur og aðjunkt við Latínuskólann í Reykjavík. Strax við upphaf annars starfsárs skólans bættist þriðji kennarinn í hópinn, Hannes Árnason guðfræðingur, en hann kenndi heimspekileg forspjallsvísindi og heimspeki við Prestaskólann um langt árabil.²⁰ Þar með voru þrír fastir kennarar við skólann, og hélst sú skipun allt þar til hann var lagður af þegar Háskóli Íslands var stofnaður. Auk þeirra kenndu lengst af tveir stundakennarar við skólann, eða aukakennarar eins og þeir voru almennt nefndir, lög-fræðingur, sem kenndi kirkjurétt, og „söngfróður maður“ sem sagði prestsefnunum til í sálmasöng og tóni.

Fram að stofnun Prestaskólans naut yfirgnæfandi meirihluti íslenskra klerka engrar formlegrar menntunar umfram námið við Latínuskólann eða ígildi þess í heimaskólum.²¹ Að þessu leyti stóð íslensk prestastétt dönskum kollegum sínum langt að baki, því að allar götur frá síðari hluta 16. aldar fékk enginn prestur brauð í Danmörku fyrr en að afloknu prófi frá Guðfræðideild Kaupmanna-hafnarháskóla.²² Háskólamenntaðir prestar voru aftur á móti fáir á Íslandi, þótt þeir nyttu forgangs þegar kom að því að veita bestu brauð kirkjunnar hér á landi. Hér ber að hafa í huga að prestar á fyrri tíð voru ekki aðeins sálusorgarar og leiðtogar sóknarbarna sinna í trúarlegum efnum, heldur gegndu þeir einnig lykilhlutverki í íslenskri alþýðumenntun. Góð menntun presta skipti því miklu máli fyrir uppfræðslu almennings á Íslandi. Hér var mest um vert


¹⁹ *Lovsamling for Island XIII*, 702–23.

²⁰ „Skýrsla um ástand prestaskólans“, 28–40. – Um sögu Presta-skólans, sjá annars Benjamín Kristjánsson, *Íslenskir guðfræðingar 1847–1947 I*, 11–262.

²¹ Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan*, 94–100.

²² Lausten, „Københavns Universitet 1537–1588“, 96.






Prestaskólinn hóf starf sitt í tveimur stofum á annarri hæð í suðurenda húss Lærða skólans við Lækjargötu í Reykjavík. Önnur stofan var ætluð til kennslu, hin sem svefnstaður tíu guðfræðinema. Þar er upphaf náms á háskólastigi á Íslandi.

að barnaskólar voru, ólíkt því sem tíðkaðist í flestum nágrennalandanna, nær óþekkt fyrirbæri á Íslandi fram á síðari hluta 19. aldar, og kennsla barna fór því nær eingöngu fram í heimahúsum. Allt frá því að takmarkaðri fræðsluskyldu var komið á í landinu um miðja 18. öld var prestum ætlað að fylgjast með því að börnin hefðu þá kunnáttu sem talin var nauðsynleg hverju sinni, en það kerfi hefur verið kallað „kirkjuleg heimafræðsla“.²³ Áhugi presta á barnafræðslu gat því skipt sköpum um það hvernig fræðsluskyldunni var fylgt eftir í sveitum landsins.

Að síðustu gegndu sóknarprestar gjarnan forystuhlutverki í sóknum sínum í veraldlegum eignum, enda voru þeir yfirleitt þeir einu sem höfðu notið einhvern formlegrar skólamenntunar í prestaköllum sínum. Þetta var nefnt sérstaklega í konunglegri tilskipun um latínuskóla á Íslandi sem gefin var út árið 1841, en þar sagði m.a. að íslenskir prestar yrðu að hefja sig yfir alþýðuna („Almueklassen“) þannig að þeir gætu orðið „istand til med Held at virke ikke blot som Menighedernes Religionslærere og Sjælesørgere, men og som deres Ledere og Raadgivere i verdslige Anliggender“.²⁴ Slök menntun íslenskra presta var yfirvöldum því mikið áhyggjuefni á fyrri hluta nítjándu aldar. Helgi G. Thordersen biskup gerði þessi mál að umtalsefni í ræðu sem hann flutti við fyrstu setningu Presta-

²³ Loftur Guttormsson, „Fræðsluhefðin“, 20–35. – Sjá einnig Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi* III, 89–92, 309–47.

²⁴ *Lovsamling for Island* XII, 117.



Pétur Pétursson, fyrsti forstöðumaður Prestaskólans.

skólans haustið 1847. Benti hann þar á hversu „óviðurkvæmilegt“ það væri, „ef næstum því enginn undirbúningur væri við hafður undir eitthvert hið vandasamasta og mest áriðandi embætti [á Íslandi], gagnstætt því, sem við gengst í öllum síðuðum löndum“. Gagnrýndi hann þá sem höfðu horft í kostnaðinn við stofnun skólans, því það væri von sín að

með því að auka menntun prestanna útbreiði [skólinn] einnig um landið vaxandi þekkingu, siðgæði og smekk, og að sínu leyti stuðli til þess, að guðs ríki eflist meðal vor, og að þeir verði æ fleiri og fleiri, sem taki sig saman til að vinna að sjerhverju góðu og nýtsömu verki í drottni, því kristileg menntan er það band, sem sameinar alla góða og skynsama menn í einum anda til almennilegrar uppbyggingar.²⁵

Þótt bænarskrá Alþingis um endurbætur á Latínuskólanum og eflingu prestsmentunar á Íslandi árið 1845 hafi örugglega ýtt við stjórnvöldum þá voru hugmyndir um umbætur í skólamálu íslenskra prestsefna alls ekki nýjar af nálinni. Svipaðar tillögur höfðu þegar verið ræddar í tengslum við endurskipulagningu Latínuskólans á Bessastöðum árið 1806, þótt lítið yrði um framkvæmdir fyrir en nær fjórum áratugum síðar.²⁶ Helsta markmið framfaramanna þá var að laga skólann að nýlegum umbótum á sambærilegum skólum í öðrum hlutum dansk-norska konungsríkisins þannig að íslenskir skólapiltar stæðu jafnfætis samnemendum sínum þegar þeir hæfu nám við háskólann í Kaupmannahöfn. Ætlunin var að Bessastaðaskóli skiptist í þrjá bekk í stað tveggja áður, en þar til viðbótar átti að koma á sérstöku námi við skólann fyrir tilvonandi presta sem ekki hefðu hug eða tök á að sigla til Kaupmannahafnar. Námið kallaðist „Selecta“ í skrifum skólastjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, en það heiti mun hafa verið notað um efsta bekk í sumum þýskum lærdómsskólum á þessum tíma.²⁷ Meiningin var því greinilega ekki að stofna sérstakan prestaskóla á Íslandi, heldur frekar að bæta prestsmentunina í nýjum lærðum skóla. Þessi tilraun til endurbóta á Latínuskólanum komst þó ekki til framkvæmda, því að bekkirnir í Bessastaðaskóla urðu aldrei fleiri en tveir, og hinn sérstaki prestabekkur varð ekki að veruleika.²⁸ Þetta olli nokkurri óánægju hjá sumum frumkvöðlum íslenskrar sjálfstæðisbaráttu, sem sést t.a.m. í skrifum Baldvins Einarssonar,

²⁵ Helgi G. Thordersen, „Ræða við vígslu prestaskólans“, 11.

²⁶ *Lovsamling for Island VII*, 76–80.

²⁷ Dahl og Dahl, *Ludvig Meyers Fremmedordbog*, 976.

²⁸ Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan*, 49–77.

Tómasar Sæmundssonar og Jóns Sigurðssonar, en þeir kröfðust allir verulegra umbóta á Latínuskólanum.²⁹ Fyrsta greinin í tímariti Jóns Sigurðssonar, Nýjum félagsritum, var einmitt aðsend hugvekja um stofnun prestaskóla á Íslandi sem átti að bæta úr allsendis ónógum undirbúningi íslenskra prestsefna.³⁰ Hvort sem það var fyrir gagnrýni þessara manna eða af einskærum umbótaáhuga danskra kontórista þá hófst áköf umræða um íslensk skólamál í dönskum ráðuneytum um miðjan fjórða áratug 19. aldar, sem endaði með flutningi Bessastaðaskóla til Reykjavíkur og endurskipulagningu Latínuskólans árið 1846.³¹ Stofnun Prestaskólans ári síðar var rökrétt framhald þessara breytinga, og segja má að þar með hafi vilji stjórnarinnar, sem birtist í tilskipuninni frá 1806, loksins komið til framkvæmda.

Með þessum breytingum urðu verulegar umbætur á íslenskrí skólamenntun þótt skoðanir væru skiptar um hvers konar skóli Prestaskólinn ætti að vera og hvers konar menntun hann ætti að veita – eða veitti í raun. Árið 1842 fagnaði t.a.m. óþekktur greinarhöfundur í Skírni því að flytja átti Latínuskólann til Reykjavíkur „og við hliðina á honum stofnsettur nokkurs konar presta háskóli“, eins og hann orðaði það. Vænti hann þess að hinn nýi skóli yrði aðeins fyrsta skrefið að frekari umbótum í menntamálum þjóðarinnar, því að hann sá Prestaskólann fyrir sér sem fyrsta vísi þess að Íslendingar fengju „hæri skóla“ með tímanum.³² Ekki gerðu þó allir sér slíkar grillur um hinn nýja skóla. Oddgeir Stephensen skrifstofustjóri neitaði því þannig í áðurnefndri grein í Reykjavíkurbóstunum að nám við Prestaskólann jafngilti háskólanámi eða skólinn stæði á nokkurn hátt jafnfætis háskólanum í Kaupmannahöfn. Prestaskólinn í Reykjavík myndi vissulega bæta mjög undirbúning prestsefna á Íslandi, en ekki væri „við því að búast, að kennslan í prestaskólanum verði á bord við háskólakennslu, því til þess eru þar offáir kraptar í samanburði við þá, sem hér [í Kaupmannahöfn] eru, og kennslutíminn of stuttur“.³³

Slík vantrú á starf Prestaskólans fór mjög fyrir brjóstið á Pétri Péturssyni, fyrsta forstöðumanni skólans, því að hann óttaðist að hún myndi draga úr tiltrú almennings til skólans. Þess vegna mótmælti hann því eindregið að litið væri á skólann sem einhvers konar neyðarúrræði fyrir þá sem sökum fátæktar eða takmarkaðra námshæfileika treystu sér ekki til að sigla til Kaupmannahafnar, því að þótt námstíminn við Prestaskólann í Reykjavík væri styttri en við Guðfræðideild Kaupmannahafnarháskóla, og þótt „háskóla-

- ²⁹ Sbr. *Lbs.* 193 fol. Baldvin Einarsson, „Tanker om det lærde Skolevæsen i Island“. – Tómas Sæmundsson, *Island fra den intellectuelle Side betragtet*. – Jón Sigurðsson, „Um skóla á Íslandi“. – Nanna Ólafsdóttir, *Baldvin Einarsson*, 67–93.
- ³⁰ [Ólafur Pálsson], „Um prestaskóla á Íslandi“, 1–12. – Páll Eggert Ólason getur sér þess til að greinin sé að stofni til eftir Ólaf Pálsson, sem þá var guðfræðistúdent í Kaupmannahöfn en varð síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík; Páll E. Ólason, *Jón Sigurðsson I*, 252–70, 422. – Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson I*, 226–38.
- ³¹ *Lovsamling for Island XII*, 110–35; XIII, 389–414.
- ³² *Skírnir XVI* (1842), 108–09.
- ³³ *Reykjavíkurbósturinn* maí 1849, 127.

kennendurnir [væru] að líkindum meiri vísindamenn enn kennendurnir við prestaskólann“, þá fannst honum að náð samband kennara og nemenda í Prestaskólanum og fábreytni íslensks samfélags gerði það að verkum að tveggja ára nám í Reykjavík reyndist allt eins notadrjúgt fyrir nemendur og fjögur ár í Kaupmannahöfn.³⁴

Stjórnendur Prestaskólans stóðu hér frammi fyrir sama vanda og átti eftir að plaga æðri menntastofnanir á Íslandi um langa hríð. Sökum smæðar stofnunarinnar, lélegrar aðstöðu og takmarkaðra fjárveitinga stóð Prestaskólinn höllum fæti gagnvart gamalgróinni og fullburða vísindastofnun á borð við Kaupmannahafnarháskóla. Um miðja 19. öld voru þannig fimm prófessorar við Guðfræðideildina í Kaupmannahöfn, og á árunum 1849–53 útskrifaði deildin að jafnaði tæplega 34 nemendur á ári, eða um tífalt fleiri en útskrifuðust frá Prestaskólanum í Reykjavík á sama tíma.³⁵ Prestaskólinn hlaut því að standa Guðfræðideildinni í Kaupmannahöfn langt að baki sem vísindastofnun. Það þýddi þó ekki, að mati Péturs Péturssonar, að skólinn gæti ekki sinnt hlutverki sínu af þrýði sem embættismannaskóli. Í athyglisverðri hugvekju, sem birtist árið 1849 í málgagni hans, *Lanztíðindum*,³⁶ benti hann á að þótt íslensk embættismannaefni þyrftu sannarlega að læra helstu kjarnaatriði vísindanna þá skipti þó meira máli að búa þau undir að takast á við starf embættismannsins. Fyrir íslenska embættismenn væri aðalatriðið að menntun þeirra færi fram á Íslandi, á íslensku máli og að hún miðaðist við íslenskar aðstæður. „Þegar talað er um þetta mál yfirhöfuð og einsog það er í sjálfu sjer,“ skrifaði hann, „þá held jeg allir verði að játa, að sú kjennsla er fullkonnust, sem er þjóðleg, sem veitir hinu almenna vísindalífi í þjóðlegan farveg, og hugsar og talar máli sinnar þjóðar og lætur hin algyldu sannindi drekka í sig þann einkjennilega lífsvökva, sem rennur um líkama hverrar þjóðar og gjörir hana að þjóð útaf fyrir sig“. Að þessu leyti tók Pétur undir þær röksemdir sem birtust í tillögum Hafnar-Íslendinganna um þjóðskólann – þ.e.a.s. menntakerfi áttu að taka mið af lífi og hefðum hverrar þjóðar. Honum fannst þó ekki að hlutverk skólans væri aðeins að veita þjóðlega menntun heldur átti hann ekki síður að breyta hugsunarhætti þjóðarinnar og opna vísindunum leið inn í íslenskt tungumál og samfélag. „Vísindalífið hefur aldrei verið almennt hjá okkur“, segir hann, „af því það hefur ekki getað brotist út í málinu; það hefur lifað í einstöku mönnum og dáið út með þeim af því það hefur ekki komist í lifandi samband við menntun almennings; en þegar það með stofnun embættismanna skóla í landinu

³⁴ *Reykjavíkurbósturinn* okt. 1848, 6–8.

³⁵ Petersen, „København's Universitet 1848–1902“, 279.

³⁶ *Lanztíðindi* 5. nív. 1849, 23–24.

sjálfu kjemst inní málið, þá verður það þjóðlegt og getur ekki dáíð út aptur“. Hann óttaðist heldur ekki að stofnun embættismannaskóla myndi einangra Ísland; þvert á móti myndi skólinn auka áhuga landsmanna á menningu annarra þjóða og opna leið þeirra til umheimsins:

það er líka einkjenni vísindanna, þarsem þau eru búin að festa rætur í þjóðlífinu, að þau una því ekki að lifa í innikreptu lopti, heldur er þeim samfara ást á vísindunum og laungun eptir að kynna sjer hugmyndaheim annara þjóða; það þarf því hvorki að óttast fyrir, að ekki mundu alltaf verða nógu margir til að sigla, þó embættismanna skólar kjæmust hjer á, eða að kjennendur skólanna læsu ekki þær helstu bækur, sem erlendis og einkanlega í Danmörk kjæmu út í hverri vísindagrein og rinnu þá þær nýu hugmyndir, er þannig kjæmu inní landið, sjálfkrafa saman við vísindi þau, sem hjer væru fyrir, þegar þær findu samkynja hugmyndir í málinu.³⁷

Embættismannaskólar lögðu því, að mati prestaskólastjórans, grundvöll undir íslenskt vísindastarf og veittu nýjum hugmyndastráumum frá útlöndum inn í íslenskt samfélag.

Krafan um stofnun læknaskóla á Íslandi var studd svipuðum rökum og heyðust við undirbúning Prestaskólans, en þó voru forsendur læknakennslu nokkuð aðrar en við menntun presta. Bæði var aldalöng hefð fyrir því að klerkar lærðu við íslenska skóla, og praktísk þjálfun þeirra krafðist ekki mikillar aðstöðu. Læknakennsla var aftur á móti að mestu óþekkt á Íslandi, þótt íslenskir landlæknar hafi tekið nokkra nemendur í læri fyrstu áratugina eftir stofnun embættisins árið 1760. Á þessum tíma var heldur ekkert sjúkrahús starfrækt á Íslandi til að sjá um klíníska menntun læknanemanna, og því var útilokað að veita verðandi læknum fullnægjandi starfsþjálfun hér á landi.³⁸ Miklar breytingar urðu á læknánámi í Danmörku á 19. öld, en fram að þeim tíma fór klínísk og fræðileg menntun lækna fram í tveimur stofnunum í Kaupmannahöfn. Háskólinn sinnti aðeins fræðilega þættinum, en Konunglega skurðlæknaakademían (*Det kongelige kirurgiske Akademi*) sá um verklega spítalaþjálfun.³⁹ Skömmu fyrir miðja 19. öld voru þessir tveir þættir læknánámsins sameinaðir í Læknadeild Kaupmannahafnarháskóla þegar „kirúrgíska akademíið“, eins og það var yfirleitt nefnt á Ís-

³⁷ *Lanztíðindi* 5. nív. 1849, 24.

³⁸ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, „Inngangur“, 45–52.

³⁹ Møller-Christiansen og Gjedde, „Det medicinske Fakultet 1479–1842“, 52–85.



Jón Hjaltalín landlæknir var fyrsti forstöðumaður Læknaskólans ásamt landlæknisembætti sínu.

landi, var lagt niður. Með þeirri ráðstöfun tengdist hinn klíníski undirbúningur á spítölum fræðilegu námi í háskólanum traustari böndum en áður. Þessi sameining tók nokkurn tíma, en upp úr 1870 var þjálfun á spítala orðin fastur liður í öllu læknánámi við háskólann í Kaupmannahöfn.⁴⁰ Á meðan enginn spítali var starfræktur á Íslandi vantaði alla aðstöðu hér á landi til verklegrar þjálfunar læknanema, og því voru stjórnvöld treg til að samþykkja stofnun íslensks læknaskóla. Á móti kom að þörfin fyrir innlenda læknakennslu var brýn vegna tilfinnanlegs læknaskorts í landinu. Jón Sigurðsson benti á þennan vanda strax á hinu fyrsta Alþingi, þar sem hann fullyrti að aldrei yrði leyst úr læknaskortinum fyrir en læknamenntunin flyttist inn í landið.⁴¹ Í læknaskólamálinu tókust á tvær ólíkar stefnur, skrifaði hann eitt sinn, önnur dönsk en hin íslensk: „önnur er byggð á vísindalegum hugmyndum og háskólakröfum, en hin er byggð á þörfum landsins og ástandi, og efnun þeim sem fyrir hendi eru, þegar enginn styrkur fæst úr ríkissjóðnum“.⁴² Íslenska stefnan gekk út á það að stofna læknaskóla á Íslandi sem fyrst, þótt hann uppfyllti ekki ströngustu kröfur um vísindalega háskólakennslu, því að á annan hátt yrðu aldrei menntaðir nógu margir íslenskir læknar til að tryggja viðunandi læknisþjónustu hér á landi. Landið var víðlent, fámennt og fátækt, og reynslan sýndi að kandidatar frá Kaupmannahafnarháskóla sóttust ekki eftir hinum rýru embættum sem í boði voru hér á landi.⁴³ Vildi Jón byrja smátt með því að gefa landlækni leyfi til að kenna læknaefnum og þá væri „tími til að fá ... spítalavísir á fót“. Þetta myndi síðan kalla á annan kennara og að lokum kæmi svo „kennari sem annast yfirstjórn læknaskólans og spítalans, því landlæknir kemst þá ekki yfir það lengur. Þá höfum vér fengið læknaskóla, sem vér getum haft gagn af“.⁴⁴

Möguleg stofnun spítala í Reykjavík og læknaskóla með tveimur læknum auk landlæknis var rædd á fyrstu tveimur þingum Alþingis (1845 og 1847) í tengslum við tillögur Jóns Sigurðssonar að breytingum á læknaskipun á Íslandi. Ekki treysti þingið sér til að samþykkja svo róttækar breytingar og því dagaði málið uppi á fyrra þinginu, en á hinu síðara var einungis samþykkt óljós bænarskrá til konungs þar sem óskað var „að hér yrði sett læknakensla í landinu, þegar efni væri fyrir hendi“. Á móti fór þingið fram á að bætt yrði úr sárasta læknaskortinum með menntun aðstoðarlækna sem fengið hefðu lágmarkstilsögn í heilbrigðismálum, annaðhvort hjá landlækni eða

⁴⁰ Brøchner-Mortensen, „Det lægevidenskabelige Fakultet 1842–1979“, 91–98.

⁴¹ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1845, 48.

⁴² Jón Sigurðsson, „Um læknaskipunar málið“, 139.

⁴³ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, 570–71.

⁴⁴ Jón Sigurðsson, „Um læknaskipunar málið“, 158–59.

héraðslæknum.⁴⁵ Stjórnin féllst á þessa beiðni, en í bréfi dómsmálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn var skýrt tekið fram að hér væri ekki um eiginlega læknaekennslu að ræða heldur væri hlutverk aðstoðarlæknanna einungis að veita einfalda hjálp í neyðartilfellum.⁴⁶ Nokkrir nemendur nutu slíkrar kennslu á næstu árum, en þessi tilraun virðist þó að mestu hafa runnið út í sandinn sökum lítils áhuga á náminu.⁴⁷

Áætlanir um íslenskan læknaekennslu strönduðu á því að hvorki þing né stjórn höfðu trú á því að fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir slíku fyrirtæki. Þar að auki lagðist þáverandi landlæknir, Jón Thorstensen, eindregið gegn málinu á þingi árið 1847, á þeirri forsendu að útilokað væri að veita læknaefnum fullnægjandi þjálfun í landi þar sem enginn eiginlegur spítali væri starfræktur – og hann taldi, og vitnaði þar í eigin reynslu, að útilokað væri að reka sjúkrahús á Íslandi. Ekki gat hann heldur séð „hvaðan ætti að fá lík til líkskurðar hér í landi, hvar allir menn eru frjálsir og ekkert tukthús er; því lík fá menn ei í öðrum löndum til líkskurðahúsa, nema af sakamönnum“.⁴⁸ Eftirmaður Jóns Thorstensen í starfi landlæknis, Jón Hjaltalín, var á allt öðru máli, enda hafði hann lengi verið mjög áfram um stofnun læknaekennslu og sjúkrahúss á Íslandi.⁴⁹ Tókst honum með harðfyllgi að fá Alþingi til að samþykkja árið 1859 bænarskrá til konungs þar sem farið var fram á að bæði skóla og spítala yrði komið á í Reykjavík til að bæta úr sárasta læknaekenninum á Íslandi.⁵⁰ Stjórnin synjaði beiðninni með úrskurði sem hún birti þinginu tveimur árum síðar,⁵¹ en hafði þó þegar samþykkt að leyfa Jóni Hjaltalín að hefja læknaekennslu á eigin vegum í Reykjavík.⁵²

Jón Hjaltalín landlæknir hóf skipulega læknaekennslu í Reykjavík haustið 1860, og lauk fyrsti nemandinn læknaprófi eftir þriggja ára nám í september 1863.⁵³ Frá upphafi var litið á þessa tilhögun sem „bráðabirgðarráðstöfun, er gjörð sé vegna sérstaklegra kringumstæðna“, eins og sagði í skýrslu dómsmálastjórnarinnar í Kaupmannahöfn til konungs árið 1862,⁵⁴ enda var skipulag skólahaldsins og lokaprófa frekar laust í reipunum. Alþingi endurtók því beiðni sína til konungs um eiginlegan læknaekennslu árið 1867, enn að undirlagi Jóns Hjaltalín, sem starfa átti með svipuðu fyrirkomulagi og Prestaskólinn í Reykjavík;⁵⁵ stjórnin sinni þó ekki þeirri beiðni að sinni. Það var ekki fyrr en á fyrsta löggjafarþingi Íslendinga, sumarið 1875, að málið komst á verulegan skrið. Frumkvæðið kom að þessu sinni frá Benedikt Sveinssyni, sýslumanni Þingeyjarsýslu

⁴⁵ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, 828–31.

⁴⁶ *Lovsamling for Island XIV*, 159–61.

⁴⁷ Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, „Inngangur“, 53–54.

⁴⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, 581–92.

⁴⁹ Jón Hjaltalín, „Um læknaekennipun á Íslandi“, 28–106.

⁵⁰ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1859, 1869–72.

⁵¹ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1861, 10–11.

⁵² Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga I*, 265–69. – *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I*, 716–28.

⁵³ Jón Hjaltalín, „Læknisprófið í Reykjavík“, 1–2. – Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi I*, 322–23.

Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 721n.

⁵⁴ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I*, 721n.

⁵⁵ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1867 II, 546–49.



og tilvonandi forystumanni í stjórnarskrárbaráttunni við Dani, en hann lagði fram frumvarp um stofnun læknaskóla í Reykjavík. Meginhugsunin var, eins og sagði í athugasemdum þingnefndar við frumvarpið, að koma læknakennslunni „á fastari fót, en nú er, svo að hún sje eigi komin undir áhuga landlæknisins eins“.⁵⁶ Málið fékk eindreginn stuðning í þinginu og var samþykkt án teljandi mótstöðu. Í umræðum um málið viðurkenndi Jón Hjaltalín að íslenskur læknaskóli myndi ekki standa samsvarandi stofnunum í útlöndum á sporði, en þörfin fyrir fleiri lækna væri svo brýn að ekki yrði hjá því komist að efla læknakennsluna á Íslandi. Þar sem menntaða lækna skorti „spryttu upp skottulæknar sem gorkúlur á hesthúshaug, mönnum til mikils meins, og reglubundinni lækna-hjálp til hins mesta skaða“, fullyrti landlæknir, og því væri vanbúinn læknaskóli betri en enginn. Nauðsyn bættrar læknaskipunar á Íslandi kom hvað skýrast fram í hörmulegu ástandi í heilbrigðismálum Íslendinga, bætti Jón Hjaltalín við. Geigvænlegur ungbarnadauði bar þessu ástandi ófagurt vitni, en víðast hvar á landinu dóu 30–40% barna á fyrsta árinu, að sögn Jóns, en í Reykjavík, þar sem lækniþjónusta var góð, var ástandið mun skárra því að þar dóu „aðeins“ 19 af hverjum 100 fæddum börnum á fyrsta ári.⁵⁷ Með þessu svaraði landlæknir efasemdum Hilmaris Finsen landshöfðingja sem lagðist gegn frumvarpinu á þinginu, m.a. með þeim rökum að brátt yrðu öll lækniheruð á Íslandi setin og þar með myndi enginn skrá sig í námið, og það yrði því algerlega óþarft um leið og skólinn kæmist á legg.⁵⁸

Landshöfðingi varð undir í þinginu, og Læknaskólinn tók til starfa í byrjun október 1876 samkvæmt reglugerð sem gefin var út í ágúst sama ár. Við skólann störfuðu þrír kennarar; Jón Hjaltalín landlæknir var forstöðumaður skólans, Tómas Hallgrímsson læknir var skipaður fastur kennari við hann, og auk þess var héraðslækninum í Reykjavík, Jónasi Jónassen, gert að sinna kennslu við skólann gegn ákveðinni þóknun.⁵⁹ Samkvæmt reglum átti námið að taka fjögur ár, en kandídatar sem útskrifuðust frá Læknaskólanum voru skyldugir til að ganga á fæðingastofnunina í Kaupmannahöfn að loknu námi til þjálfunar og dvelja að auki í eitt misseri hið minnsta við starfsnám á dönskum spítala áður en þeir fengu fullt lækningaleyfi á Íslandi. Á þennan hátt var reynt að tryggja lækna-nemunum nauðsynlega verklega þjálfun, því að þótt lítill spítali hafi verið settur á fót í Reykjavík árið 1866 gekk rekstur hans

⁵⁶ *Alþingistíðindi* 1875 II, 58.

⁵⁷ Mat Jóns var ekki fjarri lagi, sbr. Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson, „Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771–1950“, 51–107.

⁵⁸ *Alþingistíðindi* 1875 II, 62.

⁵⁹ *Stjórnartíðindi* 1876 A, 40–43, 98–103.



lengst af mjög brösuglega, og á honum var hvorki viðunandi aðstaða né sú sérfræðipækking sem boðið var upp á við sjúkrahúsin í Danmörku.⁶⁰ Af þessum sökum heyrðist sú skoðun oft meðal málsmetandi lækna á Íslandi að rétt væri að leggja niður Læknaskólann í Reykjavík og nýta féð til að styrkja læknaefni til náms í Kaupmannahöfn.⁶¹ En slík gagnrýni átti ekki upp á pallborð landsmanna, því að „[æ]ttjarðarástín okkar er í þeim ham þessi árin,“ svo vitnað sé til Guðmundar Björnssonar, sem þá var héraðslæknir í Reykjavík og kennari við Læknaskólann en síðar landlæknir á Íslandi, „að hún vill hvorki heyra það nje skilja; hún vill sníða okkur stakkinn eptir vexti stórþjóðanna, hafa hjer háskóla, járnbrautir landsendanna á milli, og þar fram eptir götunum“.⁶²

Yngstur hinna þriggja sérskóla sem runnu inn í Háskóla Íslands árið 1911 var Lagaskólinn í Reykjavík, en hann hafði aðeins starfað í þrjú ár við stofnun Háskólans. Reyndar voru fá mál rædd jafnoft á 19. öld á Alþingi og stofnun lagaskóla, því að frumvörp þess efnis voru flutt, í einhverju formi, á nærfellt hverju einasta þingi frá árinu 1855 þar til konungur lét loks undan og samþykkti lög um lagaskóla í Reykjavík árið 1904.⁶³ Skólinn tók þó ekki til starfa fyrr en fjórum árum síðar, og þá eftir breyttum lögum,⁶⁴ því að nokkurn tíma tók að koma skólanum á fjárlög og fyrir væntanlegan forstöðumann, Lárus H. Bjarnason sýslumann, síðar prófessor við Háskólann og hæstaréttardómara, að búa sig undir starfið.

Tregða stjórnvalda til að verða við eindregnum óskum Íslendinga um sinn eigin lagaskóla kann að koma spánskt fyrir sjónir, ekki síst þegar þess er gætt að hann krafðist ekki fjárfrekrar aðstöðu, og þekking á lögum var rótgróin í landinu. Þar má benda á að þegar heilbrigðisráðið danska hafnaði hugmyndum Íslendinga um læknaskóla árið 1862 rökstuddi það álit sitt með því að þótt „bókin og orðið geti nægt til að mennta sýslumenn og presta eptir þörfum landsbúa, þá sé þetta með öllu ónógt til að mennta lækna“⁶⁵ – en engu að síður voru yfirvöld reiðubúin að samþykkja læknakennslu í Reykjavík á meðan þau stóðu þver gegn öllum hugmyndum um lagaskóla. Í ljósi þess að dönsk stjórnvöld virtust treysta íslenskum lögfræðingum fyllilega til að manna embættisma- og dómskerfið á Íslandi, því að frá upphafi sátu einungis Íslendingar í æðsta dómstól landsins, Landsyfírréttinum, og flestir embættisma- konungs hér á landi voru Íslendingar, má spyrja sig hvers vegna íslenskum lögfræðingum var ekki treyst til að kenna íslenskum lögfræðingaefnum.



Pinghóltsstræti 28 í Reykjavík þar sem Lagaskóli Íslands starfaði á árunum 1908–11.

⁶⁰ Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, 297–445.

⁶¹ Sjá t.d. Ásgeir Blöndal, „Um afnám læknaskólans í Reykjavík“, 149.

⁶² Guðmundur Björnsson, „Um endurbætur á læknaskipun landsins“, 55–56.

⁶³ *Stjórnartíðindi* 1904 A, 8–9. – Ármann Snævarr, „Um lagaskólann“, 8–20.

⁶⁴ *Stjórnartíðindi* 1907 A, 222.

⁶⁵ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* I, 720n.



Lárus H. Bjarnason, fyrsti forstöðumaður Lagaskólans og síðar hæstaréttardómari.

Rök stjórnarinnar gegn lagaskólanum voru af ýmsum toga; henni fannst ekki nægileg þörf fyrir hann, ekki væri til fé fyrir skólanum, hæfir kennarar væru ekki fyrir hendi, hætta væri á að íslenskir lögfræðingar einangruðust frá umheiminum ef þeir færu ekki utan til náms, o.s.frv.⁶⁶ Allt voru þetta í sjálfu sér gildar ástæður, því að vissulega voru mikil áhöld um að Íslendingar væru þess megnugir á 19. öld að reka eigin háskólastofnanir. Arnljótur Ólafsson, þá prestur á Bægisá í Öxnadal og þingmaður um árabil, nefndi þetta í bréfi sem hann skrifaði Gísla Brynjúlfssyni vini sínum frá Alþingi árið 1833, rétt í þann mund sem þingið samþykkti fyrst lög um íslenskan háskóla (eða landsskóla eins og skólinn var kallaður á endanum), en Arnljótur var yfirleitt heldur andsnúinn áformum Íslendinga um að stofna háskóla. „Lagaskóli er fagurt nafn“, skrifaði hann, „en með því að embætti lögfræðinga eru svo fá, að varla er hugsandi, að fleiri en svo sem 2 til 4 menn gangi samtíðis í skólann, virðist mér skólanafnið næstum hlægilegt. Fámennið en eigi peningafæð hvers landsbúa gjörir oss rýra og auma. Hvorki læknaskóli né heldr lagaskóli geta þrífist hér fyrr en landsmönnum fjölgar talsvert“.⁶⁷

Í ljósi þess að slíkar mótbárur áttu allar mun frekar við um íslenskan læknaskóla, sem stjórnin samþykkti þó án verulegra mótbára, en lagaskóla þá virðast þær tæplega fullnægjandi til að skýra tregðu yfirvalda. Það sem skipti sjálfsagt mestu máli fyrir ráðamenn var að stjórnin óttaðist að missa tókin á stjórnkerfi sínu hér á landi ef menntun æðstu embættismanna ríkisins á Íslandi flyttist frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og þar með út úr samræmdu kerfi danskrar háskólamenntunar yfir í örs máan sérskóla á jaðri konungsríkisins. Sjálfsagt hafa ráðamenn í Kaupmannahöfn einnig haft í huga að námið á Íslandi færi fram á íslensku, og því hlytu verðandi embættismenn ekki þá þjálfun í dönsku máli, töluðu og rituðu, sem þeir fengu við að stunda nám í Kaupmannahöfn. Allt þetta tengdist því að þótt stjórnvöld sættu sig við að íslenskir prestar og læknar væru menntaðir á Íslandi gegndi allt öðru máli um sýslumenn og dómara, því að starf þeirra skipti ekki aðeins máli fyrir andlega og tímanlega velferð Íslendinga heldur ekki síður fyrir samskipti fjarlægs hluta konungsríkisins við miðstjórnina í Kaupmannahöfn. Á meðan reynt var að halda Íslandi innan ríkisheildarinnar hafði laganámið af þessum sökum verulega pólitíska þýðingu fyrir dönsk stjórnvöld, og því vildu þau ekki sleppa hendinni af því.

⁶⁶ *Stjórnartíðindi* 1830 B, 60–61. – Björn

Þórðarson, *Alþingi og konungsvaldið*, 86–95.

⁶⁷ *KB*. Nks. 3263, 4^o, kapsel V. (Arnljótur Ólafsson til Gísla Brynjúlfssonar 6. ágúst 1833).



Lýðræðisstjórnkerfið sem var innleitt á Íslandi á síðari hluta 19. aldar var einkum bændaveldi, enda voru flestir kjósendur og kaupendur blaða bændur. Þetta bændaveldi birtist meðal annars í því að byggt var myndarlega yfir bændaskóla landsins á meðan embættismannaskólarnir höfðust við í þröngu leigu-húsnæði. Þetta er fyrsta hús bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði sem tók til starfa árið 1889.


Innblásinn málflutningur Benedikts Sveinssonar á Alþingi árið 1881, en hann var lengi einn helsti talsmaður lagaskólamálsins á þingi, hefur örugglega ekki slegið á áhyggjur danskra yfirvalda. Benedikt ítrekaði þar meginrök Íslendinga fyrir innlendri lagamenntun, sem voru þau að kennarar við Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla tækju ekkert tillit til þess í kennslu sinni að íslenskur réttur væri að talsverðu leyti ólíkur hinum danska, ekki síst í öllu því sem viðkom íslenskum atvinnuvegum, íslensk réttarsaga væri ólík danskri og réttartungumálið á Íslandi væri íslenska. Benti hann einnig á að Alþingi hefði fengið löggjafarvald með stjórnarskránni árið 1874, og eftir það hefðu allar aðstæður breyst frá því sem áður var, því að „hið löggefandi alþingi“ staðfesti „ár eptir ár og dag eptir dag grúa af sjerstökum íslenskum lögum“ sem væru alls ekki í gildi í Danmörku. Þess vegna myndu íslensk lög greinast æ meir frá hinum dönsku, og námið í Kaupmannahöfn yrði þar með óhentugra fyrir íslenska laganema með hverju árinu sem liði.

Fyrir Benedikt Sveinssyni snerist málið þó ekki fyrst og fremst um verklega þjálfun embættismanna og dómara heldur taldi hann lagakennslu lykilþátt í varðveislu íslensks þjóðernis. Af þeim sökum yrði hún að fara fram undir íslenskri stjórn, á Íslandi og á íslensku máli; annars „villumst [vér] frá rjettarsögu vorri,“ fullyrta hann, „hinu fagra lagamáli voru, sterkustu og brýnustu kröfu staðháttu vorra, og þjóðernis; en í stað þess innrætist oss dönsk rjettarsaga,



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.2 AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Örfjár Íslendingar lögðu stund á vísindanám við Kaupmannahafnarháskóla á 19. öld. Einn þeirra var Nikulás Runólfsson sem lauk þar meistaraþrófi í eðlisfræði árið 1890 en dó aðeins átta árum síðar. Hér er blað úr handriti hans um lýsingu á tilraun til að þétta kolsýru.



dönsk rjettarmeðvitund, danskir mannfelagshættir og skipan í hverja átt sem litið er!“ Eggjaði Benedikt Þingmenn lögeggjan í málinu: „Gætið þess, að hjer ræðir um *lífsspursmál* hins *íslenska þjóðernis*, um þjóðarinnar eigið JEG. Gætið þess, að lög og rjettur er hið sterkasta einkenni þjóðernisins, sem hún lifir og deyr með, og það fremur en með sjálfu móðurmálinu.“⁶⁸

Án þess að það komi fram í svörum danskra stjórnvalda til Alþingis þá hafa þau varla haft sérstakan áhuga á að rækta íslenskt þjóðarsjálf hjá embættismönnum sínum á Íslandi. Studningsmenn lagaskólans grunaði að þetta væri einmitt ástæðan fyrir tregðu stjórnvalda í lagaskólamálinu; hún stafaði af „alríkis einingar kreddu“ hinnar íhaldssömu stjórnar í Kaupmannahöfn, fullyrti ónefndur höfundur í blaði Skúla Thoroddsen, Þjóðviljanum unga, um sumarið 1893, sem sæktist eftir að „upp ala æðstu embættismaefni vor sér við hönd, og þannig leiða danska hugsunarstrauma inn í hið ísl[enska] þjóðlíf“.⁶⁹ Með íslenskri heimastjórn kom loks nýtt hljóð í strokkinn hjá yfirstjórninni í Kaupmannahöfn, og hún lét þegjandi og hljóðalaust undan kröfum Íslendinga um lagaskóla á Íslandi. Eftir að sýslumenn og aðrir embættismenn á Íslandi lutu ekki lengur beinu boðvaldi dansks ráðherra virtist engin nauðsyn á að mennta þá í dönskum háskóla. Þar að auki varð danska stjórnin mun jákvæðari í garð íslenskrar sjálfstjórnar eftir að frjálslyndari stjórn komst til valda við svokallaða kerfisbreytingu (da. *systemsifte*) í Danmörku árið 1901, enda var hin rötgróna alríkisstefna þar með gefin endanlega upp á bátinn.⁷⁰ Lög Alþingis um lagaskóla, sem samþykkt voru árið 1903 að tillögu Jóns Magnússonar, ritara landshöfðingja og síðar forsætisráðherra, voru því undirrituð af konungi hinn 4. mars 1904, sama dag og hann skrifaði undir lög um ábyrgð ráðherra Íslands.⁷¹

⁶⁸ *Alþingistíðindi* 1881 II, 1055–62.

⁶⁹ *Þjóðviljinn ungi* 11. ágúst 1893, 89.

⁷⁰ Um áhrif stjórnarskiptanna á laganám í Kaupmannahöfn, sjá Tamm o.fl., „Juraen ved Københavns universitet“, 271–77.

⁷¹ *Stjórnartíðindi* 1904 A, 4–9. – *Alþingistíðindi* 1903 C, 356.



Lagaskólinn í Reykjavík tók til starfa haustið 1908 með tveimur föstum kennurum, Lárusi H. Bjarnasyni forstöðumanni og Einari Arnórssyni kennara, og sex nemendum.⁷² Þar með voru embættismannaskólarnir í Reykjavík orðnir þrír að tölu, en haustið 1910, við upphaf síðasta starfsárs þeirra, voru 39 nemendur skráðir til náms í þeim: sex í Prestaskólanum, 19 í Læknaskólanum og 14 í Lagaskólanum.⁷³ Allir voru þessir skólar því örsmáir og vanburða, en þó bar tilvist þeirra vott um eindreginn vilja íslenskra ráðamanna til að koma á fót sjálfstæðu þjóðríki á Íslandi og skera sem mest á tengslin við Danmörku. Embættismannaskólarnir voru því grundvallarþáttur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, enda má líta á þá sem mikilvæga – og í raun mjög vanmetna – forsendu fyrir íslensku fullveldi. Engin reynsla var komin á starf Lagaskólans við stofnun Háskólans, því að fyrstu nemendur hans útskrifuðust ekki fyrr en vorið 1912, og þá frá Lagadeild Háskóla Íslands, en mikill meirihluti þeirra lækna og presta sem komu til starfa í landinu eftir stofnun Prestaskólans og Læknaskólans hafði lokið a.m.k. hluta fagmenntunar sinnar við skólana tvo. Embættismannaskólarnir áttu þó erfitt uppdráttar, því að þeir stóðust illa samanburð við háskólann í Kaupmannahöfn. Öllum var ljóst að tveir eða þrír litlir sérskólar gátu seint staðið undir nafni sem vísindastofnanir, en þeirri spurningu var enn ósvarað við stofnun Lagaskólans árið 1908 hvort Íslendingar hefðu metnað til – eða teldu sig færa um – að reka háskóla sem stæði undir nafni.

3. Lög um Háskóla Íslands


Erfitt er að fullyrða hvenær hugmyndin um Háskóla Íslands kom fyrst fram, en stofnun skóla með þessu nafni var fyrst rædd á Alþingi árið 1881.⁷⁴ Frumkvæðið átti Benedikt Sveinsson sýslumaður, sem lagði fram frumvarp um stofnun háskóla á Íslandi með þremur deildum, guðfræði-, lækna- og lagadeild, á þinginu þá um sumarið.⁷⁵ Megintilgangur skólans átti að vera að mennta íslenska embættismenn, en Benedikt leit þó svo á að með sameiningu embættismannaskólanna tveggja, að viðbætti lagadeild, yrði til eitthvað annað og meira en þrír embættismannaskólar undir einu þaki. Með stofnun háskóla kæmist á nánara samstarf kennara og nemenda, fullyrti hann, sem efldi vísindastarf þeirra verulega því að sameinaðir stæðu skólarnir miklu sterkari en hver út af fyrir sig. „Getum vjer þá neitað því,“ benti hann á í framsöguræðu sinni, „að hin andlega

⁷² *Reykjavík* 3. okt. 1908, 174–75. – *Lögrjetta* 7. okt. 1908, 182.

⁷³ *Lögrjetta* 12. okt. 1910, 193.

⁷⁴ Orðið háskóli í merkingunni „akademía“ er gamalt í íslensku máli og mun hafa birst fyrst á prenti í þýðingu Þorláks Skúla-sonar biskups á hugvekjum Johanns Gerhard, en þar þýðir hann latnesku orðin „in cœlesti Academia“ sem „í himneska háskólanum“; Gerhard, *Fimmtú heilagar hugvekjur*, 44. hugvekja, 194. – Gerhard, *Meditationes Sacrae*, 276.

⁷⁵ *Alþingistíðindi* 1881 I, 60.



Benedikt Sveinsson sýslumaður hélt uppi á Alþingi kröfunni um íslenskan háskóla í næstum tvo áratugi, frá 1881 til dauðadags, 1899.

samvist og samvinna (Jdeudvexling) meðal kennanda og meðal lærisveina mundi verða og hlyti að verða frjóvgari, innilegri, fjörugri og aflmeiri í þessum sameinaða skóla, en í prestaskólanum og læknskólanum, dreifðum eins og ýlustráum hjer og hvar?“ Háskóli eflði líka þjóðarvitund Íslendinga, fullyrti Benedikt, því að andlegt þor landsmanna, fjör og sjálfsmeðvitund hlyti að dafna sem aldrei fyrr „þegar vjer sæjum, að vjer betur og á fullkomnara stigi fullnægðum andlegum þörfum þjóðarinnar og þeirri ábyrgð, sem á henni hvílir, eptir því sem augu vor og hennar ljúkast æ betur og betur upp fyrir hinu *sanna*, hinu *fagra*, hinu *góða*“. Að síðustu var stofnun háskóla skilyrði þess að Íslendingar teldust fullgild þjóð í samfélagi þjóðanna. „Því skyldum vjer skorast undan að taka oss í hönd og bera fyrir brjósti voru blys vísindanna,“ spurði hann samþingmenn sína, „blys hinna fornu og frægu íslenzku, þjóðlegu vísinda, til að lýsa oss og öðrum á hinn torsióttu, sömu [svo] framfara- og frelsisbraut heimsins?“ Ef Íslendingar tækju á sig slíkar skyldur yxu þeir í álit hjá „hinum fjölmennu, auðugu og menntuðu þjóðum heimsins, sem búast má við að hætti við að líta niður á bóginn til vor, sem færumst það í fang, að ganga fram á sjónarsvið sögunnar og þjóðanna“. ⁷⁶

Benedikt gerði sér greinilega háar hugmyndir um íslenskan háskóla, þótt hann viðurkenndi að langan tíma tæki að byggja upp öflugan vísindastofnun hér á landi. Háskóli með þremur deildum væri einungis fyrsta skrefið á langri leið, sagði hann, því að „með tímanum ná slíkar stofnanir fullkomnum blóma, vexti og viðgang, og þennan vöxt og viðgang fá þær frá sjálfum sjer“. ⁷⁷ Minnti hann þingmenn á að hugmyndin um slíka stofnun væri ekki ný, þótt háskólanafnið hefði ekki verið notað um hana fyrr. „Eins og orðið „mamma“ er hið fyrsta orð, sem vjer heyrum af vörum barnsins, þannig var orðið „þjóðskóli“ hið fyrsta orð af vörum alþingis árið 1845, framborið í nafni og umboði þjóðarinnar af þeim manni, þeirri frelsishetju, sem nú er að vísu látinn.“ ⁷⁸ Sennilega hefur Benedikt vonast til, eins og margir Íslendingar fyrr og síðar, að með því að tengja áhugamál sitt nafni og arfleifð Jóns Sigurðssonar myndi það öðlast þá helgi sem dygði til að fleyta því í höfn, enda efuðust margir samtímamanna hans um að þjóðin hefði nægan áhuga á eða burði til að reka háskóla sem uppfyllti alþjóðlegar gæðakröfur.

Ekki varð flutningsmanninum að ósk sinni í þetta sinn, því að málið dagaði uppi í þinginu. Þar var þó frekar tímaskorti um að

⁷⁶ *Alþingistíðindi* 1881 II, 1056.

⁷⁷ *Alþingistíðindi* 1881 II, 1066.

⁷⁸ *Alþingistíðindi* 1881 II, 1055–56.

kenna en áhugaleysi eða beinni andstöðu þingmanna, því að frumvarpið kom seint fram og varð ekki útrætt fyrir þinglok. Benedikt lagði frumvarpið því fram óbreytt á næsta þingi (1883), enda sagðist hann þess viss að þingmenn væru allir „fullkomlega sannfærðir og samhuga í þessu máli“.⁷⁹ Greinilegt var þó að meirihluta þingmanna þótti orðið „háskóli“ fullstórt fyrir þá stofnun sem átti að setja á legg, og var nafni skólans því breytt í meðförum þingsins í „landsskóli“ sem þótti hæfa stofnuninni betur. Í umræðum á þinginu komu fram flestar þær röksemdir, með og á móti skólanum, sem áttu eftir að hljóma í umræðum um háskólamálið næsta aldarfjórðunginn. Andstæðingar skólans voru honum ekki síst mótfallnir fyrir þá sök að þeim óaði við þeim útgjöldum sem fylgdu óhjákvæmilega slíkri stofnun. Hér bætti ekki úr skák að árferði var mjög erfitt á níunda áratug 19. aldar, og því héldu þingmenn yfirleitt frekar fast í pyngjuuna. Einnig fannst ýmsum önnur verkefni brýnni á slíkum erfiðleikatímum en að stofna háskóla. „Til þess að stofna skólann þarf,“ sagði Þorsteinn Thorsteinsson, kaupmaður og þingmaður Ís-firðinga, „fyrst að fá undirstöðu, og það er að fá peninga; því eigum við sem mest að efla framfarir landsins á verklegan hátt og með því að styðja samgöngur og atvinnuvegi“.⁸⁰ Stuðningsmenn frumvarpsins gáfu lítið fyrir slíkar mótbárur, sem þeir kölluðu þá venjulegu grýlu „sem slett er í augu vor þ[ing]m[anna] þegar um einhverja nauðsynlega stofnun eða veruleg fyrirtæki er að ræða“, svo vitnað sé til ummæla séra Eiríks Kúld á þinginu.⁸¹ Að mati þeirra var stofnun lands- eða háskóla nauðsynleg forsenda framfara í landinu og hún „hlyti þannig að glæða andlega samkeppni, andlegt kapp, andlegt fjör, sannarlegt frjófsamt, vísindalegt og þjóðlegt líf“ á Íslandi.⁸² Þegar á reyndi kom í ljós að mikill meirihluti þingmanna var á þessari skoðun, því að frumvarp um landsskólann var samþykkt samhljóða sem lög frá Alþingi 18. ágúst 1883.⁸³ Lögin komu þó aldrei til framkvæmda því að konungur synjaði þeim staðfestingar ári síðar með þeim rökum að bæði væru lögin óljós og engin þörf væri fyrir lagakennslu á Íslandi í bráð. Því til stuðnings benti konungur á að miklu fleiri stunduðu nám í lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn en þörf væri fyrir til að fullmanna öll opinber embætti á Íslandi, og því sæi stjórn hans enga ástæðu til að breyta frá því fyrirkomulagi sem ríkti í menntun íslenskra embættismanna.⁸⁴ Skólinn féll því ekki síst á andstöðu dönsku stjórnarinnar við lagakennslu á Íslandi.

⁷⁹ *Alþingistíðindi* 1883 B, 44. – *Alþingistíðindi* 1883 C, 123.

⁸⁰ *Alþingistíðindi* 1883 B, 50.

⁸¹ *Alþingistíðindi* 1883 B, 62.

⁸² *Alþingistíðindi* 1883 B, 487–92.

⁸³ *Alþingistíðindi* 1883 B II, 185–86.

⁸⁴ *Stjórnartíðindi* 1884 B, 99–100.



Á næstu árum samþykkti Alþingi hvað eftir annað lög um stofnun laga-, lands- eða háskóla á Íslandi, en niðurstaðan var ætíð hin sama – konungur (eða réttara sagt danska stjórnin) neitaði að staðfesta þau.⁸⁵ Af þrautseigju og staðfestu þingsins má ráða að forystumönnum þess þótti þetta mál hið mikilvægasta, og stóðu þar saman sem ein heild háskólamenntaðir embættismenn og óskólagengnir bændur.⁸⁶ Til að undirstrika vilja sinn enn frekar og efla um leið samstöðu þings og þjóðar í háskólamálinu birtu 30 þingmenn og framámenn í íslensku þjóðlífi áskorun í blöðum síðla sumars 1893 „til að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla og gangast fyrir samskotum til að flýta framkvæmdum þess“. Þetta var gert í kjölfar samþykktar laga frá Alþingi um háskóla á Íslandi, en sjálfsgert hafa þingmenn ekki búist við því að frumvarpið fengi hlýjar móttökur hjá stjórn og konungi. Í áskoruninni minntu forvígismennirnir á „hve brýn nauðsyn er til að hafa alla hina æðri menntun, að því er kraptar vorir leyfa, í sjálfu landinu, hvort heldur litið er til þjóðernis vors og landsréttinda eða til vísindalegra og verklegra framfara“; með samþykkt sinni um háskólann hafði Alþingi gert skyldu sína í málinu, og nú var komið að almenningi að sýna hug sinn í verki. Kynntu þeir til sögunnar nýjan sjóð, Háskólasjóð Íslands, sem starfa átti undir stjórn Alþingis og safna styrktarfé frá Íslendingum og öðrum áhugamönnum um íslensk málefni nær og fjær með það að markmiði að flýta framkvæmdum við stofnun háskóla á Íslandi.⁸⁷

Vart er hægt að segja að þetta framtak hafi valdið straumhvörfum í háskólamálinu, því að þótt nokkurt fé hafi safnast, sérstaklega til að byrja með, þá ollu undirtektir landsmanna forsvarsmönnum Háskólasjóðsins nokkrum vonbrigðum.⁸⁸ Helst var það, annars vegar, ötult starf þýska Íslandsvinarins Carls Küchler í Leipzig sem vakti athygli,⁸⁹ en hann skrifaði um söfnunina í þýsk tímarit og gekkst fyrir nokkrum samskotum meðal landa sinna.⁹⁰ Hins vegar voru sterk og jákvæð viðbrögð reykvískra kvenna við áskoruninni afar athyglisverð, ekki síst þegar þess er gætt að um miðjan tíunda áratug 19. aldar hafði engin íslensk kona lokið háskólanámi, og fátt bendir til þess að helstu forvígismenn háskólamálsins á Íslandi eða höfundar áskorunarinnar um Háskólasjóðinn hafi haft sérstakan áhuga á menntun kvenna. Þessi kafli háskólasögunnar hófst í lok janúar árið 1894, en þá boðaði Þorbjörg Sveinsdóttir, yfirsetukona í Reykjavík og systir Benedikts Sveinssonar sýslumanns, til fundar í höfuðstaðnum þar sem ræða átti sérstaka fjársöfnun kvenna í hinn

⁸⁵ Guðmundur Finn- bogason, *Alþingi og menntamálin*, 14–15, 19–20.

⁸⁶ Sbr. atkvæðagreiðslu neðri deildar árið 1893 þegar frumvarp um háskóla á Íslandi var samþykkt með 18 atkv. gegn 5. – *Alþingis- tíðindi* 1893 B, 1864–65.

⁸⁷ *Sunnanfari* nóvember 1893, 33–35. – *Þjóð- ölfur* 1. sept. 1893, 165. – Sjá einnig Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar*, 180–82.

⁸⁸ Sjá m.a. *Þjóðölfur* 2. júní 1896, 105. – Greinin er skrifuð af ritstjóra blaðsins, Hannesi Þorsteinssyni, sem sat í framkvæmdastjórn Háskólasjóðsins. – Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar*, 198.

⁸⁹ J. Magnús Bjarnason, „M. phil. Carl Küchler“, 155–58. Sjóðurinn var afhentur Háskóla Íslands 18. ágúst 1912 og nam þá tæpum 6 þúsund krónum, eða um 15% af rekstrargjöldum Háskólans það ár. Sjóðurinn fékk aldrei stofnskrá og rann á endanum inn í byggingarsjóð Háskóla Íslands. – *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 43. – *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs III, 29. sept. 1939.

⁹⁰ *Sunnanfari* feb. 1895, 61–62; ágúst 1895, 15.





Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir í Reykjavík og uppeldisdóttir hennar og frænka, Ólafía Jóhannsdóttir, voru báðar ötulur baráttumenn fyrir stofnun háskóla á Íslandi.

nýja háskólasjóð með samskotum og tombólum. Framtakið vakti mikla ánægju því að vonast var til, eins og óþekktur greinarhöfundur í Þjóðólfi orðaði það, „að þessi hreyfing hér í höfuðstaðnum hafi mikil áhrif málinu til sigurs og verði jafnframt til þess, að karlþjóðin láti eitthvað til sín taka og sitji ekki auðum höndum og hreyfingarlaus, þá er kvennþjóðin er farin af stað, því að það væri stór minnkun“.⁹¹ Upp úr þessum fundi var stofnað Hið íslenska kvenfélag sem var mjög áberandi í réttindabaráttu kvenna á síðustu árum 19. aldar, og þá ekki síst í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna.⁹²

Stefna Hins íslenska kvenfélags í háskólamálinu birtist með skýrum hætti í skeleggri grein sem Ólafía Jóhannsdóttir, systurdóttir Þorbjargar og Benedikts, skrifaði í fyrsta hefti Ársrits Hins íslenska kvenfélags sem kom út í ritstjórn hennar árið 1895. Rök hennar voru að hluta til á mjög hefðbundnum nótum; háskóli á Íslandi væri nauðsynlegur til þess að efla andlegar og verklegar framkvæmdir á Íslandi, háskólamenntun yrði að vera þjóðleg til að hún kæmi að

⁹¹ *Þjóðólfur* 2. feb. 1894, 24.

⁹² Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 22–24.



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.2 ADDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Ólafía Jóhannsdóttir skrif-
aði skelegga grein um þörf-
ina á íslenskum háskóla í
Ársrit Hins íslenska kven-
félags 1895. Meðal annars
vildi hún koma í veg fyrir að
íslenskir stúdentar spilltust í
vistinni í borgarsólinum í
Kaupmannahöfn. Myndin er
tekin í knæpunni Holger
Danske um aldamótin
1900.*



fullu gagni, einungis innlend menntun tæki að fullu tillit til íslenskra þarfa, o.s.frv. Í greininni birtast þó einnig skoðanir sem ekki voru áberandi í umræðum á Alþingi eða í íslenskum blöðum á þessum árum, bæði um það með hvaða hætti konur ættu að koma að háskólamálinu og hvers vegna þær ættu að láta það til sín taka yfirleitt. Þar gekk Ólafía út frá því að konur nálguðust spurninguna um innlandan háskóla út frá allt öðrum forsendum en karlar. Fyrir móðurina sem lagt hafði hart að sér að kosta syni sína til náms skipti kostnaðurinn við að koma upp háskóla á Íslandi ekki höfuðmáli. Henni var fyrir mestu að synirnir „kæmu heim aftur og yrðu gleði og þryði elli hennar, að hún sæi þá „byggja landið“.“ Samkvæmt Ólafíu reyndust þetta því miður alltof oft tálvonir einar, því að á meðan skólapiltar neyddust til að leita út fyrir landsteinana til að afla sér menntunar hlutu margir þeirra að villast af vegi dyggðanna og verða „Hafnarlífinu“ að bráð; sumir þeirra sneru aftur próflausir, farnir að heilsu og siðferðisþreki, á meðan aðrir flentust í Danmörku og hurfu aldrei aftur til fósturjarðarinnar. Slíkir menn urðu hvorki fjölskyldum sínum sú stoð sem mæður þeirra höfðu ætlað né gerðu Íslandi það gagn sem landið þarfnæðist svo sárlega. Þegar kona „heyrir nefndan íslenskan háskóla“, skrifaði Ólafía, „sjer hún í anda son sinn bróðir [svo] og unnusta, að loknu námi ganga í brjóstfýlkingu göfuglyndra og þróttmikilla Íslendinga, sem yrkja land sitt með hönd og huga“.⁹³

⁹³ Ólafía Jóhannsdóttir, „Háskólamálið“, 19–20.



Háskólahugmyndir Ólafíu Jóhannsdóttur mætti að þessu leyti flokka sem þjóðlega mæðrahyggju, sem gekk út frá því að móðurhlutverkið mótaði öðru fremur reynsluheim kvenna og þekkingu, um leið og litið var á tryggðina við þjóðina sem æðstu skyldu hverrar móður.⁹⁴ En í greininni setti Ólafía háskólamálið einnig í samhengi við almenn réttindi kvenna sem voru mjög í deigluinni í nágrannalöndunum á þessum árum. Lýsir hún því að allnokkurt fé hafi þegar safnast í háskólasjóð kvenfélagsins, og það eigi að nota sem stofn að styrktarsjóði „handa efnilegum íslenskum stúlkum er kynnu að stunda nám við hinn fyrirhugaða háskóla“. Sagðist hún gera ráð fyrir því „að þess verði ekki langt að bíða, að konur eigi jafnt og karlar aðgang að menntastofnunum landsins og gefist færi á að nota hæfilegleika sína og krafta eftir því, sem þær óska og geta við komið“.⁹⁵ Háskólasjóður Hins íslenska kvenfélags var afhentur Háskóla Íslands árið 1916, og nam hann þá liðlega fjögur þúsund krónum. Var honum ætlað, samkvæmt skipulagsskrá, að styrkja „efnilega kvenstúdenta til náms við Háskóla Íslands“.⁹⁶ Fyrstu styrkir sjóðsins voru veittir árið 1917 til tveggja efnilegra læknanema við Háskólann, þeirra Kristínar Ólafsdóttur og Katrínar Thoroddsen, og fengu þær hvor um sig 45 krónur.⁹⁷ Þar með var einn þáttur hugsjónar Ólafíu Jóhannsdóttur orðinn að veruleika, þótt enn færi því fjarri að konur nytu raunverulegs jafnréttis til háskólanáms á Íslandi.

Stofnun háskóla á Íslandi var því mjög í deigluinni á fyrri hluta tíunda áratugar 19. aldar. Allmargar greinar birtust í íslenskum blöðum um málið, og fundir voru haldnir í Reykjavík því til stuðnings. Ekki voru þó allir á einu máli um að skynsamlegt væri fyrir Íslendinga að stíga þetta skref. Þar fóru ýmsir menntamenn, bæði íslenskir og erlendir, fremstir í flokki, en sumir þeirra drógu í efa að Íslendingar hefðu bolmagn til að reka fullbúna háskólastofnun. Gott dæmi um þetta má lesa í bréfum góðvínar Jóns Sigurðssonar, Konrads Maurer, prófessors í lögum við háskólann í München, til Björns M. Ólsen sem þá var kennari í Lærða skólanum, en Björn birti útdrátt úr þeim í íslenskri þýðingu sinni í blaðinu Ísafold.⁹⁸ Maurer, sem alla tíð var eindreginn stuðningsmaður Íslendinga í stjórnmaladeilum þeirra við Dani, taldi að Íslendingar hefðu alls ekki efni á að stofna eða reka „sannarlegan háskóla“. Stofnkostnaður við líftinn háskóla í Þýskalandi taldist ekki minni en um 700 þúsund krónur, sagði hann, og rekstrarkostnaðurinn næmi tæpum 300 þúsund krónum á ári til viðbótar – en til samanburðar má geta þess að á þessum tíma voru heildarférlög Íslands rúm hálf milljón króna á ári.⁹⁹ Sagðist

⁹⁴ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, *Ólafía*, 152–55.

⁹⁵ Ólafía Jóhannsdóttir, „Háskólamálið“, 33–34.

⁹⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1915–16, 36–38.

⁹⁷ *Árbók Háskóla Íslands* 1916–17, 52.

⁹⁸ Björn M. Ólsen, „Álit prófessors Konrads Maurer’s“, 177. – Frumgerð bréfanna er varðveitt í *Lbs.* 3494 4to. Konrad Maurer til Björns M. Ólens 30. maí og 2. júlí 1894. Á fyrri bréfið skrifar Björn að hann hafi beðið Maurer um leyfi til að þýða og birta „álit um háskólann“.

⁹⁹ Sjá t.d. *Stjórnartíðindi* 1893 A, 78–112. Heildarútgjöld Íslands þessi tvö ár voru áætluð nálægt 1,18 milljónum króna.

Maurer því ekki sjá betur en að íslenskur háskóli yrði aðeins „nafnið tómt“ og að hann:

mundi beinlínis verða landinu til óhamingju, – eigi að eins af því, að slíkt kák („stümperei“) mundi verða haft að athlægi í útlöndum, heldur og miklu framar af því að háskólanafnið mundi villa sjónir fyrir hinum ungu námsmönnum, svo að þeir tækju ekki eftir, hversu ónógt firirkomulag skólans væri, og mundi það verða til þess, að þeir síður leituðu til annara mentastofnana, sem gætu haft hollari áhrif á þá ...


Af þessum sökum taldi prófessorinn mun skynsamlegra að stofna iðn- eða tækniskóla („technische Lehranstalt“) á Íslandi en vísindaskóla sem aldrei yrði hægt að reka með sómasamlegum hætti. Fleiri tóku undir þetta og andmæltu íslenskum háskólahugmyndum. Þar var blaðið *Fjallkonan* fremst í flokki, en þar birtust allmargar greinar gegn stofnun háskóla á Íslandi.¹⁰⁰ Slíkur skóli yrði ekki við ríkjandi aðstæður annað og meira en undirbúningsskóli fyrir frekara nám – „seminarium“ – sagði óþekktur greinarhöfundur (að öllum líkindum ritstjórinn, Valdimar Ásmundsson, nú þekktastur fyrir að hafa verið eiginmaður kvenréttindakonunnar Bríetar Bjarnhéðinsdóttur) í grein sem birtist í þremur tölublöðum *Fjallkonunnar* í byrjun árs 1894. „Frestum því að sinni að hugsa um háskóla, sem aldrei gæti orðið annað enn kákskóli“, endaði hann greinina, enda taldi hann að málið nyti lítils stuðnings meðal íslensks almennings.¹⁰¹

Ekki er ljóst hvort þetta mat *Fjallkonunnar* átti við rök að styðjast, en víst er þó að eftir venjubundna synjun konungs á háskóla-lögum árið 1894 var eins og áhuginn á háskólanum hefði gufað upp, a.m.k. tímabundið.¹⁰² Að einhverju leyti má skýra þetta með því að Íslendingar höfðu um annað að hugsa en stofnun háskóla í sviptivindum stjórnmalanna á síðustu árum 19. aldar, en þá skipuðust kjósendur, blöðin og þingmenn í andstæðar fylkingar í hatrömmum deilum um framtíðarsamband Íslands og Danmerkur. Þessi ágreiningur kom þó ekki í veg fyrir að Alþingi samþykkti tvívegis lög um stofnun lagaskóla á Íslandi (1895 og 1897), sem var hafnað af konungi að venju. Kröfunni um lagaskólann var líka ávallt haldið vakandi enda var hann, eins og áður sagði, eitt fyrsta málefnið sem Hannes Hafstein ráðherra fékk samþykkt af stjórninni í Kaupmannahöfn eftir að hann komst til valda árið 1904 – og reyndar var

¹⁰⁰ *Fjallkonan* 8. sept. 1884, 57–58; 7. okt. 1884, 69; 12. sept. 1893, 145; 29. jan. 1896, 19–20 og 7. feb. 1896, 22.

¹⁰¹ Sjá t.d. *Fjallkonan* 4. jan. 1894, 1–2; 10. jan. 1894, 5–6; 17. jan. 1894, 9. – Þessi greinaflokkur, ásamt ýmsum öðrum heimildum um háskólamálið, er endurprentaður í bók Páls Sigurðssonar, *Háskólamálið og laga-skólamálið*.

¹⁰² *Stjórnartíðindi* 1894 B, 197.



*Stórhuga áform um háskóla
í Reykjavík árið 1897.
Teikning eftir óþekktan
enskan arkitekt.*

Því stundum haldið fram að þótt lög um landsskóla og háskóla hafi verið samþykkt á þingi árin 1883 og 1893 hafi áhugi þingmanna í raun fyrst og fremst beinst að flutningi lagakennslunnar inn í landið.¹⁰³

Árið 1907, ári áður en Lagaskólinn í Reykjavík tók til starfa, var háskólamálið endurvakið á þingi. Hvatamaðurinn í þetta sinn var Guðmundur Björnsson, landlæknir og forstöðumaður Læknaskólans í Reykjavík, sem áratug fyrir hafði fundið læknakennslu á Íslandi allt til foráttu. Lagði hann fram þingsályktunartillögu í neðri deild, sem samþykkt var samhljóða í deildinni, þar sem skorað var á ráðherra Íslands að leggja fram nýtt háskólafrumvarp fyrir næsta þing (1909).¹⁰⁴ Fannst flutningsmanni skjóta nokkuð skökku við að málið hefði lagst í dvala eftir að framkvæmdavaldið var loksins komið inn í landið og Íslendingar áttu ekki lengur við „útlent afturhald“ að stríða. Að venju studdi hann þörfina fyrir íslenskan háskóla þeim rökum að skólinn væri forsenda „framfara í landi voru, sjerstaklega í þá átt, er snertir sjálfstæði landsins og verndun þess, sem vjer höfum dýrast erfð eptir forfedurna, tungu vora og þjóðerni“.¹⁰⁵ Aðrar og jarðbundnari ástæður lágu þó að baki áhuga forstöðumanns Læknaskólans á að stofna háskóla, því á þessum árum höfðu ýmsir áhugamenn um æðri menntun á Íslandi miklar áhyggjur af framtíð embættismannaskólanna. Í langri blaðagrein, sem birtist í þremur tölublöðum Þjóðólfs í byrjun árs 1907, lýsir ritstjórinn,

¹⁰³ *Þjóðólfur* 17. apríl 1896, 73.

¹⁰⁴ *Alþingistíðindi* 1907 A, 944.

¹⁰⁵ *Alþingistíðindi* 1907 B, 2867–71.

Hannes Þorsteinsson þingmaður og síðar þjóðskjalavörður, t.a.m. hörmulegu ástandi skólanna tveggja sem þá voru starfandi – og framtíð hins tilvonandi lagaskóla virtist ekkert hjartari.¹⁰⁶ Reynslan hafði sýnt, fullyrti Hannes, að íslenskir stúdentar litu á þessa skóla sem algera „neyðarhöfn“, og þeir sem höfðu efni og hæfileika til flykkust því í háskólanám til Kaupmannahafnar þar sem allar aðstæður voru mun betri en hægt var að bjóða upp á við hina örmsáu embættismannaskóla á Íslandi.¹⁰⁷ Þar að auki buðust íslenskum námsmönnum mun ríflegri námsstyrkir við Kaupmannahafnarháskóla en þeir gátu vænst ef þeir stunduðu námið á Íslandi. „Þessar þrjár menntastofnanir vorar ná aldrei neinum þroska eða þrifum með þessu fyrirkomulagi“, fullyrti Hannes. „Kennararnir verða sljóir, áhugalausir og hirðulitlir, eins og eðlilegt er, þegar þeir sjá, að sneitt er hjá þessum kennslustofnunum og áheyrendurnir ef til vill ekki nema 2–3, og stundum hafa kennarar þessir orðið að hýma yfir einum pilti.“¹⁰⁸ Að hans mati var sameining embættismannaskólanna í eina háskólastofnun því liður í – og reyndar nauðsynleg forsenda fyrir – endurreisn þeirra, því að ef ekkert yrði að gert þá væri starfsemi þeirra sjálfhætt.

Þingið 1909 var um margt sögulegt, enda hóf það störf eftir einhverjar mögnuðustu stjórnmaladeilur sem um getur á Íslandi fyrir eða síðar. Deilurnar snerust um samkomulag Íslendinga og Dana um frumvarp að nýjum sambandslögum – sem í daglegu tali nefndist Uppkastið – og varð það að vonum aðalmál þingsins sem sett var um miðjan febrúar. Uppkastið var fellt eins og kunnugt er, og neyddist fyrsti ráðherra heimastjórnarinnar, Hannes Hafstein, til að segja af sér í kjölfarið. Á þessu þingi var þó ýmislegt annað rætt, og bar þar hæst stjórnarfrumvarp um Háskóla Íslands sem Hannes Hafstein mælti fyrir í efri deild á fyrstu dögum þingsins.¹⁰⁹ Háskólafrumvarpið var um margt merkilegt plagg, enda var það mun ítarlegra og betur unnið en fyrri frumvörp um háskóla á Íslandi.¹¹⁰ Embættismannaskólarnir áttu að mynda, eins og ráð hafði verið gert fyrir í fyrri tillögum, kjarnann í hinn nýju stofnun og verða þar hver að sinni háskóladeild – þ.e. Guðfræðideild, Læknadeild og Lagadeild. Nú var aftur á móti stungið upp á þeirri nýjung að fjórðu deildinni yrði bætt við, „Heimspækisdeild“, sem ekki var ætlað að mennta nemendur sína til sérstaks embættisprófs. Kennarar Heimspækideildarinnar skyldu í fyrstu kenna tvær greinar, heimspækileg forspjallsvísindi, sem allir nemendur Háskólans yrðu skyldugir til að taka, og íslensk fræði. Nafn deildar-


¹⁰⁶ *Þjóðólfur* 11. jan. 1907, 5; 18. jan., 9; 1. feb., 17. Greinin er ekki merkt höfundur en Hannes Þorsteinsson, ritstjóri *Þjóðólfs*, sagðist vera höfundur hennar í umræðum á þingi um sumarið. – *Alþingistíðindi* 1907 B, 2871–75.

¹⁰⁷ Gagnrýni á gæði embættismannaskólanna var ekki ný, sbr. *Ísafold* 26. okt. 1895, 337–38.

¹⁰⁸ *Þjóðólfur* 11. jan. 1907, 5.

¹⁰⁹ *Alþingistíðindi* 1909 A, 152–61; 1909 B I, 406.

¹¹⁰ Frumvarpið var samið af forstöðumönnum embættismannaskólanna þriggja, Guðmundi Björnssyni, Jóni Helgassyni og Lárusi H. Bjarnasyni.



Síðasti stúdentaárgangurinn sem gat ekki gengið beint inn í Háskóla Íslands, útskrifaður árið 1910. Flestir munu þeir þó hafa lokið námi sínu í Háskólanum. Af þeim urðu fimm læknar: Helgi Skúlason (7), Þórhallur Jóhannesson (9), Halldór Hansen (10), Sigtryggur Eiríksson Kaldan (12) og Ólafur Jónsson (13). Þrír urðu lögfræðingar: Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður (1), Sighvatur Blöndahl (4) og Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari (14). Einn varð prestur: Sigurður Sigurðsson (11) og einn verkfræðingur: Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri (15). En fimm luku ekki háskólaprófi og byrjuðu þó allir á því í Kaupmannahöfn: Helgi Guðmundsson bankastjóri (2), Laufey Valdímarsdóttir skrifstofumaður (3), Skúli Skúlason ritstjóri (5), Guðmundur Kamban rithöfundur (6) og Brynjólfur Árnason framkvæmdastjóri (8).

innar var rökstutt þannig í greinargerð með lögunum að hún væri kennd við heimspeki frekar en íslensk fræði því að með tímanum væri gert „ráð fyrir, að nýjar fræðigreinar, sem síðar kynnu að verða lögboðnar við háskólann (t.a.m. almenn veraldarsaga, nýju málin o.s.frv.), verði settar í samband við þessa deild“.¹¹¹ Önnur nýjung í frumvarpinu var sú að í því var sagt nákvæmlega fyrir um stjórn Háskólans, en fyrri frumvörp höfðu ekki farið út í þá sálma. Fylgdi það í flestu nákvæmlega alþjóðlegum venjum, m.a. um titla kennara, enda voru nýleg lög um háskólann í Kristjaníu í Noregi notuð sem fyrirmynd við samningu frumvarpsins,¹¹² og leitaði Björn M. Ólsen þangað eftir upplýsingum um skipulag kennslu og aðrar reglur.¹¹³ Æðsti yfirmaður skólans var samkvæmt alþjóðlegum vana kallaður „rektor“, aðalkennararnir „prófessorar“ og aðstoðarkennarar, sem höfðu háskólastarfið að aðalstarfi, voru titlaðir „dócentar“.

Þrátt fyrir alþjóðlegan blæ laganna vildu höfundar frumvarpsins, þ.e. forstöðumenn embættismannaskólanna þriggja, þó ekki vekja alltof miklar væntingar um hinn nýja háskóla. Í athugasemdum með frumvarpinu var lögð áhersla á að sökum fátæktar landsins og fámennis gæti íslenskur háskóli „auðvitað ekki komist til jafns við háskóla í hinum stærri löndum hvorki að tölu kenslugreina, nje á annan hátt“. Það var helst „er kemur til fræðslu í þeim efnun, er sjerstaklega snerta Ísland“ sem skólinn gæti staðið erlendum háskólum á sporði.

¹¹¹ *Alþingistíðindi* 1909 A, 159.

¹¹² *Alþingistíðindi* 1909 A, 167–78; 1909 B I, 409–10.

¹¹³ Sbr. NB. HS, bs. nr. 375. Björn M. Ólsen til Magnus Olsen 21. júní 1911 (Inga Sigurðssyni er þakkað fyrir tilvísanir í bréfasafn Magnus Olsen).



Þeim fannst þó engin ástæða til að óttast háskólaheitið; „þótt háskólanum verði að sjálfsögðu mjög ábótavant í fyrstu, þá má gjöra sjer von um vöxt hans og viðgang samfara vexti og viðgangi í öðrum efnun landsins“.¹¹⁴

Læviblandið andrúmsloft á þinginu vorið 1909 kom ekki í veg fyrir nokkuð eindregna samstöðu í háskólamálinu, og voru lögín um Háskóla Íslands samþykkt án teljandi mótspyrnu í lok aprílmán-aðar.¹¹⁵ Lárus H. Bjarnason, forstöðumaður Lagaskólans og einn þriggja höfunda frumvarpsins, fylgdi áliti þingnefndar úr hlaði í efri deild og lagði þar áherslu á að skólinn væri alls ekki hugsaður sem einber klakstöð fyrir embættismaefni. Íslenskur háskóli hlyti vitaskuld að mennta tilvonandi embættismenn landsins, en „háskóli er jafnframt annað og meira. Hann er um leið aðaluppspretta allrar mentunar síns lands, bæði almennrar mentunar og sérmentunar. Þaðan renna allir aðalstraumar mentunarinnar og kvíslast út í yztu æsar þjóðlíkamans, eins og blóðið rennur frá hjartanu út um allan líkama mannsins.“ Þar að auki væru háskólar um heim allan „vermireitur tungu og annara þjóðhelgidóma“, og taldi hann Íslendingum ekki veita af slíkri gróðrarstöð fyrir tungu sína, „lög, sögu og aðrar þjóðgersemar“.¹¹⁶

Fáir treystu sér til að andmæla slíkum rökum þótt sumum þætti nóg um hinn þjóðræknislega tón sem einkenndi málflutning helstu stuðningsmanna háskólafrumvarpsins. „Annars gekk hann á það lagið, sem hann svo oft hefir tamið sér á þessu þingi,“ varð Hálfðani Guðjónssyni, prófasti Húnvetninga og einum skeleggasta andstæðingi háskólafrumvarpsins, t.a.m. að orði í andsvari við ræðu Jóns Þorkelssonar skjalavarðar, framsögumanns nefndar neðri deildar um málið, „að varpa fram ýmsum hljómmiklum stóryrðum um sjálfstæði og þjóðerni í stað röksemda. Jafnvel í hlægilegustu smámálum hefir hann oft og einatt verið að veifa með „sjálfstæði“ og „þjóðerni“, og gert þannig fegurstu orð að „glamuryrðum“ og með því svift þau þeim krafti og áhrifum, sem þau, réttilega brúkuð, hafa.“¹¹⁷ Ekki dugðu slíkar mótbárur til að stöðva málið, því að til-laga prófastsins um að frumvarpinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá var felld með miklum meirihluta atkvæða.¹¹⁸

Hálfðan Guðjónsson hafði nokkuð til síns máls, því að í raun voru lögín frá 1909 lítið annað en viljayfirlýsing, eða pappírslög eins og Ísafold kallaði þau síðar.¹¹⁹ Allsendis óljóst var hvenær skólinn hæfi störf, en í meðförum þingsins var fellt út ákvæði í upphaflegu frumvarpi um að setja ætti háskólann á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, 17. júní

¹¹⁴ *Alþingistíðindi* 1909 A, 158.

¹¹⁵ Lögín voru undirrituð af Friðriki VIII. konungi 30. júlí 1909. – *Pskjs*. Stjr. I. skrifst. B/57, Db. 2, nr. 574.

¹¹⁶ *Alþingistíðindi* 1909 B I, 410–11.

¹¹⁷ *Alþingistíðindi* 1909 B II, 863–64.

¹¹⁸ *Alþingistíðindi* 1909 B II, 874–75.

¹¹⁹ *Ísafold* 18. feb. 1911, 34.



1911. Þess í stað var sett óljóst ákvæði um að skólinn yrði ekki stofnaður fyrr en fé væri veitt til hans á fjárlögum. Ekkert fé var ætlað til skólans í fjárlögum árunna 1910–11 sem samþykkt voru á þinginu 1909 og ekkert benti til þess við upphaf þings árið 1911 að breyting væri þar í vændum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913, sem Björn Jónsson ráðherra lagði fram á þriðja degi þingsins (17. febrúar), var þannig hvergi minnst á Háskóla Íslands.¹²⁰ Málið komst þó á dagskrá um miðjan mars 1911 þegar Bjarni Jónsson frá Vogu, viðskiptaráðunautur og fyrrum aukakennari í klassískum málum við Lærða skólann, lagði fram breytingartillögu við frumvarp til fjárukalaga ársins 1911 þess efnis að veitt yrði fé til „þess að háskóli Íslands geti byrjað 17. júní þ[essa] á[rs]“.¹²¹ Tillagan var fyrst rædd við aðra umræðu fjárukalaga í neðri deild 17. mars 1911, eða réttum þremur mánuðum áður en vígja skyldi skólann. Framsögumaður fjárlaganefndar neðri deildar, séra Björn Þorláksson, tók afar illa í hugmyndina og sagði fjárlaganefndina alla hafa lagst gegn henni. Ástæðan var ekki sú, sagði hann, að tillagan myndi ein og sér kosta ríkið mikil útlát, því að við stofnun Háskólans spöruðust útgjöld við embættismannaskólana þrjá, heldur „vakti fyrir nefndinni, að þessi fjárveiting myndi draga aðra miklu meiri á eftir sér, ekki sízt þegar litið er til þess, að alt er ónýtt, ef ekki er reist hús handa háskólanum“.¹²²

Flutningsmaður tillögunnar lét mótstöðuna ekki slá sig út af laginu og varði hana af hörku. „Eg veit eg þarf ekki að brýna það fyrir hinum háttv[irtu] þ[ing]m[önnum], hversu mikill sómi það mundi vera oss Íslendingum um allan hinn mentaða heim, og hversu þarflegt og gagnlegt það sömuleiðis mundi vera okkur, ef við ættum hér okkar eigin háskóla“, sagði hann.

Eg tala ekki um, hversu mikil hjálp og hversu mikill stuðningur það mundi vera íslenzku sjálfstæði ... Ekkert er betur fallið, til þess að gera öðrum þjóðum ljóst og fullvissa þær um, að við séum sérstök þjóð, heldur en háskóli. Þá munu menn í öðrum löndum verða þess vísari, að hér er þjóð, sem hefir fullkominn tilverurétt og fullan rétt til þess að gera alt það, sem hún óskar sér. Það helzta sem aðrar þjóðir vita um okkur nú er, að við erum í félagi, sem heitir Atlantshafseyjafélagið, sem við köllum Skrælingjafélag –. En allir vita, að í Grænlandi búa Eskimóar, og þeir vita líka, að Grænland er í Atlantshafseyjafélaginu, og einmitt þetta hugmynda-

¹²⁰ *Alþingistíðindi* 1911 A, 1–48, 769–97; 1911 B II, 7–8, 289–450.

¹²¹ *Alþingistíðindi* 1911 A, 355.

¹²² *Alþingistíðindi* 1911 B II, 534.

á að vissulega kostaði það sitt að vera sjálfstæð þjóð, og þann kostnað mætti ekki telja eftir sér. Séra Sigurður Gunnarsson orðaði þetta þannig „að enginn *málsmetandi* Íslendingur hefir borið það í munn sér enn í dag, síðan vér vögnuðum, að það væri ekki helg skylda hvers góðs Íslending, að vinna að því sýnkt og heilagt, að Íslendingar yrðu sjálfstæðir, ekki sízt sem vísindabjód, ekki að eins í orði, heldur og á borði“. Það væri því mikilvægt að landsmenn fengju sinn eigin háskóla, jafnvel þótt hann myndi kosta sitt.¹²⁷

Á endanum urðu sparnaðarmenn að láta í minni pokann, því að meirihluti var fyrir því á þinginu vorið 1911, þótt naumur væri, að tengja skólann við aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Til þess að draga sem mest úr kostnaðinum var þó samþykkt að setja Háskólann aðeins formlega 17. júní og stofna hann ekki í raun fyrr en um haustið. Með því spöruðust laun kennara í nokkra mánuði, því að þau átti aðeins að greiða frá þeim degi sem skólinn opnaði dyrnar fyrir nýjum nemendum, þ.e. 1. október 1911. Þetta fannst Birni Þorlákssyni ekki frágangssök, enda sagðist hann ekki sjá að minning þjóðskörungsins Jóns Sigurðssonar ykist „nokkuð við það, að menn hirði laun sín, eti og drekki upp á landssjóðs kostnað í 3½ mánuð“.¹²⁸ Þar með var björninn unninn og fjárveiting til Háskóla Íslands fyrir árið 1911 var samþykkt.¹²⁹ Í kjölfar þess, við aðra umræðu um fjárlög í efri deild, var fjárveitingu til skólans fyrir árin 1912–13 bætt inn með breytingartillögu, og þar með var rekstur hans tryggður a.m.k. tvö ár fram í tímann.¹³⁰

Flest íslensku blöðin tóku lyktum háskólamálsins fagnandi, enda litu þau á stofnun Háskóla Íslands sem mikilvægan áfanga á leið Íslendinga til sjálfstæðis og inn í nútímann.¹³¹ Ekki var fögnuðurinn þó óskiptur, eins og lesa mátti í háðskri grein sem birtist í blaðinu Suðurlandi um miðjan maí 1911.¹³² „Háskólinn fæddur! Aldrei er ofmikið af skólunum fyrir alla þá hina mörgu sem vilja læra – og þurfa að kenna. Við höfum barnaskóla, unglingaskóla, gagnfræðaskóla ... kvennaskóla, kennara- presta- lækna- laga- stýri - manna- bænda- menntaskóla ... Já, já, þá koma: dansskóli, hússtjórnar- iðn- matreiðslu- verzlunarskólar e.t.v. fleiri.“ Tónninn í greininni var gamansamur, en hún endaði þó á lítt dulbúinni hótun til sunnlenskra þingmanna. „Gætið þess nú, góðu stjórnámálmenn, að finna upp nýtt púðurefni fyrir næstu kosningar,“ – en þing hafði þá verið rofið og boðað til kosninga í október – „svo við lítilsigldir og auvirðilegir goluþytsþrælar yðar getum hamast yðar vegna, háæruverðugu frelsishetjur, hamast á hinum stóra hátíðisdegi í

„Skraelingjafélagið“

sem Íslendingar kalla, setlar nú að færa út kvíarnar og vill fá hávaðann af íslenskum embættismönnum til þess að segjast í þug sín og vinna að því að frakkvænna hægðinir sína.

Félag þetta var stofnað í firra í Kaupmannahöfn af ímænu danskum höfðingjum og nokkrum *dönskum Íslendingum*. Heitir félagið á þeirra máli „De danske Atlantshavsøer“ – og skal mig síst undra þótt Stofnufélag Íslendinga í Hóla tæki ómjúkt á samkondum vorum, þeim er smá svo þjóðir og rétt Íslands að nefna það „danska“ ei og stofna félag til að útbreidda slíka vansæmd.

Þéngið kvæbt vilja vinna að hægðni „ríkisbáttanna“ og einnig með stóðtugi stjórnarinnar og ríkisþingisins. – Kannske vér eigum nú að fá ni stóðulög! – Það vill og fá embættismenn hér til þess að starfa að „ásvæðning einnig milli allra hinna Dannecker-urriks“ o. s. frv.

Ekki er ólíklegt, að félag þetta báist við göðum jarðvegi hér heima, þegar svo skamt er sáan að sljungi gekki undir jarðmæn Albjarts ráðgjafa. – Má og vera að ímstr fillist nú helgri andagift og fögnuði og segi sömu smillingurinn: „Það er gaman að vera ungur – en þeim gaman að vera kosnangur; þegar þeir hugsa til þess að þjóða fær að vera á danskri seil með Færeisingum, skraelingjum og svertingjum eins og hnappur á talnabandi.“

Aldraríð tekur að breiast, og ekki er alllangt síðan að þjóðinni var minna gefið um „danska Íslendinga“.

Dröndur.

Í annað sinn fannst Íslendingum þeir vera dregnir í dílk með frumstæðum nýlendubúum í danska félagskapnum „De danske Atlantshavsøer“. Fréttin birtist í Ingólfi 1904.

¹²⁷ *Alþingistíðindi* 1911 B II, 631.

¹²⁸ *Alþingistíðindi* 1911 B II, 593.

¹²⁹ Björn Þorláksson reyndi á síðustu stundu, við lokaumræðu um fjár- aukalög in neðri deild, að fá fjárframlag til skólans fellt út, en tillaga þess efnis var naumlega felld, með 14 atkvæðum gegn 10. – *Alþingistíðindi* 1911 A, 875; 1911 B II, 649.

¹³⁰ *Alþingistíðindi* 1911 A, 933–37.

¹³¹ *Löggrjetta* 12. apríl 1911, 69–70. – *Þjóðólfrur* 28. apríl 1911, 66–67. – *Ísa-fold* 29. apríl 1911, 105.

¹³² Blaðið kom út á Eyrarbakka og sagðist, ólíft Reykjavíkurbliðunum, tala máli sveitanna. – *Suðurland* 13. júní 1910, 1.

haust, já í haust, þegar föðurlandsástin mun stinga ver en nokkur mýfluga gerir“.¹³³ Af þessu mátti ráða að greinarhöfundur reiknaði ekki með að stuðningur við örfáa „hvítflibbunga“ í Reykjavík og vonbiðla um feit embætti við Háskólann aflaði margra atkvæða í sunnlenskum sveitum. Með þessu benti blaðið reyndar á viðvarandi vanda Háskóla Íslands, því að í samkeppni um takmarkað fjármagn reyndist forystumönnum hans oft erfitt að sannfæra almenna kjósendur um gagnsemi þess að mennta embættismenn sína á landsins kostnað. Hvaða gagn hafði bóndinn fyrir sunnan eða sjómaðurinn fyrir vestan af því að kosta háskólakennslu í Reykjavík? Það var spurning sem áhugamenn um íslenskan háskóla þurftu sífellt að svara.

4. *Hvers konar skóli?*

Í fyrstu lögum um Háskóla Íslands segir ekkert um það hvert hlutverk hinnar nýju stofnunar ætti að vera, og erfitt er að ráða af löggunum sjálfum hvernig löggjafinn hugsaði sér samband ríkisvaldsins og hinnar nýju stofnunar. Margt benti því til að þessir þættir í skipulagi og starfsemi Háskólans yrðu túlkaðir með mismunandi hætti næstu árin og að um þá yrði deilt, enda varð það líka raunin. Í vígsluræðu sinni í Alþingishúsinu lýsti fyrsti rektor Háskóla Íslands, Björn M. Ólsen, viðhorfum sínum til þessara mála í grófum dráttum um leið og hann staðsetti skólann innan evrópsks háskólakerfis samtímans og evrópskrar háskólasögu.¹³⁴ Þar bendir Björn á að hugmyndir um háskóla í álfunni megi rekja allt aftur til Grikklands hins forna, og þá ekki síst til akademíu Platóns og annarra „heimspekiskóla“ sem þar voru starfræktir á blómaskeiði hinnar klassísku grísku menningar. Hið alþjóðlega heiti háskóla, „universitas“ kom þó „ekki upp fyr enn á miðöldunum“, sagði rektor, „og þýðir í upphafi samfelag menntamanna (universitas magistrorum et scholarium)“ frekar en vel skilgreindar og skipulegar stofnanir. Í fyrstu voru slíkir skólar yfirleitt mjög einhæfir að gerð og sérhæfðu sig í einni eða fáum greinum vísindanna, en smám saman urðu markmið þeirra og uppbygging flóknari, fjölbreyttari og fastmótaðri. „Við þetta breyttist einnig þýðing orðsins *universitas*, og nú leggja menn vanalega ... þá þýðing í þetta orð, að það sje stofnun, sem grípur yfir allar þær fræðigreinar, sem mannsandinn nú leggur stund á, og þær verða altaf fleiri og fleiri, því að vísindastefna nútímans fer í þá átt að skifta vinnunni milli margra, þannig að hver velji sjer sitt

¹³³ *Suðurland* 18. maí 1911, 199.

¹³⁴ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 8–14.



Háskólaborgir í Vestur- og Mið-Evrópu á miðöldum.

viðfangsefni ...“ Það var enginn vafi í huga rektors að Háskóli Íslands, þótt smár væri í upphafi, skipaði sér í sveit slíkra stofnana – orðið háskóli í háskólalögnum „þýðir beinlínis það sama sem lat[neska] orðið *universitas*, sem allar mentaðar þjóðir hafa tekið upp til að tákna hinar æðstu mentastofnanir sínar“, og Háskóli Íslands skyldi því taka mið af hinum alþjóðlegu fyrirmyndum.

Björn M. Ólsen áleit því að Háskóli Íslands ætti sér rætur í evrópskum miðöldum fremur en þjóðskólahugmyndum Jóns Sigurðssonar, og reyndar má greinilega sjá þess stað í skipulagi skólans. Deildaskipting Háskólans fylgdi hefðbundnu líkani evrópskra miðaldaháskóla, sem mótaðist strax á 13. öld í þekktustu fyrirmyndum þessarar starfsemi, þ.e. háskólunum í París og Bologna. Fullburða háskólar áttu samkvæmt því að hafa fjórar deildir (lat. *facultates*) sem hver um sig kenndi ákveðið fag: guðfræði, lögfræði, læknisfræði og „hugvísindi“, eða hinar „frjálsu listir“ (lat. *artes liberales*). Af deildunum fjórum mynduðu fyrstu þrjár hinar „æðri deildir“ háskólanna – Guðfræðideild, Læknadeild og Lagadeild – en deild hugvísindanna,



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.2 AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Glæsileg háskólabýgging frá miðöldum, The Divinity School í Oxford, sem var byggð á 15. öld.



eða Heimspékideildin, var hugsuð fyrst og fremst sem eins konar forskóli þar sem nemendur lærðu „forspjallsvísindi“, eða bjuggu sig undir nám í æðri deildunum þremur.¹³⁵ Þetta kerfi var t.a.m. tekið upp við Kaupmannahafnarháskóla við stofnun hans árið 1479, en samkvæmt stofnskrá skólans skiptist hann í hinar fjórar hefðbundnu deildir og var öllum nemendum háskólans gert að hefja nám í Heimspékideildinni (da. *Det filosofiske Fakultet*). Að námi loknu þar fluttust þeir í æðri deildir skólans, en best þótti þó að þeir lykju námi við hina æðstu þeirra allra, Guðfræðideildina.¹³⁶

Þótt rekja megi ýmislegt í upphaflegum búningi Háskóla Íslands til miðaldaskipulags háskóla – svo sem deildaskiptinguna – þá hlutu fyrstu forystumenn hans að bera skólann saman við svipaðar samtímastofnanir í nágrennalöndunum. Og hvort sem litið var til Evrópu í austri eða Bandaríkjana í vestri var greinilegt að staða háskóla breyttist gríðarlega á 19. öldinni, og á vissan hátt má segja að vestrænir háskólar hafi endurfæðst á þeirri öld. Baksvið þessara breytinga má rekja til átakatíma frönsku byltingarinnar og Napóleónstímans, en á þeim árum var fótunum kippt undan háskólum víða í Evrópu eins og svo mörgum öðrum hefðbundnum stofnunum álfunnar. Ein ástæðan var sú að ýmsir gamalgrónir háskólar voru lagðir niður á þessum umbrotaárum. Árið 1789, við upphaf frönsku byltingarinnar, voru 143 háskólar starfræktir í álfunni en aldar-

¹³⁵ Gieysztor, „Management and Resources“, 109–13. – Leff, „The Trivium and the Three Philosophies“, 307–36.

¹³⁶ Lausten, „Københavns Universitet i middelalderen 1479–ca. 1530“, 55–59.



fjórðungi síðar, við lok Napóleonsstríða árið 1815, hafði þeim fækk- að í 83. Evrópskum háskólum fjölgaði síðan ört á 19. öld og fyrri helmingi 20. aldar og voru orðnir um 200 við upphaf síðari heims- styrjaldar.¹³⁷ Líkt og Háskóli Íslands á því meirihluti evrópskra há- skóla sér fremur stutta sögu, þótt hinir elstu þeirra geti státað af margra alda samfelldum rekstri. Meira máli skiptir þó hér að afstaða manna til vísinda og þekkingaröflunar breyttist gríðarlega hratt á 19. öld, ekki síst fyrir áhrif frá franskri upplýsingarstefnu, þýskri hughyggju og breskri raunhyggju – og síðan þeirri byltingu í iðnaði og tækni sem einkenndi öldina alla.

Líta má því á 19. öldina sem nýtt upphaf vísindastarfs, sem ein- kenndist af áherslu á leit að hagnýtri þekkingu og áhuga manna á að skilja og skilgreina gang hins efnislega – eða „náttúrulega“ – heims. Þetta gjörbreytti viðhorfum til allra vísinda, en ekki síst til þess sem nú er gjarnan nefnt „náttúruvísindi“, en áður höfðu þau annaðhvort alls ekki verið kennd í háskólum eða þau voru talin til hugvísinda. Stærðfræði, rúmfræði og stjörnufræði mynduðu t.a.m., ásamt tónlist, svokallaða *quadrivium* (hinar „fjórar leiðir“, eða „fjórveginn“) sem kórónuðu fullt nám í hugvísindum, og töldust því, eins og áður sagði, til almenns undirbúnings háskólanemenda undir að takast á við hin „æðri vísindi“ – guðfræði, lögfræði eða læknisfræði. Þetta voru því ekki sjálfstæðar námsgreinar innan háskólanna, heldur hluti af hinum „frjálsu listum“.¹³⁸ Af þessum sökum höfðu háskólar eða háskólamenn yfirleitt ekki forystu í þeim uppgötvunum sem einkenna svokallaða vísindabyltingu 16. og 17. aldar, þótt flestir þekktustu fulltrúar hennar – menn eins og Kóperníkus, Galíleó og Newton – hafi verið háskóla- menntaðir.¹³⁹ Allt til loka 18. aldar fóru helstu raunvísindarannsóknir að mestu fram utan háskólanna og þá oft í sérstökum rannsóknar- stofnunum eða í tengslum við opinber vísindafélög sem störfuðu oft með stuðningi og í skjóli ríkisins. Frá þessu voru þó margar undantek- ningar. Hinn þekkti sænski grasfræðingur Carl Linnæus (1701–78) var til að mynda prófessor við Læknadeild Uppsalaháskóla lengstan hluta starfsævi sinnar og er nú ein helsta skrautfjöðrin í hatti háskólans.¹⁴⁰

Tengsl vísinda og háskólastarfs breyttust hratt á 19. öldinni þeg- ar ýmiss konar rannsóknir fluttust inn í háskólana, um leið og farið var að kenna greinar eins og efnafræði, eðlisfræði og jarðfræði til lokaprófa í háskólum, auk þess sem stærðfræði var slitin frá heim- speki og kennd sem sérstök háskólagrein, oft tengd hinum nýju raunvísindum.¹⁴¹ Stofnun Verkfræðiskólans í Kaupmannahöfn (*Poly-*

¹³⁷ Rüegg, „Themes“, 3.

¹³⁸ North, „The Quadrivium“, 337–59.

¹³⁹ Porter, „The Scientific Revolution and Universities“, 531–62.


¹⁴⁰ Lindroth, *A History of Uppsala University*, 129–31. – Johannisson, *Levande lærdom*, 55–62.

¹⁴¹ Umfjöllun um sögu háskóla á 19. öld er byggð á: Anderson, *European Universities from the Enlightenment to 1914*. – Rüegg, „Themes“, 3–31. – Charle, „Patterns“, 33–80. – Shils og Roberts, „The Diffusion of European Models outside Europe“, 163–230. – Bockstaele, „The Mathematical and the Exact Sciences“, 493–518. – Leikola, „Biology and the Earth Sciences“, 519–42.



I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.2 AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fyrsta bygging Kaupmannahafnarháskóla sem tók til starfa árið 1479. Myndin er frá lokum 17. aldar en er talin vera tilraun til að teikna bygginguna eins og hún var á 16. öld.



teknisk Læreanstalt) árið 1829 og stærðfræði-náttúruvísindadeildar við Kaupmannahafnarháskóla árið 1850 (da. *Det matematisk-naturvidenskabelige Fakultet*) er táknræn fyrir þessa þróun, en fram að því hafði háskólinn verið rekinn með sínu upphaflega sniði, þ.e. með klassísku deildunum fjórum: guðfræði, læknisfræði, lögfræði og hugvísindum.¹⁴²

Frakkland og Þýskaland voru hvort með sínum hætti leiðandi í þessari byltingu, en áherslur í löndunum tveimur voru mjög ólíkar og endurspeglu bæði mismunandi viðhorf til háskólamenntunar og ólíka uppbyggingu stjórnkerfis. Í Frakklandi hófust breytingar á háskólakerfinu á róttækasta skeiði frönsku byltingarinnar, en árið 1793 voru háskólar hins fallna franska konungsríkis einfaldlega lagðir niður, enda höfðu þeir þótt afar hallir undir vald konungs og kirkju. Frá þeim tíma var megináhersla lögð annars vegar á að skipa æðri menntun í Frakklandi í sérskóla, sem sérhæfðu sig á tiltölulega þröngum fræðasviðum (svo sem verkfræði í hinum þekktu verkfræðiskóla *École Polytechnique* í París eða menntun framhaldsskólakennara í *École Normale Supérieure*), og hins vegar á sterka miðstýringu háskólakerfisins og einokun ríkisins á rekstri háskóla.¹⁴³ Litið var á æðri menntun fyrst og fremst sem hagnýta þjálfun nemandna fyrir ákveðin störf eða starfsgreinar og háskólana sjálfa sem þjónustustofnanir fyrir ríkisvaldið. Þetta styrkti stöðu náttúruvísinda og verkfræði í háskólunum vegna þess að menntun og rannsóknir í þeim þóttu sérlega mikilvægar bæði fyrir franskan iðnað og herinn. Urðu því greinar eins og stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði lykilgreinar í hinu nýja kerfi æðri menntunar í Frakklandi.

¹⁴² Petersen, „Københavns Universitet 1848–1902“, 298–306. – Nielsen og Slottved, „Fakultetets almindelige historie“, 55–77.

¹⁴³ Sjá Karady, „De Napoléon à Duruy“, 261–322. – Charle og Verger, *Histoire des universités*, 70–74.



Í Þýskalandi var þessu allt öðru vísi farið. Þýskt menntakerfi mótaðist af því að landið skiptist lengst af í mörg sjálfstæð ríki, og jafnvel eftir sameiningu Þýskalands árið 1871 voru menntamál á ábyrgð hvers ríkishluta (þý. *Land*) fyrir sig en ekki undir sameiginlegri stjórn keisarastjórnarinnar. Því varð háskólakerfinu ekki miðstýrt á sama hátt og í Frakklandi, sem veitti þýsku háskólunum ákveðið frelsi frá opinberri stjórn. Þýskir háskólakennarar höfðu einnig góða möguleika á að flakka nokkuð frítt á milli háskóla á öllu hinu þýskumælandi svæði. Það sem hafði mest áhrif á þróun þýsks háskólakerfis á 19. öldinni var þó menntastefna, eða menntahugsjón, sem oftast er tengd nafni málfræðingsins Wilhelms von Humboldt. Hann gegndi starfi menntamálaráðherra í Prússlandi þegar grunnur var lagður að háskólanum í Berlín (stofnaður árið 1810), og var því í lykilstöðu við mótnun hans. Hugsjón Humboldts, sem hann tók upp eftir mönnum eins og heimspekingnum Johann Gottlieb Fichte og þó sérstaklega hinum þekktu guðfræðingi Friedrich Schleiermacher (báðir voru þeir meðal fyrstu prófessora Berlínarháskóla), byggðist á þeirri sannfæringu að rannsóknir og kennsla í háskólum væru samtvinnuð ferli og því yrðu háskólakennarar að vera í senn rannsakendur og leiðbeinendur nemenda. Hugmyndin var alls ekki sú að prófessorar stunduðu rannsóknir rannsóknanna vegna, eða að rannsóknir væru á einhvern hátt merkilegri þáttur í starfi þeirra en kennsla; þvert á móti áttu þær að styðja við menntun og mótnun (þý. *Bildung*) nemendanna – háskólar áttu, sagði Fichte, að skapa „listamenn þekkingar“, og því urðu þeir að rækta með nemendum „tilfinningu fyrir hinu háleita, sem var hið sanna tæki siðferðilegs þroska ungdómsins“.¹⁴⁴ Þetta skýrði Schleiermacher á þann hátt í riti um þýska háskólastefnu frá árinu 1808, að háskólakennslan væri „hin sanna gagnvirka list“ (þý. *die wahre dialektische Kunst*). „Kennarinn verður að láta allt sem hann segir koma fram fyrir framan áheyrendur sína; hann má ekki segja frá því sem hann veit, heldur verður hann að endurgera þekkingu sína, verkið sjálft. Með því safna áheyrendur ekki aðeins þekkingu, heldur verða þeir beinlínis vitni að því hvernig skynsemi mannsins framleiðir þekkingu og læra að líkja eftir því.“¹⁴⁵

Þessi áhugi á lifandi tengslum rannsókna og kennslu er enn sýnilegur í skipulagi flestra háskóla í heiminum, þar sem vinnutíma háskólakennara er yfirleitt skipt upp á milli kennslu og rannsókna í ákveðnum hlutföllum. Önnur hugmynd Humboldts sem hafði víðtæk áhrif, ef ekki í reynd þá a.m.k. sem hugsjón, var áhersla hans á sjálf-

¹⁴⁴ Hofstater, *Romantic Idea of a University*, 93–94. – Um mennta- eða mótnarhugtakið *Bildung*, sjá Cheah, *Spectral Nationality*, 34–59. – Liedman, „In Search of Isis“, 74–106. – Bleicher, „Bildung“.

¹⁴⁵ Schleiermacher, *Gelegentliche Gedanken*, 62–63. – Crouter, *Friedrich Schleiermacher*, 140–68.



stæði háskóla gagnvart ríkisvaldinu. Í þessu fólst bæði frelsi kennara til að kenna það sem þeir vildu (þý. *Lehrfreiheit*) og háskólanema til að læra það sem hugur þeirra stóð helst til (þý. *Lernfreiheit*). Markmið háskólakennslunnar, að mati Humboldts, var að móta skynsama og sjálfstæða einstaklinga, og hann taldi að skólarnir þjónuðu ríkinu best með því að vekja forvitni nemenda sinna sem kenndi þeim að spyrja áleitinna spurninga og örvaði þá til að takast á við þau vanda- mál sem þeir sáu í kringum sig. Til að ná þessum markmiðum yrðu háskólar að fá að starfa í friði frá afskiptum ríkisins og leggja áherslu á breiðan grundvöll þekkingar frekar en að þeir framleiddu sér- fræðinga á þröngt skilgreindum fræðasviðum.

Í grófum dráttum má líta svo á að hið franska kerfi æðri mennt- unar og hugmyndir þýskra menntafrömuða á borð við Wilhelm von Humboldt og Friedrich Schleiermacher hafi gefið stjórnáráðgjafum og háskólafrömuðum á 19. og 20. öld val um tvær leiðir við skipu- lagningu háskóla, sem hvor um sig svaraði ákveðnum þörfum ríkis- valds og þjóðfélags fyrir háskólamenntun. Annars vegar var það ströng aðgreining námsins í fræðigreinar, undir eftirliti ríkisvaldsins, þar sem nemendur urðu sérfræðingar á tiltölulega þröngum sviðum. Slíkir skólar voru gjarnan hugsaðir sem hlýðnir þjónar ríkisins og sinnu þörfum þess fyrir opinbera embættismenn og atvinnulífið sem kallaði á sérhæft vinnuafli. Hins vegar var lítið á háskóla sem musteri frjálsrar hugsunar, þar sem nemendur lærðu að leita þekking- ar með sjálfstæðum rannsóknum. Samkvæmt þeim viðhorfum skyldu háskólar leggja áherslu á einingu þekkingarinnar, og þeir áttu að starfa sem mest án utanaðkomandi afskipta. *Einsamkeit und Frei- heit* – einvera og frelsi – voru kjörorð slíkra háskóla, þar sem nem- endur og kennarar fengu að vera í friði frá umheiminum við frjálsa þekkingarleit. Segja má að flestir evrópskir háskólar hafi í starfi sínu leitað ákveðins jafnvægis á milli þessara tveggja viðhorfa; þeir eru flestir í eigu og undir eftirliti ríkisins, enda fjármagnaðir af skatt- greiðendum, en um leið halda stjórnendur þeirra og starfsmenn mjög fram mikilvægi rannsóknarfrelsis fyrir framgang vísindanna. Frjáls vísindi eru því hugsjón háskólanna, en á meðan þeir eru háðir fjárveitingum frá hinu opinbera og líta á sig sem virka þátttakendur í þróun og uppbyggingu þjóðríkjanna þá hljóta þeir að taka eitthvert tillit til skoðana og vilja ráðamanna samfélagsins.

Björn M. Ólsen nefnir ekki þessi viðhorf sérstaklega í vígsluræðu sinni, en þó má greina þau sem eins konar undirtón í máli hans.





Björn M. Ólsen var fyrsti rektor Háskóla Íslands, 1911–12. Í setningarræðu sinni, 1911, setti hann fram stefnuyfirlýsingu sem líklega hefur verið vitnað til oftast en til nokkurra annarra ummæla sem hafa fallið í stofnuninni: „fullkomið rannsóknarfrelsi og fullkomið kennslufrelsi er nauðsynlegt skilyrði fyrir því að starf háskóla geti blessast.“

Þannig leikur enginn vafi á hvar hann vildi staðsetja Háskóla Íslands. Um markmið háskóla sagði hann:

Markmið háskóla er fyrst og fremst þetta tvent:

- 1) *að leita sannleikans* í hverri fræðigrein fyrir sig, – og
- 2) *að leiðbeina* þeim sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Með öðrum orðum: háskólinn er *vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun*.

Til að ná þessum markmiðum sínum var nauðsynlegt, bætti hann við, að háskólinn hefði „*fullkomið rannsóknarfrelsi og fullkomið kenslufrelsi*“. Vitnaði hann þar til reynslunnar, en á miðöldum hafði kirkjan sett ýmsar skorður við starfi skólanna, og eftir siðaskiptin lentu þeir oft undir valdi veraldlegra höfðingja, á þeim forsendum að þeir legðu fé til skólanna. „Þóttust þeir því hafa rjett til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kenslufrelsi háskólanna, og hafði það hvervetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kensla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andrútturinn er fyrir einstaklinginn“, útskýrði Björn fyrir fyrirfólkinu sem var hleypt inn í sal neðri deildar Alþingis við vígslu Háskólans. Því áttu afskipti landstjórnarinnar að takmarkast við það „að hafa eftirlit með því, að háskóla skorti ekki fje til nauðsynlegra útgjalda og að þeir fylgi þeim lögum, sem þeim eru sett, enn láta þá að öðru leyti hafa sem frjálsastar hendur um starf þeirra og málefni“.

Björn varð þó að viðurkenna að háskólar væru ekki aðeins vísindastofnanir, því að flestir þeirra höfðu einnig eitt markmið til viðbótar hinni frjálsu sannleiksleit, „og það er að veita mönnum þá undirbúningsmentun, sem þeim er nauðsynleg, til þess að þeir geti tekist á hendur ýms embætti eða sýslanir í þjóðfélaginu“. Þetta var nytsamleg starfsemi fyrir þjóðfélagið en ekki endilega alltaf „strangvísindaleg“, sagði hann, því að kennslan var lögud sérstaklega að þörfum nemendanna og samfélagsins. Ljóst var frá upphafi að þessi þáttur yrði áberandi í starfsemi Háskóla Íslands, því að eins og Björn benti á voru þrjár af fjórum deildum skólans myndaðar úr eldri embættismannaskólum og því beinlínis miðaðar við þarfir ríkisins fyrir starfsfólk. Vart var við því að búast, benti hann á, að þessar deildir „geti sett markið mikið hærra enn það, að vera góðar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn, eins og gömlu skólarnir voru áður“. Þegar þess er gætt að haustið 1911 voru allir 45 nemendur hins nýstofnaða háskóla skráðir í embættismannadeildirnar þrjár sést að þær hlutu að mynda kjarnann í starfsemi hans, a.m.k. til að byrja með. Eins gaf lýsing rektors á einu deildinni sem ekki sinnti beinlínis því markmiði að framleiða embættismenn fyrir ríkisvaldið, þ.e. Heimspekideildinni, ekki tilefni til annars en að þetta yrði raunin um langa hríð. Hún stóð enn ver að vígi en embættismanna-

deildirnar þrjár, viðurkenndi rektor, því að hlutverk hennar var fremur óskilgreint og starfskraftarnir takmarkaðir. Til að byrja með voru einungis þrír kennarastólar við Heimspekideild, ein prófessorsstaða í heimspeki (þ.e.a.s. í forspjallsvísindum sem allir nemendur skólans urðu að taka), önnur í íslenskrri tungu og menningarsögu og að síðustu ein dósentsstaða í sögu Íslands. Þetta var algerlega ófullnægjandi að mati rektors, því að nauðsynlegt væri fyrir „hvern mann, sem vill læra íslensku til nokkurrar hlítar, að kunna önnur germönsk mál, t.d. sjer í lagi gotnesku, og jafnvel hin fjarskildari indoeuropeisku mál ... og að bera nokkurt skyn á samanburðarmálfræði“. Ekkert af þessu stóð þó til boða við Háskóla Íslands. Eins taldi hann tæpast að kennslan í Íslandssögu kæmi að fullum notum eins og hún var hugsuð við stofnun Háskóla Íslands, „þar sem enginn kenslustóll er í almennri sagnfræði og enginn í sögu annara Norðurlandþjóða“. Að síðustu benti Björn M. Ólsen á þá augljósu staðreynd að mikilvæg svið vísindanna voru alls ekki stunduð í skólanum, því að „Stærðfræðisdeild og náttúruvísinda vantar alveg“ – og hefur hann Kaupmannahafnarháskóla þar greinilega í huga sem fyrirmynd.

Af máli Björns M. Ólsen má ráða að hann óskaði þess að Háskóli Íslands yrði „húmboldtsk“ vísindastofnun, eða a.m.k. vísir að háborg frjálsra rannsókna og kennslu á Íslandi, er fram liðu stundir. Því fór þó fjarri, sagði hann, að skólinn fullnægði „þeim kröfum, sem menn eru vanir að gera til háskóla nú á dögum“ þegar hann tók til starfa, en það dró þó ekki úr hjartsýni rektorsins. Skólinn var sniðinn að þörfum fátækrar þjóðar og bætti úr brýnustu þörfum hennar. Sagðist Björn vilja vona að þrátt fyrir vanmátt sinn í upphafi myndi „háskólinn get[a], þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmeningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla“. Erlent samstarf var lykilatriði í starfi hans, fullyrti Björn, því að ef Háskóli Íslands ræktaði ekki sambandið við umheiminn og styrkti „efnilega námsmenn til að fara til annara háskóla að afloknu námi hjer“, þá væri hætt við að sjóndeildarhringur þeirra yrði „þröngur og að háskóli vor, einkum meðan hann er ófullkominn, verði að nokkurs konar kínverskum múr, sem byrgi útsýnina til alheimsmeningarinnar“. Ef þetta yrði raunin, þá væri ver af stað farið en heima setið með stofnun Háskóla Íslands.¹⁴⁶

Greinilegt er að fyrsti rektor Háskóla Íslands sá skólann fyrir sér sem fyrsta skrefið í átt til frjós vísindastarfs á Íslandi, en erfið-

¹⁴⁶ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 8–14.



ara er að ráða í hvaða augum þeir sem réðu örlögum Háskólans í reynd – þ.e. alþingismenn og ráðherra – litu framtíð stofnunarinnar. Í hástemmdum málflutningi alþingismanna til stuðnings háskóla á Íslandi má sjá að lítið var á skólann sem skjaldborg íslensks þjóðernis og nauðsynlegan þátt í þróun íslenskrar menningar, jafnframt því að með stofnun háskóla lýstu Íslendingar yfir að þeir ættu heima meðal „siðmenntaðra“ þjóða. „Hann á að verða miðstöð þjóðlífs vors,“ sagði Stefán Stefánsson, náttúrufræðingur, skóla-meistari Gagnfræðaskólans á Akureyri og alþingismaður, um Háskóla Íslands á minningarhátíð um Jón Sigurðsson sem haldin var á Akureyri á aldarafmælinu; „miðstöð íslenskrar menningar hvaðan oss komi mannvit, þjóðleg heilbrigði og hvers konar þrifnaður, í einu orði hann á að verða heili vors litla þjóðarlíkama“.¹⁴⁷ Þeir sem studdu skólann gáfu lítið fyrir þau rök að Íslendingum yrði um megn að reka sinn eigin háskóla og bentu í því sambandi á fjölda dæma um háskóla sem byrjuðu smátt en urðu síðar að öflugum stofnunum.¹⁴⁸ En þegar kom að því að hrinda hugsjónunum í framkvæmd var oft eins og tvær grímur rynnu á þingmenn, meira að segja á þá sem voru skólanum hvað hlynntastir, því að fjárveitingar til háskóla hlutu ávallt að koma niður á öðrum verkefnum ríkisins þegar takmörkuðu fé var skipt niður í fjárlögum. Þetta birtist oft í nokkuð undarlegum þverstæðum í afstöðu alþingismanna; t.a.m. kvörtuðu sömu menn um stuttan aðdraganda að stofnun Háskóla Íslands og höfðu forystu um að skera niður fjárveitingar til hans á þingi árið 1911, sem olli því að kennurum voru ekki greidd laun fyrir en daginn sem skólinn hóf kennslu. Eins lögðu þingmenn ekki mikla áherslu á frelsi Háskólans í málflutningi sínum, enda átti fljótlega eftir að koma í ljós að stjórnámálmenn höfðu allt aðrar hugmyndir um rannsóknar- og kennslufrelsi Háskóla Íslands en Björn M. Ólsen. Ekkert af þessu var þó beinlínis sagt í ræðum á þingi eða lögum, og því var eðli Háskóla Íslands ekki skilgreint í eitt skipti fyrir öll heldur mótaðist það í stöðugri samningagerð og togstreitu á milli forystumanna skólans og ráðamanna þjóðarinnar. Þar héldu hinir fyrrnefndu gjarnan á loft heilögum rétti Háskólans til að ráða sér sjálfur á meðan hinir síðarnefndu bentu á lagaleg yfirráð ríkisvaldsins (og þá bæði löggjafar- og framkvæmdavalds) yfir skólanum og skyldur hans við skattgreiðendur (þ.e. íslenska þjóð). Þessi togstreita hefur einkennt sögu Háskóla Íslands frá upphafi, því að hann hefur ávallt verið hvort tveggja í senn, þjónustu-

¹⁴⁷ *Gjallarhorn* 22. júní 1911, 87.

¹⁴⁸ Sjá t.d. *Sunnanfari* okt. 1891, 28–33. Greinin er nafnlaus en mun vera eftir ritstjóra blaðsins, Jón Þorkelsson fræðimann í Kaupmannahöfn og síðar þjóðskjalavörð og alþingismaður.





I.2.4 HVERS KONAR SKÓLI?

stofnun fyrir eigendur sína (ríki og þjóð) og „borgari í hinna miklu respublica scientiarum“. Oft hefur reynst erfitt að setta þessi tvö viðhorf til Háskóla Íslands, en þó má líta á þau bæði sem kjölfestuna í starfi skólans.



3. Háskóla ýtt úr vör

1. Háskóli Íslands hefur störf

Laugardaginn 10. júní 1911, viku áður en Háskóli Íslands var vígður, komu nýráðnir kennarar við skólann saman í Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu. Kristján Jónsson ráðherra hafði boðað til fundarins og stjórnaði honum, enda var Háskólinn enn án lögmætrar stjórnar. Til að hægt væri að kalla kennara hins nýja háskóla saman hafði ráðherra skipað til bráðabirgða og án auglýsingar í allar lögbundnar kennarastöður við skólann. Reyndar voru stöðurnar auglýstar til umsóknar á sama tíma, en umsóknarfrestur rann ekki út fyrr en síðsumars, og því var ljóst að ekki yrði endanlega ráðið í störfin fyrr en eftir að skólinn var vígður.¹ Því var skipun ráðherra formlegur gerningur eingöngu, „svo hægt sé að kjósa rektor og deildarstjóra en annað ekki“, eins og Ísafold skýrði frá.² Allir nýsettu kennarnir mættu á fundinn, en þeir voru:

Guðfræðideild:

Jón Helgason prófessor
Haraldur Níelsson prófessor
Eiríkur Briem dósent

Lagadeild:

Lárus H. Bjarnason prófessor
Einar Arnórsson prófessor
Jón Kristjánsson prófessor

Læknadeild:

Guðmundur Björnsson prófessor
Guðmundur Magnússon prófessor
Andrés Fjeldsted augnlæknir, aukakennari
Ásgeir Torfason efnafræðingur, aukakennari
Guðmundur Hannesson, héraðslæknir í Reykjavík, aukakennari
Sæmundur Bjarnhéðinsson holdsveikralæknir, aukakennari
Vilhelm Bernhöft tannlæknir, aukakennari
Pórður Sveinsson „geðveikralæknir“, aukakennari

Heimspékideild:

Björn M. Ólsen prófessor
Ágúst H. Bjarnason prófessor
Hannes Þorsteinsson dósent

¹ Sbr. *Reykjavík* 10. júní 1911, 94.

² *Ísafold* 10. júní 1911, 146.



*Fyrsta háskólaráðið:
Efst til vinstri: Jón Helgason
forseti Guðfræðideildar.
Efst til hægri: Lárus H.
Bjarnason forseti Laga-
deildar.
Neðst til vinstri: Guðmundur
Magnússon forseti Læknadeildar.
Neðst til hægri: Ágúst H.
Bjarnason forseti Heimspeki-
deildar.
Í miðju: Björn M. Ólsen
háskólarektor.*

Aðeins eitt mál lá fyrir háskólafundinum, þ.e. að kjósa rektor Háskóla Íslands. Ekki þótti tilhlýðilegt að stofnunin væri án yfirmanns við vígsluna, enda var rektorinum ætlað að flytja hátíðarræðu við athöfnina. Varð Björn M. Ólsen fyrir valinu – kennarar Læknadeildar höfðu viljað kjósa einn úr sínum röðum, Guðmund Magnússon prófessor, enda voru þeir tæpur helmingur kennara skólans, en hann hafnaði heiðrinum.³ Strax að kennarafundinum loknum héldu allar fjórar deildir Háskólans sína fyrstu deildarfundir í Stjórnarráðshúsinu, en fyrir þeim lá það eitt að velja deildarforsetana fjóra. Jón Helgason, fyrrverandi forstöðumaður Prestaskólans og síðar biskup yfir Íslandi, var kjörinn fyrsti forseti Guðfræðideildar, Guðmundur Magnússon deildarforseti Læknadeildar, Lárus H. Bjarnason, fyrrverandi forstöðumaður Lagaskólans og síðar hæstaréttardómari, forseti Lagadeildar, og Ágúst H. Bjarnason, prófessor í heimspeki, forseti Heimspekideildar.⁴

³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I, 10. júní 1911. – *Ísafold* 14. júní 1911, 150.

⁴ Sbr. *HÍ*. Gjörðabækur Guðfræði-, Heimspeki-, Laga- og Læknadeildar Háskóla Íslands, 10. júní 1911.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.3 HÁSKÓLA ÝTT ÚR VÖR

Það sem eftir lifði sumars gerðist fátt í málum Háskólans. Ekki var gengið endanlega frá skipun í prófessorsembættin fyrr en með konungsúrskurði hinn 22. september, enda gerðu háskólalögin ekki ráð fyrir, eins og áður sagði, að starfsmenn skólans kæmu til starfa fyrr en kennsla hæfist í október – og reyndar var bráðabirgða-reglugerð skólans ekki undirrituð af konungi fyrr en 4. október, tveimur dögum eftir að skólinn tók til starfa.⁵ Nær allir þeir sem settir höfðu verið til starfa um sumarið voru á endanum skipaðir í embætti við Háskólann, og kom því fátt á óvart við ráðningarnar. Lítil samkeppni virðist reyndar hafa verið um flest störf, því að aðeins einn umsækjandi var um öll nema þrjú embættin – og reyndar virðist Björn M. Ólsen aldrei hafa sótt um prófessorsembættið í íslenskri málfræði og bókmenntasögu, en fékk það samt. Að hluta til stafaði þetta af því að flestir kennaranna við gömlu embættismannaskólana fluttust einfaldlega yfir í hinn nýja háskóla, og enginn virðist hafa treyst sér til (eða dottið í hug) að keppa við þá. Fyrirverandi forstöðumaður Læknaskólans, Guðmundur Björnsson landlæknir, var þó ekki skipaður prófessor, enda gerðu háskólalögin ekki ráð fyrir að landlæknir kenndi við skólann. Í hans stað var Guðmundur Hannesson skipaður í prófessorsembætti, og þótti hann sjálfkjörinn í það. Eiríkur Briem, sem lengi hafði kennt við Prestaskólann, sóttist heldur ekki eftir dósentsstarfi við Háskóla Íslands – að öllum líkindum vegna aldurs. Í hans stað var Sigurður P. Sívertsen, prestur á Hofi í Vopnafirði, skipaður dósenti í guðfræði.⁶

Skipun kennaranna við einu deild skólans sem var algerlega ný, Heimspekideild, var eðli málsins samkvæmt öllu óvissari. Björn M. Ólsen rektor þótti þó sjálfskipaður, því að, svo vitnað sé í meðmæli Kristjáns ráðherra með honum til konungs, þá var nafn Björns „som Videnskabsmand ... kendt og skattet ikke blot her i Landet og i Danmark, men tillige langt udover Rigets Grænser“.⁷ Samkeppnin var aftur á móti hörð um prófessorsembættið í heimspeki, því að um það sóttu tveir mjög hæfir kandidatar, Ágúst H. Bjarnason og Guðmundur Finnbogason. Báðir voru þeir með próf í heimspeki frá Kaupmannahafnarháskóla og báðir voru langt komnir með doktorsritgerðir sínar við sama skóla og stóðu því jafnfætis hvað menntun áhræðði. Ágúst hafði nokkra reynslu af kennslu sem stunda- og aukakennari við Lærða skólann og var því upphaflega settur í prófessorsembættið, en þar sem Guðmundur hafði þegar lagt doktorsritgerð sína fram til varnar þegar að veitingunni kom en Ágúst ekki þá gerði hann sér góðar vonir um að hreppa hnossið.⁸

- ⁵ Sbr. *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands; ráðherra sendi konungi tillögu að reglugerðinni 20. sept. 1911.
- ⁶ Benjamín Kristjánsson, *Íslenzkir guðfræðingar* I, 145–48, 267–69. – Magnús Jónsson, síðar prófessor í guðfræði og ráðherra, sótti um starfið á móti Sigurði, en hann var nýskriðinn frá prófborði í Prestaskólanum og kom því ekki til greina í þetta sinn. – *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands. Magnús Jónsson til ráðherra 21. júní 1911.
- ⁷ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands, Kristján Jónsson til konungs 8. sept. 1911. – Ráðherra var ekki einn um þessa skoðun, sbr. *Þjóðólfrur* 18. ágúst 1911, 117–18.
- ⁸ Sjá Jörgen L. Pind, *Frá sál til sálar*, 297–315.

Þegar til kom mælti ráðherra með Ágústi, þótt hann játaði að erfitt væri að gera upp á milli umsækjendanna.⁹ Ekki er augljóst hvers vegna ráðherra valdi Ágúst á endanum, en þó hafa mjög lofsamleg meðmæli Björns M. Ólsen sjálfsagt skipt sköpum. Vísaði rektor sérstaklega til bókaflöksins *Saga mannsandans*, en að mati Björns hafði Ágúst með „þeim 3 bindum, sem út eru komin, ... þegar gefið þjóð sinni dírmaeta gjöf, er fræðir hana um efni, sem lítið eða ekkert var áður ritað um á íslenska tungu“.¹⁰ Að síðustu skipaði ráðherra Jón Jónsson, sem síðar tók sér eftirnafnið Aðils, í starf dósentis í íslenski sögu og hafnaði þar með Hannesi Þorsteinssyni, sem hafði verið settur í embættið. Tók Hannes sér þetta að vonum mjög nærri því að hann hafði gengið út frá því að verða skipaður í dósentsembættið.¹¹ Enginn rökstuðningur fylgdi ákvörðun ráðherrans, enda gekk hann algerlega óbundinn til embætta-veitinganna. Upphafleg skipun Hannesar í starfið var þó harðlega gagnrýnd af ýmsum, enda var hann umdeildur vegna stjórn málaafskipta sinna, og kann það að hafa haft áhrif á ráðherrann.¹²

Veiting fyrstu kennaraembættanna við Háskóla Íslands sýnir vel hversu ósjálfstæður hinn nýi skóli var í samskiptum sínum við landstjórnina – og reyndar hversu veikburða bæði landstjórnin og vísindasamfélagið voru í landi með aðeins einn ráðherra og mjög takmarkaða akademíska hefð. Þótt skipun prófessora væri að forminu til í höndum konungs var það í raun geðþótti ráðherrans sem réð valinu, því að konungur féllst athugasemdalaust á allar tilnefningarnar. Eins og oft var bent á í blöðum réðust veitingar embætta á Íslandi á þessum árum oft fremur af pólitískum tengslum umsækjenda við veitingarvaldið en hæfileikum þeirra,¹³ og ásanir um pólitískar ráðningar áttu eftir að heyrast oft á næstu áratugum í tengslum við skipun kennara við Háskóla Íslands. Guðmundur Finnbogason, einn þeirra umsækjenda sem var hafnað haustið 1911, gagnrýndi valið í embættin harðlega í grein sem hann birti í Reykjavíkurblaðinu Ingólfi í nóvember 1911. Þegar fleiri en einn hæfur einstaklingur sækir um starf, benti hann á, „á hver samvizkusöm stjórn að láta umsækjendur keppa um embættið, og kveðja í dómnefnd þá menn, innan lands eða utan, sem færastir eru að dæma um hæfileika umsækjenda“. Slíkan hátt höfðu þær þjóðir á „er best meta mannvit“, fullyrti Guðmundur, og taldi hann að sjálfsagt hefði verið að leita til heimspekikennaranna við Kaupmannahafnarháskóla þegar að því kom að gera upp á milli sín og Ágústs H. Bjarnasonar, enda þekktu þeir vel til umsækjendanna beggja. Eins fannst honum að skipa hefði átt nefnd innlendra sérfræðinga til að velja á

⁹ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands.

Kristján Jónsson til konungs, 8. sept. 1911.

¹⁰ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 3, nr. 365. Háskóli Íslands. Björn M. Ólsen, 20. júlí 1911.

Ráðherra tekur fram í tilnefningu til konungs að Ágústi sé sérstaklega hælt fyrir „nogle stórra filosofiske Værker“ og vísar þar greinilega til ummæla Björns.

Kristján Jónsson til konungs, 8. sept. 1911.

¹¹ Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar*, 358–61.

¹² *Sbr. Lbs.* 3482, 4to.

Finnur Jónsson til Björns M. Ólsen, 6. júlí 1911.

¹³ Sjá t.d. *Ísafold* 3. júní 1911, 141.

I. EMBÆTTISMANNSKÓLINN – I.3 HÁSKÓLA ÝTT ÚR VÖR



Innsigli Háskólans með mynd grísku gyðjunnar Pallas Aþenu. Innsiglið var notað allt frá 1911, en engar heimildir finnast um að háskólaráð hafi samþykkt að taka það upp eða ráðið mann til að hanna það. Saga segir að myndin hafi verið á persónulegu innsigli Björns M. Ólsen rektors og hann gripið til að nota það þegar Háskólinn þurfti á innsigli að halda.

milli þeirra þriggja sem sóttu um dósentsembættið í sögu frekar en að velja einn þeirra án fræðilegs mats.¹⁴ Slíkar aðferðir við mannaáðningar voru þó óþekktar á þessum tíma á Íslandi, og engin merki finnast um að tillögur Guðmundar hafi hlotið nokkurn hljómgrunn meðal samtímamanna hans.

Þegar lítið er á fyrsta kennarahópinum við Háskóla Íslands vekur athygli hversu einsleitur hann var bæði hvað menntun og aldur kennaranna varðar. Allir voru þeir karlar á „besta aldri“, en Björn M. Ólsen var langelstur þeirra, eða 61 árs þegar Háskólinn var settur fyrsta sinni. Jón Kristjánsson lagaprófessor var aftur á móti þeirra yngstur, aðeins 26 ára. Sjö hinna ellefu prófessora og dósentar við skólann voru aftur á móti á fimmtugsaldri, og voru sex þeirra, eða rúmur helmingur, fæddir á fjögurra ára bili (1866–69). Allir kennarnir höfðu lokið prófi frá Lærða skólanum í Reykjavík, enda var hann eini framhaldsskóli landsins á þessum tíma, og allir höfðu þeir menntast eftir það við háskólann í Kaupmannahöfn. Reyndar höfðu allir kennarnir nema einn lokið meistaraáráðu með fyrstu einkunn frá Kaupmannahafnarháskóla – eina undantekningin frá þeirri reglu var Jón Jónsson, dósent í sagnfræði, sem engu háskólaprófi hafði lokið þótt hann hefði lagt stund á háskólanám í Kaupmannahöfn um allanga hríð.¹⁵ Aðeins einn kennara hins nýja skóla gat státað af doktorsnafnbót við upphaf fyrsta háskólaársins, þ.e. rektorinn sjálfur, Björn M. Ólsen. Ágúst H. Bjarnason varði reyndar sína doktorsritgerð í heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla í lok októbermánaðar 1911, og þar með voru tveir af ellefu föstum kennurum skólans með doktorspróf.¹⁶

Háskólinn var settur í fyrsta sinn í sal neðri deildar Alþingis mánudaginn 2. október 1911. Í upphafi fyrsta háskólaársins var 41 nemandi skráður í skólann, en þeim hafði fjölgað um fjóra áður en því lauk.¹⁷ Læknadeildin var fjölmennust fyrsta háskólaárið, eins og hún var nær öll árin sem skólinn starfaði í Alþingishúsinu, með 23 nemendur. Lagadeildin fylgdi þar fast á eftir með 17 nemendur. Fimm nemendur lögðu stund á guðfræði, en fyrsta háskólaárið var enginn nemandi skráður í Heimspekideild. Því verður tæplega sagt að Háskóli Íslands hafi valdið byltingu í menntamálum Íslendinga, a.m.k. ekki til að byrja með. Þrátt fyrir fögur fyrirheit hafði lítið annað gerst við stofnun skólans en að þrír starfandi embættismannaskólar höfðu sameinast undir einu þaki – og það reyndar ekki undir sínu eigin þaki. Gátu velunnarar hins nýja skóla því lítið annað en vonað að rektorinn yrði sannspár þegar hann minnti landsmenn á að mjór væri mikils vísir.

¹⁴ Guðmundur Finnbogason, „Tvær embættaveitingar“, 186–87.

¹⁵ Páll Eggert Ólason, „Jón Jónsson Aðils“, 225–48.

¹⁶ Páll Eggert Ólason og Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár* I–VI.

¹⁷ *Vísir* 6. okt. 1911, 37. – *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 20–21.



Kristjánúháskóli eins og hann leit út þegar hann bauð til hundrað ára afmælishátíðar. Þessum glæsilegu byggingum var lokið árið 1852.

2. Ólsens-hneykslið

Í vígsluræðu sinni hinn 17. júní 1911 las Björn M. Ólsen, greinilega nokkuð stoltur, skeyti þar sem honum – sem fulltrúa Háskóla Íslands – var boðið til afmælishátíðar háskólans í Kristjanú (eða Osló eins og höfuðborg Noregs var kölluð síðar). Æðsta menntastofnun Noregs varð einmitt aldargömul sama ár og Háskóli Íslands var stofnaður, og stóð til að halda upp á afmæli hennar með pomp og pragt snemma í september 1911. Það var því vel við hæfi að Kristjánúháskóli sendi „Háskóla Íslands (*Søsteruniversitetet*) í Reykjavík sínar bestu kveðjur á vígsludeginum“, eins og sagði í skeytinu, og túlkaði rektor þetta sem lýsandi dæmi „þeirrar samúðar, sem háskólar bera hvor til annars“; þ.e. þótt Háskóli Íslands væri að sönnu fremur ófullburða stofnun, þá voru norskir háskólamenn greinilega tilbúnir að taka á móti honum sem fullgildum meðlim í alþjóðlegu samfélagi vísindanna.¹⁸


Áður en yfir lauk breyttist gleðin yfir boðinu á afmælishátíðina í Kristjanú þó í hálfgerða martröð fyrir Björn rektor. Strax daginn eftir aðalhátíðina, sem haldin var í þjóðleikhúsi Norðmanna 5. september, birtist stutt frétt með langri fyrirsögn í Reykjavíkurblaðinu Ísafold: „Stórhneyksli. B. M. Ólsen háskólarektor þegir við smánum Erslevs Stór-Dana á háskóla vorum“.¹⁹ Tilefni fréttarinnar var símskeyti sem samflokksblaði Ísafoldar, Ríki, hafði borist frá höfuðstað Noregs, en þar var ýjað að skammarlegri framkomu há-

¹⁸ *Árbók Háskóla Íslands* 1911–12, 11.

¹⁹ *Ísafold* 6. sept. 1911, 213.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.3 HÁSKÓLA ÝTT ÚR VÖR



Ísafold sagði frá því á forstöðu að Björn M. Ólsen hefði setið þegjandi undir smánandi ummælum Kristians Erslev á afmælishátíð Kristjaníuháskóla. Björn var pólitískur andstæðingur Ísafoldar. Blaðið studdi Sjálfstæðisflokkinn, en Björn hafði setið á Alþingi sem konungkjörinn þingmaður tilnefndur af ráðherra Heimastjórnar-flokksins, Hannesi Hafstein.

skólarektors á afmælishátíðinni. Á frummálinu hljómaði skeytið svo: „Erslev Hilsen Universitet Reykjavík Höjskole Olsen tav.“²⁰ Þennan heldur stuttaralega texta túlkaði blaðamaður Ísafoldar þannig að Björn M. Ólsen, sem hafði – eins og blaðamaðurinn minnti lesendur blaðsins á – verið kostaður af landsfé til að sitja afmælið, hafi beygt sig auðmjúklega fyrir rektor Kaupmannahafnarháskóla og orðið með því þjóð sinni og Háskóla Íslands til skammar. Í stað þess að tala sjálfur fyrir hönd sinnar stofnunar við hátíðina hafi rektor nefnilega setið þegjandi undir móðgandi ummælum Kristians Erslev kollega síns, en hann var einn kunnasti sagnfræðingur Dana um þær mundir. Björn lét, segir höfundur Ísafoldargreinarinnar, þannig „Stór-Danann Erslev, háskóla- rektor Dana, koma þar fram með kveðju frá háskóla vorum og smána hann um leið með því að kalla hann „lýðskóla“ (Höjskole) en þegir sjálfur“. Þetta þótti blaðinu „ófyrirgeflegt af háskóla- rektorunum“, því vont væri til þess að hugsa „að háskóli vor eigi sér [enga] vörn sem rektor hans er“.²¹

Blaðið Ríki bætti um betur. Greinarhöfundur þess var ekki í nokkrum vafa um að hér hafi verið um að ræða alvarlega og meðvit- aða árás danskra stjórnvalda á sjálfstæði hins nýja skóla og um leið á sjálfstæðiskröfurfur Íslendinga, enda teldu þau „það jafnan ganga landráðum næst ef Íslendingar eiga nokkur skifti við erlendar þjóðir án þess að þeir sjeu milligöngumenn, alt gangi gegnum þeirra hendur“. Af þeim sökum væru Danir Íslendingum ævareiðir nú, fullyrti hann, fyrir að „hafa stofnað háskóla (Universitet) og gera sjer alt far um að koma öðrum þjóðum á þá skoðun, að þessi skóli sje ekkert annað, en hið sama, sem þeir (Danir) kalla „Höjskole“, þ.e.: Lýðskóli, eins og t.d. Hvítárþakka-skólinn og „stumparaskól- arnir“ jözk“.²²

Að hluta til var þessi árás á Björn M. Ólsen sjálfsgagt sprottin af flokkspólitískum hvötum, því að rektorinn hafði setið á þingi í nokkur ár (1905–08) fyrir Heimastjórnarflokkinn, en blöðin sem gengu harðast fram í gagnrýninni á Björn studdu Sjálfstæðisflokkinn gamla. Rektor leit greinilega sjálfur á skrifin um háskólahátíðina fyrst og fremst sem pólitískt skítkast, og kallaði hann skeytið sem hrinti þeim af stað „eitt af frægðarverkum hins alræmda ‚sendiherra frá Vogí“²³ – og átti hann þar við Bjarna Jónsson frá Vogí, þingmann Sjálfstæðisflokksins og tilvonandi dósent í klassískum málum við Há- skóla Íslands. En um leið bar þessi stormur vott um ofurviðkvæmni Íslendinga á upphafsárum 20. aldar gagnvart afstöðu útlendinga, og

²⁰ Í íslenskri þýðingu:

„Erslev kveðja Há- skólinn Reykjavík lýðskóli Ólsen þagði“. – Ríki 8. sept. 1911, 32.

²¹ Ísafold 6. sept. 1911, 213.

²² Ríki 8. sept. 1911, 32.

²³ Ísafold 14. okt. 1911, 252.





Kristian Erslev, sá sem móðgaði Íslendinga á aldarafmæli Kristjánúháskóla, var afar hátt metinn fræðimaður og var talinn hafa innleitt nýja vísindalega stefnu í sagnfræði í Danmörku.

þá ekki síst Dana, til landsins og íslensks þjóðernis. Háskóli Íslands átti að þjóna sem tákni um að Íslendingar væru þjóð meðal þjóða, og því tóku þeir afar óstínt upp ef dregið var í efa að stofnunin stæði fyllilega undir háskólanafninu. Margir báru einnig þann ótta í brjósti að Háskóli Íslands yrði þegar upp væri staðið lítið annað en útibú frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Samkvæmt greininni í Ríki höfðu Danir „nú öll útispjót til þess að gera háskóla vorn að seli, eða hjáleigu, sem liggja algerlega undir yfirráðum danska háskólans og verði svo sem dilk-rýja á spenum hans“. Það að rektor hafði bersýnilega ekki risið upp og varið sjálfstæði og heiður Háskóla Íslands sá greinarhöfundur sem skýran vott um að skólinn væri þegar kominn á þessa óheillabraut – þ.e. í stað þess „að hefja sjálfstætt andlegt líf í landinu á þjóðlegum grundvelli, tungu vorri og þjóðerni til stuðnings og til eflingar öllu sjálfstæði þessa þjóðlands“, eins og gengið hafði verið út frá í öndverðu, ríkti nú það sjónarmið að skólanum væri helst ætlað „að útvega nokkrum mönnum hærri laun, meiri nafnbætur eða ný embætti“.

Hvaða ástæða sem lá að baki þessari gagnrýni þá hratt fréttaskeytið frá Kristjánú af stað harðvítugum deilum í íslenskum blöðum. Reyndar var meira fjallað um „Ólsens-hneykslið“ en nokkuð annað í starfsemi skólans fyrstu starfsár hans, því að greinar birtust um það í flestum ef ekki öllum blöðum landsins.²⁴ Af þessum sökum sáu yfirvöld háskólans í Kristjánú sig tilneydd til að bregðast við málflutningi íslensku blaðanna og þeirri gagnrýni sem þau höfðu fengið í Noregi, m.a. frá sagnfræðingnum J. Macody Lund sem sakaði landa sína um að ganga erinda Danmerkur gegn Íslendingum.²⁵ Sögðu þau uppflaupið allt á misskilningi byggt. Ástæðan fyrir því

²⁴ Sjá t.d. *Ísafold* 9. sept. 1911, 219. – *Löggrjetta* 9. sept. 1911, 163. – *Ingólfur* 12. sept. 1911, 146. – *Nordurland* 16. sept. 1911, 147. – *Ingólfur* 19. sept. 1911, 149. – *Löggrjetta* 20. sept. 1911, 176. – *Ríki* 22. sept. 1911, 39. – *Ísafold* 23. sept. 1911, 226. – *Birkibeinar* 1. okt. 1911, 26. – *Vísir* 6. okt. 1911, 38.

²⁵ Upplýsingar frá sagnfræðingnum Jorunn Sem Fure, en hún fjallar um gagnrýnina í Noregi í úttöku III. bd. sögu Oslóarháskóla.

að Björn M. Ólsen ávarpaði ekki samkomuna í norska þjóðleik-húsinu hafi einfaldlega verið sú að ekki hafi gefist nægur tími til að leyfa fulltrúum allra þeirra háskóla sem boðið var til hátúðarinnar að stíga í pontu. „Öllum háskólum var, eins og við önnur háskóla-afmæli, raðað í flokka, og hafði hver flokkur aðeins einn formælenda“, sagði í yfirlýsingu forsvarsmanna skólans, en Háskóla Íslands var þar raðað með Kaupmannahafnarháskóla. Féll það í hlut rektors hinnar eldri og stærri stofnunar að mæla fyrir hönd hinnar smærri og yngri, og því hafði Björn M. Ólsen ekki neitt tækifæri til að bregðast opinberlega við orðum Erslevs.²⁶ Kristian Erslev útskýrði málið líka fyrir sitt leyti og bar af sér allar tilraunir til að smána Háskólann. Sagðist hann hafa valið orðið „Højskole“ frekar en „Universitet“ um Háskóla Íslands þegar hann ávarpaði afmælisamkomuna, því að sér hafi þótt „eðlilegt, að velja það danska orð, sem alveg svarar til hins íslenska nafns á háskólanum“. Sér hafi heldur ekki verið kunnugt um að hið opinbera nafn Háskóla Íslands á danskri tungu væri Islands Universitet, og hefði hann „vitað það, mundi jeg hafa notað það nafn, að minsta kosti í annað skiftið, sem jeg nefndi háskólann“.²⁷

Deilan um Ólsens-hneykslið dó út nær því jafnsnögglega og hún gaus upp, og hún virðist ekki hafa skilið eftir sig varanleg ör á sál íslenskra háskólamanna. Hún lýsir þó vel þeirri viðkvæmni sem ríkti hér á landi gagnvart viðhorfum Dana til Íslendinga, og reyndar má einnig ráða af henni hvaða augum danskir háskólamenn litu Háskóla Íslands, a.m.k. á fyrstu starfsárum hans. Hvað viðhorf Íslendinga varðar er rétt að muna að eitt helsta markmiðið með stofnun Háskóla Íslands var að rjúfa þá einokun sem Kaupmannahafnarháskóli hafði haft á menntun íslenskra embættismanna, og því brugðust landsmenn afar hart við þegar rektor háskóla þeirra mótmælti því ekki að Háskóli Íslands væri spyrstur við Kaupmannahafnarháskóla. Fyrri ummæli Kristians Erslev höfðu ennfremur ýtt undir tortryggni Íslendinga. Ýmislegt hafði þannig komið fram sem benti til þess að rektorinn og kollegar hans við háskólann í Kaupmannahöfn tækju hinn nýja háskóla á Íslandi ekki alltof hátúðlega. Íslensku blöðin gerðu sér til að mynda mat úr viðtali við Erslev sem birtist í danska blaðinu Politiken síðla júnímánaðar 1911, en þar var Erslev beðinn um að skýra út hvers vegna Kaupmannahafnarháskóli hefði látið undir höfuð leggjast að senda Háskóla Íslands heillaóskaskeyti á vígsludeginum.²⁸ Tílefni viðtalsins var bréf sem

²⁶ *Lögretta* 11. okt. 1911, 193 (yfirlýsingin var tekin úr *Morgenbladet* 24. sept. 1911). – Björn M. Ólsen, „Háskólahátíðin í Kristjaníu“, 252.

²⁷ *Þjóðólfur* 13. okt. 1911, 150. – Yfirlýsingin birtist fyrst í *Berlingske Tidende* 19. sept. 1911.

²⁸ Sjá t.d. *Lögretta* 19. júlí 1911, 132. – *Gjallarhorn* 5. ágúst 1911, 105.

blaðinu hafði borist frá fyrrverandi nemanda við Kaupmannahafnarháskóla, en sá furðaði sig á fálæti háskólans í Kaupmannahöfn í garð hinnar nýju stofnunar í Reykjavík. Þessari ásökun svaraði Erslev þannig að sér hefði ekki borist nein formleg tilkynning frá Íslandi um stofnun háskólans, eins og venja væri við slík tækifæri, og því hafi yfirvöld Kaupmannahafnarháskóla ekki haft hugmynd um að vígsluhátíðin stæði fyrir dyrum. Finnur Jónsson, prófessor í norrænum málum við Kaupmannahafnarháskóla og bróðir Klemensar landritara, endurtók þessa skýringu í bréfi til Björns M. Ólsen litlu síðar þar sem hann sagði að orsökina „til þess, að þið fenguð ekkert telegr. frá háskóla hjer, var sú að háskólinn hjer fjekk ekkert officielt, ekki einu sinni að vita, frá ykkur. Og það var þó lafhægt að *tilkynna* setninguna hjer. Það var ‚feill‘, sem hefur gert ilt eða ekki bætt.“²⁹ Björn svaraði Finni að bragði og sagði að hógværd ein hafi valdið því að stofnun Háskólans hafi ekki verið tilkynnt með formlegum hætti. „Við (jeg að minsta kosti) vildum ekki tildra okkur upp, eins og við stæðum jafnfætis öðrum háskólum, sem bera það nafn með rjettu. Þessi vísir til háskóla, sem hjer er settur á stofn, hefði verið nokkuð þræntiðs [dramblátur], ef hann hefði farið að tilkinna háskólum heimsins tilveru sína.“³⁰

Örugglega bjó hér fleira undir en skortur á formlegum tilkynningum, eins og reyndar má lesa bæði út úr fyrrsögn og lokaorðum fyrrnefnds viðtals við Kristian Erslev. „Kjøbenhavns Universitet og Højskolen i Reykjavík“ kallaði blaðamaður Politiken viðtalið og byggði fyrrsögnina sjálfsagt á orðum Erslevs sjálfs í viðtalinu, þar sem hann segir að „vígsla Reykjavíkur-háskóla“ (da. „Reykjavik-Højskolens Indvielse“) hafi í sjálfu sér ekki verið sérlega merkilegur viðburður, „því að hann vissi ekki betur en að þessi háskóli [Højskole] væri aðeins samruni þriggja skóla, sem hefðu starfað um alllangan tíma; við háskólann [Højskolen] væru víst líka aðeins ráðnir örfáir dósentar“.³¹ Af þessu má ráða að háskólarektorum fannst Háskóli Íslands tæplega standa undir nafni sem „universitet“, og því hafi hann ekki séð ástæðu til að gera mikið veður út af stofnun hans.


Einn góðkunningi Íslendinga í kennaraliði Kaupmannahafnarháskóla, Knud Berlin lagaprófessor, tók í svipaðan streng. Í langri grein sem hann birti í danska blaðinu Nationaltidende síðla júlímánaðar 1911 gagnrýndi hann harðlega þann flumbrugang sem honum fannst hafa einkennt stofnun Háskóla Íslands. Lítil breyting hafi í raun orðið við stofnun skólans, því að hann ætti ekkert hús og

²⁹ Lbs. 3482, 4to. Finnur Jónsson til Björns M. Ólsen, 6. júlí 1911.

³⁰ KB. Nks. 4597, 4^o, kapsel 15, N-01. Björn M. Ólsen til Finns Jónssonar 19. júlí 1911.

³¹ *Politiken* 29. júní 1911.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.3 HÁSKÓLA ÝTT ÚR VÖR



ekki stæði til að byggja það sökum peningaleysis. Helsta nýjungin var, að mati Berlins, sú „að kennararnir fá fínna nöfn: prófessorar og dósentar, – í þetta skifti hafa Íslendingar, hinir ströngu málhreinsunarmenn, látið svo lítið, að taka upp útlenda titla, sem hljóma „fínna“ en hinir íslensku“. Alvarlegasti gallinn við nýja skólann var þó sá, að mati prófessorsins, að ekkert benti til þess að Íslendingar, sem væru svipaðir að fjölda og íbúar dönsku eyjanna Falsturs og Lálands samanlagt, hefðu nokkra burði til að reka háskóla – „universitet“. Danir, sem þó voru 30 sinnum fleiri en Íslendingar, efuðust oft sjálfir um getu sína í þessum efnum.

Hvernig munu Íslendingar geta lagt fé til kostnaðarmikilla, vísindalegra stofnana, t. d. læknisfræðislegra, sem þó eru ærið þung byrði fyrir slíkt smáríki sem Danmörku. Og hvernig munu þeir geta lagt háskólanum til nógu marga námsmenn, ef ekki öll þeirra menning á að verða einræn skólamentun og þjóðin að skólagentnum stjórnmalabröskurum? Þess þarf þó

Ísland síst við. ... Og hvernig á að útvega íslenska vísindamenn til kennslustarfanna? Enn sem komið er, mun ekki vera um auðugan garð að gresja að því leyti, og sjest það best á því, hvaða menn hafa verið skipaðir í embættin við hinn nýja háskóla, því að, að rektor einum undanteknum, mun ekki þeirra á meðal finnast einn einasti, sem hefir aflað sér neinnar vísindalegrar nafnbótar eða ritað eitt einasta vísindalegt verk, sem nokkurt gildi hefir, einn þeirra er jafnvel nýsloppinn frá eksamensborðinu. Ef til vill reynast þeir nýtir menn, en eins og oft vill brenna við á Íslandi, er hér að eins að ræða um víxla, sem eiga að borgast í framtíð. Og þessir óreyndu vísindamenn, sem sjálfir engar vísindalegar „gráður“ hafa, að einum undanteknum, eiga framvegis að úthluta lögfræðislegum, læknisfræðislegum og heimspekislegum „doktorsgráðum“, eins og þeim þykir best við eiga.³²

Sjálfsgat tengdust orð prófessorsins að einhverju leyti þeim deilum sem hann hafði átt í við Íslendinga vegna skrifa sinna um stöðu landsins í danska ríkinu, en þó er tæplega hægt að skrifa gagnrýni hans eingöngu á þann reikning. Benti hann á mörg af þeim vandamálum sem forystumenn Háskóla Íslands og íslensk stjórnvöld stóðu frammi fyrir á næstu árum, ekki síst ef þau höfðu hug á að láta Háskóla Íslands standast alþjóðlegar kröfur til háskóla. Skólinn var sannarlega ekki burðug stofnun til að byrja með – húsnaðislaus, nær bóka- og tækjalaus, og fámennur bæði af kennurum og nemendum. Íslendingar áttu því eftir að sanna fyrir umheiminum, og sjálfum sér um leið, að þeir vildu reka *raunverulegan* háskóla – *universitet* – en ekki aðeins íslenska gerð af „jóskum stumparaskóla“. Þar þýddi lítið að hneykslast á viðhorfum danskra háskólamanna eða gagnrýna rektor Háskóla Íslands fyrir óþjóðhollustu, heldur þurfti að styrkja stöðir skólans sjálfs og bæta aðstöðu starfsmanna og nemenda. En það kostaði fé og hæfan mannskap, eins og Knud Berlin benti á, því að nafnið eitt skapar ekki starfhæfa stofnun.

³² Greinin birtist fyrst í blaðinu *Nationaltidende*, en hér er stuðst við þýðingu Árna Pálssonar. – Árni Pálsson, „Vingjarnleg kveðju-sending“, 117.

4. Í tvíþýli við Austurvöll¹

1. Frá miðju út á jaðar

Í greinargerð forstöðumanna embættismannaskólanna þriggja, sem fylgdi með frumvarpi um Háskóla Íslands á Alþingi árið 1909, áætluðu þeir húsnæðisþörf hins nýja háskóla. Þar var gert ráð fyrir að Háskólinn þyrfti í það minnsta sjö almennar kennslustofur, tvær „æfingastofur“, fjórar kennarastofur, eða eina fyrir hverja deild, „bogasal“ („amfiþeater“) sem rúmaði 300 manns, 100 manna fundarsal, auk geymsluherbergja, líkskurðarstofu, þvottahúss, o.s.frv.² Á þessum tíma voru embættismannaskólarnir þrír hver í sínu húsi, Prestaskólinn í Austurstræti 22, þar sem Landsyfirrétturinn hafði eitt sinn verið til húsa og þar áður stiftamtmaður, Læknaskólinn í gamla spítalanum í Þingholtsstræti 25 og Lagaskólinn í Þingholtsstræti 28. Höfðu forstöðumenn skólanna hug á að flytja alla starfsemina undir eitt þak frekar en að reka Háskólann víða um bæinn, enda þótti húsnæði bæði Prestaskólans og Læknaskólans algerlega ónothæft til kennslu.³ Ekki féllst Alþingi þó á að veita fé til háskólabyggingar en bauð skólanum þess í stað nokkur herbergi á neðstu hæð Alþingishússins. Við nýlegan flutning Landskjalá- og Landsbókasafns úr Alþingishúsi í nýbyggt Safnahús við Hverfisgötu hafði heldur rýmkað um þingið í húsinu og því þótti þessi laus hentug, a.m.k. fyrsta kastið.

Þótt erfitt sé að ímynda sér nú hvernig bæði Háskóli Íslands og Alþingi gátu rúmast undir sama þaki þá ber að hafa í huga að umsvif beggja stofnananna voru umtalsvert minni fyrir einni öld en þau eru nú. Alþingi kom alla jafna ekki saman nema annaðhvert ár fyrsta áratug Háskólans í Alþingishúsinu, og þingfundir voru þar að auki haldnir á sumrin, eða á þeim tíma þegar skólinn var lokaður vegna sumarleyfa. Á fyrstu árum 20. aldar voru stjórnmalaflokkarnir líka lausleg sambönd þingmanna fremur en skipulegar stofnanir, og var starfsemi þeirra lítil eða engin í þinghléum. Fyrstu árin rákust störf Háskólans og þingsins í húsinu því ekki á nema að litlu leyti. Þetta breyttist talsvert árið 1920, eftir að farið var að halda þingið árlega um leið og þinghaldið var flutt frá sumrinu til síðari hluta vetrar (frá miðjum febrúar og fram á vor). Eftir það þurftu þingmenn, kennarar Háskólans og stúdentar að blanda geði í þinghúsinu í nokkra mánuði á ári hverju.

¹ Við ritun þessa kafla var stuðst við bók Páls Sigurðssonar, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* I, en þar er safnað saman öllum helstu heimildum um húsnæðismál Háskóla Íslands fram á fimmta áratuginn – og reyndar ýmsu öðru sem að gagni kemur við rannsóknir á sögu skólans.

² *Alþingistíðindi* 1909 A, 179–83.

³ *Morgunblaðið* 1. apríl 2003, B38.

Húsnæðisþörf Háskólans var líka mun minni í upphafi en þegar frá leið, því að nemendur voru fáir og starfsemin fábreytt. Þar af leiðandi þótti vistin í Alþingishúsinu alls ekki sem verst til að byrja með, a.m.k. þegar borið var saman við það sem Presta- og Lækna-skólinn höfðu þurft að búa við árum saman. Þó var ljóst að sambylið í Alþingishúsinu gat ekki gengið til lengdar, enda samþykkti háskólaráð strax á einum af sínum fyrstu fundum að fela Jóni Helgasyni prófessor „að íhuga hver tók séu á að koma á fót húsi fyrir háskólann“.⁴ Ekki er að sjá að sú könnun hafi borið árangur, en með þessari samþykkt má þó segja að langvinn barátta Háskólans fyrir sérstakri háskólabyggingu hafi hafist, en henni lauk ekki fyrir en tæpum þremur áratugum síðar þegar flutt var inn í nýtt stórhýsi á Melunum.

Umræðan um háskólahús í Reykjavík var ekki ný, því að lengi hafði verið gert ráð fyrir að háskóli yrði staðsettur í hjarta höfuðborgar Íslands og að slíkur skóli yrði þar með áberandi þáttur í bæjarlífinu. Séra Tómas Sæmundsson, þá nýkominn úr námi í Kaupmannahöfn og úr frægri reisu um Evrópu, var sennilega fyrstur manna til að viðra hugmyndir um háskóla í Reykjavík, en hann lýsir draumsýn sinni af miðju bæjarins í bréfi sem prentað var í fyrsta hefti Fjölnis árið 1835. Þar ímyndar Tómas sér „kauptorg uppfrá sjónum fyrir miðri ströndinni, og annað torg fallegra, með norðurvegg kyrkjunnar á eina hlíð, og til hinna þriggja: háskóla, mentabúr og ráðstofu, enn á miðju torginu heidursvarða þess manns, er slíku hefði til leiðar komið“.⁵ Tómas gerði því ráð fyrir að háskólinn yrði staðsettur við það sem nú er Austurvöllur, í hjarta Reykjavíkur, þar sem veraldlegu og andlegu valdi í landinu yrði safnað saman á einn stað.

Eftir því sem bærinn stækkaði, og miðja hans fluttist til, færðist óbyggt skólahúsið um set í hugum manna. Upp úr aldamótunum 1900 var helst mænt á Arnarhól sem vænlegan stað fyrir háskóla-byggingu, og reyndar teiknaði danski arkitektinn Frederik Kjørboe, sem hafði umsjón með byggingu Safnahússins á árunum 1906–09, skipulag fyrir hólinn þar sem ráð var gert fyrir háskóla.⁶ Tengdist þetta áætlunum um þyrpingu opinberra bygginga á Arnarhólstúninu, en Safnahúsið var hin eina þeirra sem var byggð á þessum tíma.⁷ Fljótlega tóku forráðamenn Háskólans þó að efast um ágæti þess að reisa húsið á Arnarhólstúni, því að í túnfætinum, niður við Reykjavíkurhöfn, stóð til að byggja „aðalstöð væntanlegrar járnbrautar og

⁴ HÍ. Gjörðabók háskólaráðs I, 23. nóv. 1911.

⁵ Tómas Sæmundsson, „Úr bréfi frá Íslandi“, 69–70.

⁶ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu I*, 19–22.

⁷ Pétur H. Ármannsson, „...Veglegasta og vandaðasta steinhús þessa lands““, 25–28.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL

Alþingishúsið við Kirkjustræti í Reykjavík. Á neðstu hæðinni hafði Háskóli Íslands aðsetur fyrstu þrjá áratugi sína. Eins og kemur fram í kafla I.4.2 höfðu stúdentar upphaflega aðgang að Kringlunni sem blasir hér við á suðurhlíð hússins, en síðar var þeim bannað að koma þangað.



eimreiðaskála“, eins og Guðmundur Hannesson prófessor benti á í bréfi til Stjórnarráðsins árið 1913. Slíkum byggingum fylgdu jafnan kolabingir sem spilltu „útsjón yfir höfn og eyjar og ekki bætir það til að af kolum stafar ætíð ryk og hvers konar óhreinindi“. Í grennd við járnbrautarstöðvar var líka ryk og reykur, sagði prófessorinn, „gufa, skrólt og hvers konar hávaði. Þess munu ekki finnast dæmi að bókasafn, háskóli og aðaljárnbrautarstöð sjeu sett svo að segja hvað við hliðina á öðru og þaðan af síður kolabirgðir“.⁸

Segja má að þar með hafi hugmyndin um miðstöð íslenskrar menningar á Arnarhóli verið ýtt út af borðinu. Hugsjónin um háborgina var þó ekki úr sögunni, heldur færðist hún aðeins um set í nýja borgarmiðju, sem nú var fyrirhuguð á Skólavörðuholti. Helsti hvatamaðurinn að skipulagi hennar var Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, en árið 1924 setti hann fram tillögur að torgi á holtinu, þar sem m.a. var gert ráð fyrir háskólabyggingu og stúdentagarði.⁹ Ágúst H. Bjarnason prófessor henti þessa tillögu á lofti og lýsti henni í ræðu sem hann flutti af svölum Alþingishússins á hátíð stúdenta í desember sama ár. „Virðið fyrir yður skipulagsuppdrátt þann af Skólavörðuhæðinni, sem húsameistari ríkisins hefir gert“, sagði hann stúdentum; þar var áætlað að reisa listasafn, kirkju og jafnvel þjóðleikhús, og í næsta nágrenni áttu að vera bæði sjúkrahús, íþróttaleikvangur („stadion“) og sundlaug. „Hús þau, sem þar eiga að rísa, eiga að verða háborg íslenskrar menningar!“, sagði

⁸ *Þskjs. Stjr. I. skrifst. B/113, örk 1, Db. 3, nr. 665. Háskóli Íslands. Guðmundur Hannesson til Stjórnarráðs 23. ágúst 1913.*

⁹ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu I*, 69–85. – *Sjá Lögrjetta* 3. des. 1923, 2.



prófessorinn, því að þar sáu menn fyrir sér bæði stofnanir andans mennta og líkamlegrar þjálfunar. „Þarna á æskulýður landsins og forgöngumenn þjóðarinnar að alast upp við það, sem menn vita heilnæmast, fegurst og best, ekki einungis úr eigin líffi og bókmentum, heldur og úr mentum og menningu annara þjóða; og þar á þjóðin að læra að verða einhuga, göfug og sterk.“¹⁰ Með byggingu húss fyrir Háskólann var meiningin því ekki aðeins að koma skólanum undir sitt eigið þak heldur einnig að undirstrika mikilvægi hans fyrir þjóðaruppeldi og þjóðmenningu, um leið og enn var litið á hann sem ómissandi einingu í kjarna borgarsamfélagsins.


Eins og margt annað í skipulagssögu Reykjavíkur varð háborgin þegar á reyndi litið annað en skýjaborg. Kirkjan átti reyndar eftir að rísa efst á holtinu og bæði Landspítali og Sundhöll í jaðri þess, en holtið varð samt aldrei sú háborg menningar sem Guðjón Samúelsson og Ágúst H. Bjarnason höfðu séð fyrir sér. Sennilega skipti þar mestu að bæjaryfirvöld í Reykjavík voru aldrei sérlega ginnkeypt fyrir hugmyndinni, þótt ráð hafi verið gert fyrir henni á skipulagsuppdrætti borgarinnar frá árinu 1927. Knud Zimsen borgarstjóri andmælti þannig harðlega ákvæði í frumvarpi að lögum um byggingu handa Háskóla Íslands, sem lagt var fram á þingi snemma árs 1930, en þar var gert ráð fyrir því að borgin afhenti skólanum til ævarandi og endurgjaldslausra afnota stóra landspildu á og við Skólavörðuholt.¹¹ „Ég leyfi mér fyrst að vekja athygli háttvirtrar nefndar á því,“ sagði hann í bréfi sem hann sendi menntamálanefnd efri deildar Alþingis í marslok 1930, „að Háskóli Íslands er stofnun, sem ríkið starfrækir vegna allrar þjóðarinnar og ekki að neinu leyti fyrir íbúa Reykjavíkur sérstaklega, og virðist það mjög einkennilegt, ef velferð þessarar merku stofnunar á að velta á því, hvort Reykjavíkurborg vilji leggja álitlega fjárfúlgu til húsbyggingar fyrir Háskólann“. Það sem hér hékk á spýttunni var að lóðir á Skólavörðuholti voru eftirsóttar og að mati borgarstjórans mátti fá minnst 400 þúsund krónur á almennum markaði fyrir þá nýu hektara lands sem ríkið ætlaðist til að borgin færði skólanum að gjöf, og reyndar var hluti þess alls ekki í eigu borgarinnar. Framlag borgarinnar til byggingar háskóla-hússins hefði því numið um 40% af ætluðum heildarkostnaði við framkvæmdirnar, því að reiknað var með að húsið sjálft kostaði 600 þúsund krónur, og með 400 þúsund króna lóð hefði heildarkostnaðurinn orðið ein milljón króna. Þetta fannst borgarstjóranum ósanngjarnt, ekki síst vegna þess að kennslumálaráðherra hafði

¹⁰ *Morgunblaðið* 9. des. 1924, 5. – Ólafur Rastrick, „The Acropolis of Icelandic Culture“.

¹¹ *Alþingistíðindi* 1930 A, 663–66.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL



Hugmynd Guðjóns Samúels-sonar húsameistara ríkisins um háborg Íslenskrar menningar á Skólavörðuholti í Reykjavík, dregin upp árið 1924. Horft er frá Skólavörðustíg til austurs. Eina húsið við torgið sem þá var risið er listasafn og íbúðarhús Einars Jónssonar myndhöggvara, yst til hægri á myndinni. Þar sem kirkjan er teiknuð átti Hallgrímskirkja eftir að rísa, en annars varð ekkert af þessum áformum.

ekki haft neitt samráð við borgina við samningu lagafrumvarpsins. Knud Zimsen stakk upp á algerlega nýjum stað fyrir Háskóla Íslands, sem mótleik við hugmyndum um menningarháborg, þar sem landrými yrði nóg fyrir stofnunina til allrar framtíðar. Svæðið var „austan við Suðurgötu gegnt Íþróttavellinum á Melunum, en sunnan við Hringbraut“, eða á holtinu fyrir ofan Vatnsmýrina. Kosturinn við þennan stað var ekki síst sá að bærinn átti sjálfur þar nægt land sem talið var duga Háskólanum fyrstu árin, og með tímanum, eftir því sem þarfir hans yxu, gat hann fengið allt að 16,5 hektara samfellt land á þessu svæði til sinna nota.¹²

Borgarstjóri kynnti hugmyndina um háskólasvæði á Melunum fyrir háskólaráði á fundi þess hinn 22. mars 1930. Þar lýsti hann þeirri skoðun sinni að lóðin við Skólavörðuholt væri afar óhentug fyrir Háskólann því að landið hlyti „að verða tvískorið af götum og lóðin að öðru leyti mjög óhagkvæm, með því að hún verði hlutfallslega mjög mjó“. Að mati Knuds Zimsen var lóðin austan Suðurgötu „og sunnanvert við Hringbraut og niður í mýri, eftir þörfum“ mun betra framtíðarland fyrir skólann. Eftir að hafa skoðað byggingarsvæðin tvö með borgarstjóra og bæjarverkfræðingi féllst háskólaráð einróma á tillögu Knuds Zimsen, með þeim orðum að „síðarnefnda landið væri miklu betur fallið til háskólabygginga og afnota handa

¹² *Alþingistíðindi* 1930 A, 1306–09.





Sjálfbóðaliðar grafa fyrir stúdentagarði á Skólavörðuholti 12. nóvember 1928. Magnús Jónsson, þá dósent en síðar prófessor í Guðfræðideild, með nemendum sínum.

1. Einar M. Jónsson síðar skólastjóri iðnskóla á Reykjalundi. 2. Sigurður Pálsson síðar prestur á Selfossi og vígslubiskup. 3. Bergur Björnsson síðar prestur í Stafholti. 4. Þorgrímur Sigurðsson síðar prestur á Staðarstað. 5. Jón Thorarensen síðar prestur í Reykjavík. 6. Magnús Jónsson dósent. 7. Sigurjón Guðjónsson síðar prestur í Saurbæ. 8. Garðar Þorsteinsson síðar prestur í Hafnarfirði. 9. Óskar J. Þorláksson síðar dómkirkjuprestur í Reykjavík. 10. Jón Þorvarðsson síðar prestur í Reykjavík. 11. Guðmundur Benediktsson síðar prestur á Barði í Fljótum. 12. Einar Guðnason síðar prestur í Reykholti. 13. Jón Jakobs-son síðar prestur á Bildudal. 14. Gunnar Jóhannesson síðar prestur í Stóra-Núpsprestakalli.

háskólanum“ en fyrirhugaður blettur á Skólavörðuholti.¹³ Þar með var ákvörðunin tekin: Háskóli Íslands skyldi rísa á Melunum en ekki sem hluti háborgar á Skólavörðuholti.

Flutningur fyrirhugaðs háskólasvæðis út á Melana sunnan bæjarins breytti algerlega hugmyndum manna um staðsetningu stofnunarinnar innan borgarlandsins. Samkvæmt skipulagstillögum frá 1927 afmarkaðist borgin af Hringbraut, sem á þeim tíma lá í boga utan um bæinn, eða frá Skúlagötu í austri að Mýrargötu í vestri.¹⁴ Með því að ætla Háskólanum stað utan Hringbrautar lýstu borgaryfirvöld því yfir að háskólasvæðið ætti ekki að verða hluti af hinu eiginlega borgarlandslagi, þótt það tengdist auðvitað borginni með beinum hætti. Ekki er að sjá að háskólamenn hafi tekið þessari breytingu illa, kannski vegna þess að flutningurinn gaf þeim aukið frelsi til að skipuleggja svæðið eftir eigin smekk og þörfum. Þar leyndust jafnvel möguleikar á að þróa Háskólann í nýja átt, eða að eins konar kjarna þjóðmenningar til hliðar við höfuðborgina. Þannig sá Ólafur Lárusson prófessor fyrir sér heilt háskólahverfi rísa á Melunum með byggingum Háskóla Íslands, stúdentagörðum og íbúðum kennara. Þar vildi hann einnig reisa byggingar fyrir söfn í eigu ríkisins, náttúrugripasafn, þjóðminjasafn og þjóðskjalasafn.¹⁵ Fyrirhuguð menningarháborg þjóðarinnar var þá komin út á jadar höfuðborgarinnar, í stað þess að prýða hjarta hennar við Austurvöll eða vaka yfir henni sem eins konar Akropolis á Skólavörðuholti. Alexander Jóhannesson, prófessor og formaður byggingarnefndar há-

¹³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs II. 22. mars 1930.

¹⁴ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur II*, 107–29. – Trausti Vals-son, *Skipulag byggðar á Íslandi*, 124–25.

¹⁵ *Stúdentablað* 1. des. 1930, 5–6.


skólahúss, útfærði þessa hugmynd í grein sem birtist í Stúdentablaðinu árið 1937. Þá þegar voru risin á hinu nýja háskólasvæði stúdentagarður og hús Atvinnudeildar Háskóla Íslands, auk þess að bygging háskólahússins sjálfs var komin nokkuð á veg. „Eins og sumum mun kunnugt, er gert ráð fyrir fimm höfuðbyggingum háskólans, er myndi hálfhring,“ skrifar Alexander, „en fyrir neðan hann er áformað að grafa út stórt svæði, er sé prýtt trjágróðri, skemmtistígum, ef til vill gosbrunni og öðru því, er til skrauts má verða.“ Rektorinn sá háskólasvæðið fyrir sér með líkum hætti og tíðkaðist hjá mörgum enskum og bandarískum háskólum (þ.e. sem *campus*), þar sem háskólabyggingar standa saman í eins konar lystigarði nemendum og starfsmönnum skólans til ánægju. Með fimm höfuðbyggingum Háskólans átti Alexander við aðalbyggingu skólans, sem standa átti fyrir miðjum hálfhringnum, tvo stúdentagarða, hús Atvinnudeildar Háskólans og væntanlegt þjóðminjasafn – og jafnvel „málverkasafn þjóðarinnar“ – hvort til sinnar handar.¹⁶

Með uppbyggingu Háskóla Íslands sunnan Hringbrautar fluttist skólinn úr hjarta Reykjavíkur við Austurvöll út fyrir þáverandi skipulagssvæði borgarinnar. Líta má á þetta sem táknaða ákvörðun, því að þar með var ákveðið, bæði af hálfu borgaryfirvalda og ráðamanna Háskóla Íslands, að skólinn yrði einungis laustengdur borginni og ekki á hennar ábyrgð. Reykjavíkurborg óx hratt í síðari heimsstyrjöld og á eftirstríðsárunum, og teygði sig því fljótt langt útfyrir Hringbrautina sem afmarkaði bæinn um 1930. Eftir það er Háskólinn tæplega á jaðri höfuðborgarinnar, en samt hefur háskólasvæðið aldrei verið í miðju hennar. Varasamt er að lesa mikla merkingu í þessa staðreynd, en þó virðast bæði borgar- og háskólayfirvöld hafa verið sammála um að skólinn tilheyrði þjóðinni frekar en Reykjavíkurborg. Það sést einnig á því að skólinn hefur aldrei – ólíkt flestum háskólum í Evrópu – borið nafn staðarins þar sem hann hefur aðsetur í opinberu heiti sínu. Háskólinn heitir einfaldlega Háskóli Íslands, en hvorki Háskólinn í Reykjavík né Háskóli Íslands í Reykjavík.

2. Háskóli í spennitreyju

Í nær þrjá áratugi var starf Háskóla Íslands að mestu bundið við neðstu hæð Alþingishússins við Austurvöll, og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir háskólayfirvalda gekk hægt að fá því breytt. Í Alþingishúsinu hafði hver hinna fjögurra deilda skólans eina sæmilega kennslustofu til umráða, en einnig voru þar skrifstofa háskólaritara, eitt fundarherbergi

¹⁶ Alexander Jóhannesson, „Framtíð háskólans“.



Strætisvagnakort af Reykjavík árið 1932. Byggd svæði eru sýnd með skyggingu. Eiginleg borg taldist þá varla nema innan Hringbrautar sem náði, eða átti að ná, frá sjó á Örfirisey í vestri, um Ánanaust og Hringbraut til sjávar nálægt Rauðará, þar sem Snorrabraut mætir Sæbraut núna. Sunnan háskólalóðar er byggð á Grímsstaðaholti og suður í Skerjafjörð en autt svæði þar sem byggingar Háskólans áttu eftir að rísa.

kennara – sem reyndar var einnig notað til kennslu – og fáeinar litlar geymslur Læknadeildar.¹⁷ Í upphafi var nokkur núningur á milli deilda um afnot af kennslustofunum, því að kennarar einstakra deilda voru tregir til að leyfa öðrum að nýta sínar stofur, jafnvel á þeim tíma þegar þær stóðu ónotaðar. Skortur á kennslustofum þýddi því að alla jafna var ekki hægt að kenna nema einum hópi nemenda í hverri deild í senn, sem takmarkaði vitanlega mjög alla skipulagningu kennslunnar og útilokaði jafnframt fjölgun námsgreina eða deilda við skólann.

Plássleysið kom hvað harðast niður á Læknadeild, enda þurfti hún á góðri aðstöðu að halda til verklegrar kennslu. Öll fyrstu ár Háskólans var sú starfsemi á miklum hrakhólum, í þröngu og ófullkomnu húsnæði utan Alþingishússins. Efnafræðikennsla lækna-nema, sem var aðalnámsgrein þeirra á fyrsta námsárinu, fór t.a.m. um tíma fram í húsakynnum Efnarannsóknarstofu ríkisins við Hverfisgötu. Þar var þó hvorki rúm né aðstaða til háskólakennslu, og óx vandinn eftir því sem nemendum fjölgaði. Eitraðar gufur léku um kennslustofuna, skrifaði einn af forsvarsmönnum stofunnar í blaðagrein árið 1927, vegna skorts á lokuðum og loftræstum rannsóknarskápum. Þurftu nemendur því iðulega að flýja út undir bert loft til að forðast köfnun. Sagðist hann hafa bent forseta Læknadeildar á hversu „andhælislegt það væri, að læknadeildin (einmitt læknadeildin!) skyldi ganga á undan öllum öðrum í því, að halda nemendum sínum og kennurum í slíkri heilsuspillandi vistarveru“,

¹⁷ Sjá uppdrátt af húsnæði Háskólans í Alþingishúsi í Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu I*, 108–09.

en ekkert hefði þó verið gert í málinu.¹⁸ Haustið 1928 fluttist kennslan úr húsnæði Efnarannsóknarstofunnar yfir í svokallað „fjós“ fyrir aftan Menntaskólann í Reykjavík, en þar var eðlis- og efnafræðikennsla Menntaskólans til húsa. Þetta var fjarri því viðunandi lausn að mati Læknadeildar, en hún taldi sig samt ekki sjá „annan kost en að þiggja þetta húsnæði, þó ljelegt sje, til bráðabyrgða, í þeirri von að nauðsynlegustu endurbætur fáist gerðar“.¹⁹ Var læknanemum kennd efnafræði í „fjósinu“ þar til kennslan fluttist í nýtt hús Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands haustið 1937.


Rannsóknarstofa Háskólans, þar sem læknanemum var kennd meina- og sýklafræði, bjó lengi við svipaðan húsakost. Fram á fjórða áratuginn var hún staðsett í litlu húsi vestan við Alþingishúsið, sem eitt sinn hafði verið íbúðarhús Halldórs Kr. Friðrikssonar, kennara við Lærða skólann og alþingismanns (Kirkjustræti 12, nú á Árbæjarsafni). Þjálfun læknanema í krufningum fór fram í skúr sem var áfastur við húsið, en sögum ber ekki saman um hvort hann hafði upphaflega verið byggður sem hrútakofi eða þvottahús,²⁰ en hver sem uppruninn var þá hafði hann örugglega ekki verið reistur til að hýsa kennslu af nokkru tagi. Rannsóknarstofan var í hinni mestu niðurlægingu, sagði Guðmundur Hannesson prófessor í bréfi til ráðherra árið 1925, „og húsakynni hennar svo sorglega útlítandi, að til stór-hneisu er bæði fyrir þjóðina og háskólann. Hún er blátt áfram engum manni sýnandi.“²¹ Að síðustu var öll klínísk þjálfun læknanema í algjöru skötulíki þar til Landspítalinn tók til starfa árið 1930. Guðmundur lýsir þessum vanda í skýrslu sem hann skrifaði Rockefellerstofnuninni í New York í október 1924, en hann gerði sér vonir um að hún myndi veita skólanum styrk til að reisa kennsluspítala í Reykjavík. „Læknadeildin hefir nú engan spítala til umráða“, skrifaði hann, þótt St. Jósefssystur hafi veitt kennurum deildarinnar góðfúslegt leyfi til að nýta sér aðstöðu á sjúkrahúsi sínu í Landakoti. „Spítali þessi er af einfaldri gerð (enginn Röntgen, engin sjerstök rannsóknarstofa) og er nú yfirfylltur þrátt fyrir nokkra stækkun.“ Þar að auki hafði þrengst nokkuð um læknakennsluna á spítalanum næstu árin á undan, því að læknum hafði fjölgað í bænum, og háskólakennarar höfðu ekki forgang á spítalanum. „Á þennan hátt er klínisku kenslunni gert erfiðara fyrir en verið hefur og horfir þetta nú til vandræða.“ Eina lausnin á þessu ófremdarástandi var, að mati prófessorsins, að byggja nýtt sjúkrahús, „sem kennarar deildarinnar störfuðu einir við og yrði mentunarstofnun fyrir lækna, hjúkrunarstúlkur og

¹⁸ Bjarni Jósefsson, „Í rúst“.

¹⁹ HÍ. Gjörðabók Læknadeildar I. 10. okt. 1928.

²⁰ Erlingur Þorsteinsson, *Æviminningar*, 103–05. – *Pms*. Þjóðháttadeild. Spurningalistar. Skrá 95. Stúdentalíf, nr. A, 13292. – *Vísir*, 19. okt. 1961, 9–10.

²¹ *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/297, örk 8. Db. 7, nr. 713. Háskóli Íslands. Guðmundur Hannesson til Dóms- og kennslumálaráðherra 5. júní 1925.



Húsnaði Háskólans í Alþingishúsinu 1911–40. 1. Kennslustofa Guðfræðideildar. 2. Kennslustofa Læknadeildar. Hér voru líka kennd heimspekileg forspjallsvísindi, „fíla“, a.m.k. síðustu árin. 3. Geymsla fyrir líffæra- og lyffjasafn Læknadeildar. 4. Svokölluð „fýla“, geymsluherbergi Læknadeildar. 5. Fatahengi. 6. Geymsluherbergi fyrir Læknadeild. 7. Bakdyr, forstofa og stigi upp á efri hæð. 8. Útidyr að Kirkjustræti og Austurvelli. Forstofa sameiginleg með Alþingi. 9. Anddyri, samkomustaður stúdenta á akademísku korteri á milli fyrirlestara. 10. Stigi upp á efri hæð. Hér hafa alþingismenn og starfsmenn þingsins gengið upp. 11. Kringla. Á neðri hæðinni var aðstæða húsvarðar alls hússins, á efri hæð setustofa þingmanna, og stúdenta til 1917. 12. Vinnuherbergi háskólaritara. 13. Líklega skjalageymsla Háskólans en kannski á tímabili salerni. 14. Forstofa að stofu Heimspekideildar og salerni til vinstri. 15. Kennarastofa og fundarstofa háskólaráðs og deilda. 16. Kennslustofa Lagadeildar. 17. Kennslustofa Heimspekideildar.

ljósmæður“. Mikill áhugi var á þessari byggingu, fullyrti Guðmundur, ekki síst meðal íslenskra kvenna sem safnað höfðu talsverðu fé til byggingarinnar. Alþingi hafði aftur á móti ekki, þrátt fyrir góðan vilja, „treyst sjer vegna fjárskorts að reisa spítalann“ og efnahagur landsins gæfi ekki mikla von um að úr því rættist á næstunni.²² Ekki fékkst styrkur frá Rockefellerstofnuninni í þetta sinn, enda studdi hún ekki byggingu eða rekstur sjúkrahúsa. Háskóli Íslands og ríkissjóður áttu þó eftir að njóta ríkulegra fjárveitinga frá henni á næstu áratugum, eins og síðar verður vikið að.

Plássleysið stóð auðvitað ekki aðeins Læknadeild fyrir þrifum, og var krafan um úrbætur í húsnaðismálum Háskóla Íslands því að vonum eitt helsta baráttumál forystumanna hans fyrstu áratugina sem skólinn starfaði. Háskólaráð ályktaði um málið með reglulegu millibili, og rektorar rituðu stjórnvöldum hvert bréfið öðru harðorðara um þörfina fyrir nýja háskólabyggingu – en árangurinn var lengst af enginn. Ein slík atлага hófst með samþykkt háskólaráðs, að tillögu Guðmundar Hannessonar, þess efnis að stjórn og þingi yrði send „áskorun um að trygð verði sem fyrst hæfileg lóð undir háskólabyggingu og háskóli og stúdentabústaður verði tekinn í tölu

²² Þsjsk. HÍ. BA1:8. Skrifstofa Háskóla Íslands. Bréfasafn. Læknadeild 1911–24. Uppkast að bréfi með hendi Guðmundar Hannessonar til the Rockefeller Foundation, Division of Medical Education 22. okt. 1924.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL

Læknanemar í efnafræðinámum veturinn 1925–26. Kennslan fór fram í húsnæði Efnarannsóknarstofu ríkisins í bakhúsi við Hverfisgötu 44.



ráðgerðra bygginga í lögum um húsaþjórð ríkisins“.²³ Þáverandi rektor, Sigurður P. Sívertsen prófessor í guðfræði, uppfyllti óskina og sendi ráðherra bréf uppúr miðjum janúar 1920.²⁴ Það er ágæt heimild um ástandið í skólanum, a.m.k. eins og það leit út í augum forystumanna Háskólans. Stofnunin á „árlega í vandræðum með nauðsynlegustu kenslustofur, með geymslu fyrir söfn sín, auk vöntunar á lesstofum og æfingastofum, sem nú eru taldar óhjákvæmilega nauðsynlegar fyrir hvern háskóla“, bendir hann á. Eina rýmið sem skólinn hafði til almennrar kennslu, fyrir utan kenslustofurnar fjórar, var „lítið forherbergi, sem að engu leyti er ætlað til kenslu. Þar hefir 10–15 mönnum verið þjappað saman og ekki einu sinni allir haft sæti, heldur orðið að standa í kenslustundum.“ Sigurður vakti sérstaka athygli á slæmum aðbúnaði Læknadeildar: „Sá litli vísir að æfinga- og rannsóknastofum (laboratoria), sem háskólinn á, er að heita má á vergangi. Húsnæði það, sem rannsóknarstofan fyrir sóttkveikjur og meinsemdir hefir, er svo lítið og óhentugt, að heita má, að hún geti ekki unnið nema að hálfu gagni.“ Að síðustu var öll almenn aðstaða nemenda við skólann fyrir neðan allar hellur. Í Alþingishúsinu sjálfu var „köld forstofan hið eina, sem látið er af mörkum við þá“, en þeir höfðu þá nýlega misst aðgang að viðbyggingu Alþingishússins, svokallaðri Kringlu, sem þeir höfðu fengið lánaða „til þess að hafast þar við og lesa þar bækur og blöð“.²⁵ Einu sjáanlegu viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessu ákalli var athugasemd Jóns Magnússonar, forsætis- og dómsmálaráðherra, sem skrifuð var á eintak bréfsins sem geymt er í skjalasafni ráðuneytisins. Þar

²³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I. 22. nóv. 1919.

²⁴ *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 6, nr. 585. Háskóli Íslands. Sigurður P. Sívertsen háskólarektor til Stjórnarráðs Íslands 19. jan. 1920.

²⁵ *Morgunblaðið* 12. mars 1917, 2.



segist ráðherrann ætla að biðja atvinnumáladeild Stjórnarráðsins „um að ráðstafa ekki lóðum á Arnarhólstúni milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds á Lindargötu án samráðs við alt ráðuneytið, með tilliti til þessa erindis“.²⁶ Ekkert gerðist frekar í þetta sinn, enda var á þessum tíma horfið frá þeirri hugmynd að reisa hús Háskólans á Arnarhólnum, eins og áður sagði, og því féll málið um sjálft sig.

Það vekur óneitanlega nokkra furðu hversu takmörkuðum skilningi bænir háskólarektora og annarra háskólamanna um nýtt hús og bættu aðstöðu mættu hjá stjórnvöldum, a.m.k. framundir lok þriðja áratugarins. Hagsmunir Alþingis og Háskólans fóru greinilega saman í þessu máli að því leyti að tvíbýlið í Alþingishúsinu kreppti illilega að báðum stofnunum. Herbergin sem Háskólinn nýtti undir starfsemi sína höfðu verið hugsuð sem vinnuaðstaða þingmanna og fundarherbergi þingnefnda, en sú aðstaða var þinginu lokuð á þeim tíma sem þing og skóli störfuðu samtímis í húsinu. Því sáust ráðherrar og þingmenn stundum halda fundi í gluggakistum og öðrum afkimum Alþingishússins vegna plássleysis.²⁷ Vandí þingsins jókst að mun eftir að þingtíminn fluttist frá sumri til síðari hluta vetrar árið 1921, en það virðist samt ekki hafa aukið áhuga stjórnvalda á að gera eitthvað í málinu. Reyndar virðast stjórnvöld hafa haft lítinn hug á að efla starf Háskóla Íslands nær allan þriðja áratuginn, enda einkenndist fjármálastjórn ríkisins undir stjórn Jóns Þorlákssonar fjármálaráðherra (1924–27) helst af miklum áhuga á að spara í ríkisrekstri.²⁸ Á meðan metnaður stjórnvalda hneigðist fyrst og fremst í þá átt var lítil von til að úr húsnaðisvandræðum Háskóla Íslands rættist. Hreyfing komst því ekki á húsbyggingar undir starfsemi Háskólans fyrr en að alger umskipti höfðu orðið í stjórn landsins.

3. Rofar til

Í byrjun október 1930 hóf Háskólinn sitt tuttugasta starfsár í bráðabirgðahúsnaðinu í Alþingishúsinu við Austurvöll. Af því til efni hélt rektor skólans, Magnús Jónsson guðfræðiprófessor, hefðbundna tölu yfir nemendum og gestum á sal neðri deildar Alþingis, þar sem hann bauð nýnema velkomna til skólans. Þetta haust voru 49 nemendur skráðir þar á fyrsta ári náms, eða nokkru fleiri en allir nemendur Háskólans höfðu verið fyrsta starfsárið, tæpum tveimur áratugum fyrr. Húsnaðismálin voru rektor ofarlega í huga, og var

²⁶ *Þskjs.* Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 6, nr. 585. Háskóli Íslands. Sigurður P. Sívertsen háskólarektor til Stjórnarráðs Íslands 19. jan. 1920. Athugasemd ráðherra er dagsett 9. mars 1920.

²⁷ Gylfi Gröndal, *Æviminningar Kristjáns Sveinssonar*, 150. Kristján stundaði nám við HÍ á árunum 1922–27.

²⁸ Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Jón Þorláksson*, 274–83.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL

hann ómyrkur í máli. Skólanum hafði verið „holað niður hér í nokkrum stofum á neðri hæð Alþingishússins“, því að annars hefði ekki verið hægt að stofna skólann á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Magnúsi þótti sá dagur sannarlega vel valinn, enda hefði Háskólinn ekki getað „fæðzt undir meiri heillastjörnu en þeirri“. En skólinn hýrðist enn í húsnæðinu sem honum hafði verið úthlutað við stofnun hans vegna þess að ekkert annað hentugra hafði fundist og þingið hafði ekki enn séð sér fært að leggja fé til háskólabyggingar. „Enn eru íslenskir stúdentar látnir búa við svo mikil ókjör í þessu efni á námsárunum, að óhugsandi er annað en það dragi verulega úr gagni því, sem þeir eiga að hafa af dvöl sinni hér. ... Stúdentalífið á helzt að þroskast hér í einu anddyri með mögnuðum dragsúg þegar hvasst er“, sagði Magnús. Þrátt fyrir allt endaði barlómur rektors á óvenjulega bjartsýnum nótum. „Mér þykir ... sérstaklega vænt um að geta skýrt frá því,“ sagði hann, „að hreyfing virðist vera að komast á þetta mál. Að vísu ákaflega lítil hreyfing og helzt til hátt fyrir ofan jörðina fram að þessu, en þó hreyfing, þó lífsvottur.“²⁹

Upptök þeirrar hreyfingar sem rektor þóttist merkja á byggingarmálum Háskólans má rekja til enn einnar samþykktar háskólaráðs, frá því í nóvember 1928, um þörfina fyrir nýtt háskólahús.³⁰ Fram að þessu höfðu stjórnvöld ekki kippt sér verulega upp við slíkt kvabb, en nú var komið nýtt hljóð í strokkinn. Jónas Jónsson frá Hriflu, sem þá hafði setið á stóli dóms-, kirkju- og kennslumálaráðherra í rúmt ár, var mikill áhugamaður um menntamál, enda var hann skólafrömuður frá fornu fari. Ólíkt fyrirrennrum sínum tók Jónas undir með háskólaráði í bréfi sem hann sendi Háskólanum snemma í janúar 1929. Sagði hann þar að bæði þing og skóli myndu hafa augljósan hag af því að leysa upp sambýlið í Alþingishúsinu eins fljótt og auðið væri. Stakk hann upp á því að væntanleg hús Háskólans risu á svæðinu frá Skólavörðutorgi, efst á holtinu þar sem Hallgrímskirkja reis síðar, og niður að Hringbraut; „heppilegast yrði að hafa meginbyggingu háskólans við Skólavörðutorg ekki sérlega stóra,“ skrifaði ráðherrann, „en ætlast til, að minni byggingar, svo sem bókasöfn, rannsóknastofur o.s.frv., yrðu sjálfstæðar á jöðrum hinnar víðlendu lóðar“. Þannig mætti reisa háskólabyggingarnar í áföngum, eftir þörfum skólans og efnunum og ástæðum ríkisins hverju sinni.³¹

Ári síðar lagði Jónas fram nýtt frumvarp til laga um byggingu handa Háskóla Íslands, sem var samþykkt, eftir allanga þrautagöngu í þinginu, sem lög frá Alþingi 30. apríl 1932.³² Í fyrstu grein

²⁹ *Árbók Háskóla Íslands* 1930–31, 10–11.

³⁰ *HÍ*. II. Gjörðabók Háskólaráðs II. 21. nóv. 1928.

³¹ *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/376, ör. 3. Db. 9, nr. 473. Háskóli Íslands. Jónas Jónsson, dóms- og kennslumálaráðherra, til háskólaráðs, 8. jan. 1929.

³² *Alþingistíðindi* 1932 B, 1241–87. – *Stjórnartíðindi* 1932 A, 62–63.



laganna var landstjórninni veitt heimild „til að láta reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands“, en það átti að gerast á árunum 1934–40. Engin ákvæði voru í lögum um fjármögnun framkvæmdanna, sem dró vitanlega mesta máttinn úr þeim. Magnús Guðmundsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og eftirmaður Jónasar á stóli dómsmálaráðherra, gerði þetta að umtalsefni í umræðum um málið á þingi, og sagði hann að löggin yrðu með þessu öllu meiningarlaus. Í lögum sem þessum væri nauðsynlegt að kveða skýrt á um það hvernig kosta ætti framkvæmdirnar, því að annars yrðu þau einungis að „einhverskonar hengingaról á framtíðina í þessu máli, þó áhrifalaus sé[u]“. ³³ Hvað sem þessari óvissu leið stóðst tímaáætlun laganna frá 1932 að mestu. Vinna við háskólabygginguna hófst reyndar nokkru síðar en áætlað var, en henni var þó lokið á réttum tíma, eða í sumarbyrjun 1940. Þetta má örugglega að hluta til þakka staðfestu Jónasar Jónssonar, því að þótt byggingin hafi ekki risið undir hans stjórn þá kom hann lögum um byggingu hússins í gegnum þingið, og þar með komst málið loksins á skrið.

Það kom sjálfsagt ýmsum á óvart að Jónas Jónsson frá Hriflu gerðist sérstakur baráttumaður fyrir hagsmunum Háskóla Íslands á Alþingi, því að þótt hann hefði mikinn áhuga á menntamálum var afstaða hans til Háskólans lengst af afar blendin. Leit Jónas gjarman á Háskólann sem eitt af helstu vígjum „fhaldsins“ og embættismannastéttarinnar í landinu, ³⁴ en þessa tvo hópa taldi hann einmitt meðal heitustu fjandmanna sinna í stjórn máluum og þar með allra „sannra“ framfara í landinu. Andúð sumra háskólakennaranna á Jónasi og „Tímaklíkunni“ var líka alþekkt. „Hafið þið nú lesið Tímann í dag?“, var sagt að Guðmundur Hannesson prófessor hafi stundum spurt nemendur sína þegar hann hóf kennslu á morgnana. Og þá á hann að hafa bætt við: „Hvernig lízt ykkur á það sem þeir segja um Reykjavík, þessir sycophantar!“ ³⁵ Skrif Jónasar í málöggn Framsóknarflokksins um starfsmenn Háskólans þóttu líka býsna beinskeytt, ef ekki beinlínis rætin, þannig að mörgum þeirra sveið undan. ³⁶ Deilur Jónasar við háskólamenn voru ekki aðeins flokkspólítískar, heldur snerust þær ekki síður um ólíka sýn á hlutverk Háskóla Íslands, stöðu hans í samfélaginu og markmið háskólamenntunar í landinu. Jónas vildi sannarlega að Háskóli Íslands stæði undir nafni, því að honum fannst fullkomið ósamræmi felast í því að Alþingi krefðist fullrar sjálfstjórnar þjóðarinnar um leið og það treysti sér ekki til að hlúa sæmilega að æðstu menntastofnun lands-

³³ *Alþingistíðindi* 1932 B, 1262–64.

³⁴ Sjá t.d. Jónas Jónsson, „Þjóðskóli – launamannaskóli“, 246.

³⁵ Gylfi Gröndal, *Læknir í þrem löndum*, 61.

Læknirinn sem segir söguna, Friðrik Einarsson, stundaði nám við HÍ á árunum 1931–37. Sbr. *Psíkjs. Mmrn.* 1989-B/399 Háskóli Íslands almennt, júní 1942 – ágúst 1943. I.

³⁶ Alexander Jóhannesson og Niels Dungal til dómsmálaráðherra, 8. júní 1942. Þar fara prófessorarnir tveir þess á leit að hann ákæri Jónas fyrir meiðyrði og hótanir í sinn garð.

ins.³⁷ En þótt Jónas tæki undir kröfur háskólamanna um byggingu háskólahúss, þá sá hann slíka byggingu í allt öðru ljósi en þeir. Fram að þessu hafði aldrei verið gert ráð fyrir nema tveimur húsum á tiltölulega líttilli lóð í tillögum háskólaráðs, þ.e. annars vegar kennsluhúsnæði fyrir Háskólann og hins vegar heimavist fyrir nemendur. Þetta þótti Jónasi mikil skammsýni því að, eins og hann sagði síðar, þessi „hús hefðu verið aðkreppt af götum og torgi á alla vegu. Ef síðar ætti að bæta byggingum við háskólann hefðu þær orðið að vera annars staðar í bænum.“ Þetta þótti honum alger óhæfa, því að slíkt fyrirkomulag væri í stíl við það sem þekktist á meginlandi Evrópu, þ.e. í Þýskalandi, Frakklandi og að einhverju leyti á Norðurlöndum, og þeirri fyrirmynd vildi hann ekki fylgja. Í þessum löndum voru háskólarnir gjarnan dreifðir um bæina, sagði hann, sundurgreindir bæði í aðskildar byggingar og háskóladeildir. „Þessi tilhögun var fullkomlega í anda þeirra, sem litu á háskólann eins og launamannaverksmiðju“, og það var ekki þannig háskóli sem Jónas vildi reka.³⁸ Af þeim sökum var það skilyrði sett í lögum um byggingu háskólahúss frá 1932 að Reykjavíkurborg legði skólanum til 8–10 hektara lands til kvaðalausra nota, en það átti að duga Háskólanum til allrar framtíðar. Þetta áleit Jónas vera fyrsta skrefið í áttina að því að Háskólinn yrði raunverulegur þjóðskóli. „Vegna þeirra aðgerða gat myndast sérstakur bæjarhluti“, sagði hann, „þar sem eingöngu voru byggingar og garðar þessarar stofnunar“. Fyrirmyndina sótti Jónas til Englands, en frægustu framhalds- og háskólarnir þar í landi – Eton, Oxford og Cambridge – sameinuðu „fræðsluvísindi, æskulíf, íþróttir og sjálfstætt, marghátað félagslíf“ á sjálfstæðum skólasvæðum. Sama skipun hafði síðar verið tekin upp í Vesturheimi. Háskólar á meginlandinu veittu sannarlega bestu og duglegustu kennurum og nemendum ágæt starfsskilyrði, fannst Jónasi, en ólíkt engilsaxnesku háskólunum huguðu þeir lítt að uppeldi nemendanna. Með því að taka „ensk-amerísku stefnuna“ í lögum um byggingu háskólahússins ætlaði hann sér að gera Háskóla Íslands að uppeldisstofnun, sem hann sá fyrir sér sem beint „áframhald af íslenzku heimauppeldi, framkvæmd við betri skilyrði“. Þetta var hinn sanni andi þjóðskólahugmyndar Jóns Sigurðssonar að mati Jónasar frá Hriflu, því að Jón hafi hugsað sér þjóðskólann sem varðstöð hins þjóðlega uppeldis.³⁹ Skipulag háskólasvæðisins átti því að styðja við hugmyndir ráðherrans um nýtt Ísland, þar sem samfélagið væri í senn þjóðlegt, nýtt og myndaði eina lífræna og

³⁷ Sjá *Alþingistíðindi* 1932 B, 1271.

³⁸ Jónas Jónsson, „Þjóðskóli – launamannaskóli“, 251.

³⁹ Jónas Jónsson, „Þjóðskóli – launamannaskóli“, 254. – Guðjón Friðriksson, *Ljónið öskrar*, 219–25.

samræmda heild. Í slíku skipulagi átti Háskóli Íslands ekki að framleiða sérfræðinga í ákveðin störf heldur rækta nýta borgara í sjálfstæðu þjóðríki – skólinn átti með öðrum orðum að vera þjóðskóli en ekki launamannaskóli.⁴⁰

Þótt forsvarsmenn Háskóla Íslands hafi ekki tekið undir helstu skólahugmyndir Jónasar Jónssonar þá tóku þeir þó frumkvæði hans í byggingarmálum skólans fegins hendi.⁴¹ Helgaði Háskólinn sér landið á Melunum fljótlega eftir að lögin um háskólabygginguna voru samþykkt á Alþingi, þó að skólinn fengi það ekki formlega afhent frá Reykjavíkurborg fyrr en árið 1936. Sumarið 1933 var þannig hafist handa við byggingu nýs stúdentagarðs rétt sunnan við Hringbraut, um leið og hætt var við slíka byggingu á Skólavörðuholti. Stúdentagarðurinn var byggður eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, og tók bygging hans undraskamman tíma. Þannig var garðurinn kominn undir þak fyrir árslok 1933, og fluttu stúdentar inn í hann haustið 1934. Í húsinu voru vistarverur fyrir 37 stúdenta, herbergi fyrir garðþrófast, lestrarsalur, bókaherbergi og íþróttasalur í kjallara.⁴² Þar með var fyrsta nýbyggingin risin á háskólalóðinni, tæpum aldarfjórðungi eftir að skólinn hóf starfsemi. Nýir tímar voru greinilega í vændum.

Bygging stúdentagarðs átti sér langan aðdraganda, enda hafði mörgum nemandanum af landsbyggðinni reynst erfitt að finna sér sómasamlegt húsnæði í höfuðstaðnum. Málið var fyrst reifað af nefnd sem háskólaráð skipaði snemma árs 1917, og lagði hún til að byggt yrði stúdentahéimili fyrir 30–40 stúdenta í grennd við Alþingishúsið.⁴³ Ekkert varð úr þeirri framkvæmd. Sigurður P. Sívertsen tók málið upp á ný í fyrrnefndu bréfi til Alþingis árið 1919, en þar benti hann á slæman aðbúnað íslenskra stúdenta. Ólíkt stúdentum í nágrannalöndunum, sem höfðu „hvervetna ágæt húsakynni til sinna afnota, lestrar- og æfingastofur, söngsal með hljóðfæri, veitingaherbergi o.fl., nægar bækur og tímarit til þess að líta í í frístundum“, höfðu stúdentar Háskóla Íslands aðeins kuldalegt anddyri Alþingishússins. „Ofan á allan þennan viðurgjörning bætist svo, að stúdentunum sumum er nálega ómögulegt að útvega sjer húsnæði fyrir nokkurt verð eða verða að búa í svo ljelegum húsakynnum, að ekki er hættulaust fyrir heilsu þeirra. Vjer teljum þetta beinlínis hættulegt ástand. Það stendur stúdentunum bæði fyrir andlegum þroska og líkamlegum þrifum.“⁴⁴ Hér var um greinilega afturför að ræða fyrir íslenska háskólastúdenta, því að flestir þeirra höfðu á

⁴⁰ Sbr. greinaflokk sem Jónas skrifaði í Tímamann í tilefni af vígslu háskólabyggingar árið 1940. – Jónas Jónsson, „Þjóðskóli – launamannaskóli“. Greinin birtist í lengri gerð sem Jónas Jónsson, „Stofnun Jóns Sigurðssonar“.

⁴¹ Sjá t.d. Ólafur Lárússon, „Bygging háskóla“.

⁴² *Árbók Háskóla Íslands* 1934–35, 60–65.

⁴³ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs I. 24. mars og 28. apríl 1917.

⁴⁴ *Þskjs*. Stjr. I. skrifst. B/103. Db. 6, nr. 585. Háskóli Íslands. Sigurður P. Sívertsen háskólarektor til Stjórnarráðs Íslands 19. jan. 1920.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL

Stúdentagarðurinn við Hringbraut. Eftir að annar stúdentagarður reis fékk þessi nafnið Gamli garður.



árum áður átt vísa vist á stúdentagarði Kaupmannahafnarháskóla, Regensen, með styrk frá danska ríkinu. Þau réttindi voru felld niður með sambandslagasamningnum árið 1918, en þá var ábyrgðin á íslenskum skólamálum færð að fullu í hendur íslenskra stjórnvalda.

Athyglisvert er að bygging stúdentagarðsins var að mestu fjármögnuð með frjálsum framlögum, því að afar illa gekk að fá ríkið til að ljá málinu lið. Fjársöfnun til byggingarinnar hófst á árunum 1921–22, en þá skrifaði Þórarinn Tulinius, – eða Thor E. Tulinius eins og hann kallaði sig jafnan – athafnamaður í Kaupmannahöfn, Háskólanum bréf um málið. Þar hvatti hann til þess að reistur væri „stúdentagarð[ur] sem minnismerki um sjálfstæði Íslands“. Íslenskir stúdentar væru þeir einu „sem borið hafa halla af, að Ísland varð sjálfstætt ríki, af því þeir þá misstu rjettinn til 4 ára veru á Garði og Garðstyrks“⁴⁵ – og þótti mörgum þar skjóta skökku við þar sem stúdentar höfðu „jafnan staðið fremstir í fylkingu fyrir sjálfstæði þjóðar sinnar“.⁴⁶ Hafði Thor síðar forgöngu um söfnun fjár í Kaupmannahöfn og gaf sjálfur 10 þúsund krónur til hennar í tilefni sextugsafmælis síns.⁴⁷ Bæði Kristján konungur X. og Friðrik krónprins lögðu einnig málinu lið.⁴⁸

Haustið 1922 hófu nemendur við Háskóla Íslands sjálfir að afla fjár til byggingar heimavistar fyrir stúdenta, fyrst með óskum um fjárframlög frá velunnurum Háskólans en síðar með happdrættum og söfnun áheita.⁴⁹ Frumlegasta fjáröflunarleið Stúdentaráðs var sennilega

⁴⁵ Þskjs. HÍ. BA2:17. Thor E. Tulinius til Háskóla Íslands. Dagsetning sést ekki sökum skemmda á bréfinu.

⁴⁶ Guðmundur Finnbogason mælti þessi orð 1. des. 1923. – *Lögretta* 3. des. 1923, 2.

⁴⁷ *Vörður* 14. des. 1923, 1.

⁴⁸ Þskjs. HÍ. BA2:17. Thor E. Tulinius til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 21. júní 1923 og Jón Sveinbjörnsson konungsritari til SHÍ 10. okt. 1923.

⁴⁹ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 235–39. – Ingólfur Jónsson, „Stúdentabústaður“.



Selskinna, en hún var stór og fagurlega gerð bók með auðum blöðum þar sem menn gátu ritað nöfn sín gegn því að greiða lítilsháttar framlag til stúdentagarðsins.⁵⁰ Hugmyndin með bókinni var að breyta fjársöfnuninni í Þjóðaráttak sem átti að ná til eins margra Íslendinga og unnt var – og þá jafnvel til fólks af íslensku bergi í Vesturheimi.⁵¹ Mestu skiluðu þó, að sögn forsvarsmanna byggingarnefndar stúdentagarðsins, stærri framlög einstaklinga, sýslufélaga og sveitarfélaga. Þeir sem greiddu 5.000 krónur til garðsins fengu að ráða nafni eins herbergis, sem var yfirleitt kennt við ákveðið landsvæði, bæ eða einstakling, og því hvaða stúdentar nytu forgangs við úthlutun þess. Söfnuðust á þann hátt áheit fyrir 27 herbergjum í byggingunni, en það fé sem safnaðist á þennan hátt dugði fyrir rúmlega helmingi byggingarkostnaðar. Ríkið lagði einnig fram myndarlega fjárhæð til byggingarinnar á lokasprettinum, en ekki var ljóst hvort þar var um að ræða lán eða styrk.⁵²

Háskóli Íslands stóð frammi fyrir svipuðu vandamáli og stúdentar þegar kom að því að kosta byggingu fyrir skólann. Lög um háskólahús voru samþykkt á Alþingi vorið 1932, eins og áður sagði, en þau höfðu takmarkaða merkingu á meðan engin fjárveiting var tryggð fyrir framkvæmdunum. Ríkið stóð höllum fæti á þessum tíma því að heimskreppan skall á landinu með fullum þunga snemma á fjórða áratugnum, og því gerðu háskólayfirvöld sér engar gyllivonir um að ríkið legði málinu lið. Alþingi hjó á þennan hnút vorið 1933 með samþykkt laga um að veita Háskóla Íslands einkarétt á að reka peningahappdrætti á Íslandi.⁵³ Leyfið var veitt til tíu ára, en ráð var gert fyrir því að ríkið tæki happdrættið í sínar hendur þegar Háskólinn hefði aflað sér nægilegs fjár til að reisa yfir sig hús.

Að ýmsu leyti reyndist happdrættið himnasending fyrir Háskóla Íslands, vegna þess að það varð skólanum ekki aðeins drjúg tekjulind heldur hafði hann líka að mestu fullt sjálfræði yfir þeim tekjum sem happdrættið skilaði. Reynslan af byggingu Þjóðleikhússins var Háskólanum hér víti til varnaðar. Þjóðleikhúsbyggingin var ákveðin með lögum árið 1923, og skyldi framkvæmdin fjármögnuð með nýjum skatti á skemmtanir í landinu, allt frá „loddarasýningum“, til hljómlaika og sjónleika.⁵⁴ Árið 1932, sama ár og þingið samþykkti lög um byggingu háskólahúss, var hinn markaði tekjustofn aftur á móti tekinn af Þjóðleikhúsinu hálfkörüðu og nýttur í almennar þarfir ríkisins næstu árin. Tafði sú ráðstöfun byggingu Þjóðleikhússins um áratug, ef ekki lengur.⁵⁵ Með happdrættislög-



Fyrsti drátturinn í Happdrætti Háskóla Íslands 10. mars 1934.

⁵⁰ Sbr. Jakob Jónsson, „Selskinna“.

⁵¹ *Heimskringla* 22. mars 1933, 2.

⁵² *Árbók Háskóla Íslands* 1934–35, 60–65.

⁵³ *Stjórnartíðindi* 1933 A, 76–78.

⁵⁴ *Stjórnartíðindi* 1923 A, 175–76.

⁵⁵ Jónas Jónsson, *Þjóðleikhúsið*, 27–40, 64–73. – *Morgunblaðið* 19. apríl 1950, 9–10.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL



Guðjón Samúelsson.

unum var Háskólanum forðað frá slíkum örlögum, og reyndar er algerlega óvíst hversu lengi skólinn hefði þurft að bíða eftir því að fá þak yfir höfuðið ef hann hefði þurft að treysta á fjárveitingar úr ríkissjóði til framkvæmdanna.

Hugmyndin að stofnun Happraættis Háskóla Íslands kom, að því er virðist, frá Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins og síðar arkitekt háskólabyggingarinnar,⁵⁶ þótt sögur um upphaf þess séu á reiki.⁵⁷ Rekstur ríkishappraættis hafði reyndar lengi verið í bígerð á Íslandi. Lög um að ríkissjóður hefði einkaleyfi til peningahappraætta á Íslandi voru fyrst sett árið 1926,⁵⁸ en svipuð laga-setning hafði verið rædd á þingi nokkrum sinnum áður. Sáú menn fyrir sér að starfsemi af þessu tagi gæti bæði orðið drjúg tekjulind fyrir ríkiskassann, og með einkaleyfinu átti að koma í veg fyrir að erlend fyrirtæki eða ríkisstjórnir gætu hagnast af sölu happraættismiða á Íslandi.⁵⁹ Lögin komu þó ekki til fullra framkvæmda fyrir en með stofnun Happraættis Háskóla Íslands, því að þótt ýmis líknar- og íþróttafélög hafi fjármagnað starfsemi sína að hluta með happraættum á árunum fyrir stofnun háskólahappraættisins þá var Háskóli Íslands fyrstur til að fá einkaleyfi til slíks rekstrar frá ríkinu. Það var síðan ekki síst fyrir atbeina Alexanders Jóhannessonar, þáverandi rektors, sem málið var tekið upp á Alþingi árið 1933, og fékkst það samþykkt með nokkrum eftirgangsmunum. Happraættið var síðan formlega stofnsett með reglugerð 26. september 1933, en sala miða hófst í byrjun árs 1934.⁶⁰ Um haustið 1933 kom happraættið sér upp kerfi umboðsmanna sem skyldu sjá um sölu happraættismiða um allt land, og happraættinu var fylgt úr hlaði í vetrarbyrjun með víðtækri auglýsingaherferð. „Miði í Happraætti Háskóla Íslands er kærkomin jólagjöf“, auglýsti einn umboðsmaður happraættisins í desember 1933, og birtist glöggt í þeim orðum sá velvilji sem það naut frá byrjun.⁶¹ Af auglýsingunni má líka sjá að Happraætti Háskóla Íslands þótti ekki ósiðlegt fjárhættuspil heldur þjóðþrifafyrirtæki sem vel mátti tengja fæðingu frelsarans.

Happraættið gekk ótrúlega vel frá byrjun, því að strax á fyrsta starfsárinu nam hreinn ágóði þess tæpum 100 þúsund krónum, eða nær einum sjötta hluta áætlaðs byggingarkostnaðar háskólabyggingarinnar,⁶² og vel rúmlega helmingi rekstrarkostnaðar Háskóla Íslands á þeim tíma.⁶³ Hinn 16. maí 1934 stofnaði háskólaráð því, að tillögu Sigurðar Nordal prófessors, fimm manna byggingarnefnd, sem átti að hafa „umráð og umsjón með byggingarmáli háskólans“

⁵⁶ *Vísir* 1. des. 1936, 3. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnaðis- og byggingarsögu* 1, 171–78.

⁵⁷ Sbr. Alexander Jóhannesson, „Rógur Jónasar frá Hriflu um Háskólann“, 5. Þar segir Alexander að hugmyndin hafi komið frá háskólamönnum.

⁵⁸ *Stjórnartíðindi* 1926 A, 8–9.

⁵⁹ Sbr. *Alþingistíðindi* 1926 B, 1886–87.

⁶⁰ *Lögbirtingablað* 28. sept. 1933, 244–46.

⁶¹ *Morgunblaðið* 12. des. 1933, 4.

⁶² *Árbók Háskóla Íslands* 1934–35, 56–57.

⁶³ Sbr. *Landsreikningurinn* 1934, 36.



Umboð Hapdrættis Háskóla Íslands í Grindavík í pósthúsi í verslun Einaris G. Einarssonar.

þar til að það yrði til lykta leitt.⁶⁴ Sumarið 1936, eftir sleitulausan undirbúning, þar sem húsnæðisþörf deilda Háskólans var metin, og sambærileg hús við erlenda háskóla voru tekin út, var hafist handa við bygginguna eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar.⁶⁵ Skömmu áður hafði borgin samþykkt formlega að fá skólanum, án endurgjalds, lóð „sunnan Hringbrautar, á milli Suðurgötu og fyrirhugaðrar framlengingu [svo] af Tjarnargötu, suður að vegi gegnt Loftskeytastöðinni“. Að auki hét bæjarstjórnin „því um næstu 25 ár að ráðstafa ekki til frambúðar landi suður af þessu svæði, allt suður að framlengingu Fálkagötu, án samþykkis stjórnarvalda Háskólans“. Haustið 1936 var síðan farið að steypa kjallara byggingarinnar, en hornsteinn var lagður að henni á hefðbundnum hátíðisdegi stúdenta 1. desember 1936.⁶⁶

Þessum merkisáfangi í sögu Háskóla Íslands var slegið upp í flestum blöðum landsins, enda gaf hann fyrirheit um að bjartari dagar væru í vændum fyrir æðstu menntastofnun Íslendinga. „Minnisverðasti 1. desember – síðan 1918“, sagði vikuritíð Fálkinn í frétt af hátíðarhöldum á fullveldisdaginn, og „það sem gerði þann dag minnisverðastan var, að hornsteinn var lagður að Háskólabyggingunni nýju í Reykjavík“. ⁶⁷ Morgunblaðið var sama sinnis og sagði háskólabygginguna vera „mesta menningarssporið, sem þjóðin hefir stigið, eftir að hún varð fullvalda“. Blaðið minnti lesendur ennfrem-

⁶⁴ *HÍ*. Gjörðabók háskólaráðs II, 16. maí 1934.

⁶⁵ *Nýja dagblaðið* 10. sept. 1935, 1–2.

⁶⁶ Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu I*, 197–203.

⁶⁷ *Fálkinn* 5. des. 1936, 3.

I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – 1.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL

ur á að byggingin ætti að verða fullgerð árið 1940, eða um svipað leyti og endurskoða átti sambandslagasamninginn frá árinu 1918. Háskólinn myndi því flytja inn í nýtt hús „einmitt um sama leyti sem Þjóðin á að taka þýðingarmestu ákvörðun um framtíð sína. Spáir það góðu að þetta tvent skuli falla saman“.⁶⁸ Nýtt mál gagn Kommúnistaflokksins, Þjóðviljinn, lauk sinni frétt af fullveldisdeginum með því að óska þess „að íslensk menning mætti eignast í háskólanum traust vígi hverskonar menningar og framfara“.⁶⁹

Það voru helst blöð framsóknarmanna sem skáru sig úr á þessum tímamótum í sögu Háskólans. Tíminn – sem gefinn var út sem vikurit á þessum árum – minntist ekki einu orði á atburðinn, og aðalmál gagn Framsóknarflokksins, Nýja dagblaðið, birti engar frásagnir af athöfninni.⁷⁰ Skýringin á þessu fálæti virðist hafa verið sú tilfinning stuðningsmanna Framsóknarflokksins, og þá ekki síst formanns flokksins, Jónasar Jónssonar frá Hriflu, að forsvarsmenn Háskólans hefðu vísvitandi gert alltof lítið úr þætti flokksins, og þá sérstaklega Jónasar sjálfs, í undirbúningi byggingarinnar. Þetta átti ekki síst við um stutt ágríp af sögu hennar, sem skrifað var á bókfell og lagt í blýhólk sem síðan var múraður inn í kjallaravegg háskólabyggingarinnar. Nýja dagblaðið gat blýhólksins í stuttu innslagi sem birtist í blaðinu um miðjan desember 1936. Þar var það gagnrýnt að hvergi hafi verið minnst í skjalinu á þann stjórnmalaflokk sem tók húsnæðismál Háskólans upp á sína arma og stýrði þeim í höfn. „En það sýnir á hvaða vitsmunastigi þessir tveir menn eru,“ sagði blaðið um þá Níels Dungal háskólarektor og Pétur Sigurðsson háskólaritari, sem höfðu að sögn þess samið textann á bókfellinu, „ef þeir halda, að það sé nóg að ljúga í blýhólk inn í múrvegg, þó að sannleikurinn sé óafmáanlegur utan á veggjum hússins.“⁷¹ Þessi orð – „að ljúga í blýhólk“ – urðu fleyg, ekki síst eftir að Sigurður Nordal vitnaði til þeirra í frægum ritdeilum sínum við Jónas Jónsson um íslensk menningarmál á fimmta áratugnum.⁷²

Hús Háskólans var ekki fyrsta byggingin til að rísa fyrir ágóðann af Happraetti Háskólans, því að hús Atvinnudeildar Háskóla Íslands var einnig byggt fyrir happraettisfé. Mikill styr hafði staðið um stofnunina, en háskólaráð samþykkti samt sem áður að veita fé til byggingarinnar gegn því að Háskólanum væri tryggður allur ágóði happraettisins út upphaflegan tíu ára sérleyfistíma þess.⁷³ Með þessu vildi Háskólinn koma í veg fyrir að hann yrði sviptur happraettinu um leið og lokið yrði við háskólahúsið, eins og ráð var fyrir gert í

⁶⁸ *Morgunblaðið* 2. des. 1936, 3.

⁶⁹ *Þjóðviljinn* 2. des. 1936, 1, 4.

⁷⁰ Sama dag og hátíðin var haldin birti blaðið frétt, með myndum af Jónasi Jónssyni og Guðjóni Samúelssyni, um að til stæði að leggja hornstein að háskólabyggingunni. – *Nýja dagblaðið* 1. des. 1936, 1.

⁷¹ *Nýja dagblaðið* 17. des. 1936, 3.

⁷² Sigurður Nordal, „Reimleikinn í háskóla-kjallaranum“ – Guðjón Friðriksson, *Ljónið öskrar*, 170–83.

⁷³ Sbr. *HÍ*. Gjörðabók Háskólaráðs II, 10. feb. 1935. – *Þskjs*. *HÍ*. BA2:33. Alexander Jóhannesson rektor til kennslumálaráðherra 20. maí 1935. – Skiptar skoðanir voru um þessa ráðstöfun, sjá *HÍ*. Gjörðabækur Guðfræðideildar I, 9. feb. 1935, Heimspékideildar I, 8. feb. 1935, og Læknadeildar II, 8. feb. 1935.



Svæðið sem Háskólanum var úthlutað árið 1936 og tekið var frá handa honum til 25 ára. Samkvæmt þessu lendir stúdentagarðurinn óhjákvæmilega utan Háskólalóðarinnar, en reyndin varð sú að lóðin var látin ná austur að nýrri Sæmundargötu.

happdrættislögnum, og gekk það eftir. Hafist var handa við byggingu Atvinnudeildarhússins sumarið 1936, norðanvert við háskólaskeifuna á milli háskólabyggingarinnar og stúdentagarðsins, og var það vígt við hátíðlega athöfn einu ári síðar, eða í byrjun háskólaárs haustið 1937.⁷⁴ Í húsinu áttu aðallega að fara fram hagnýtar rannsóknir tengdar grunnatvinnuvegum þjóðarinnar, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, en það var einnig notað til efnifræðikennslu læknanema. Vonir höfðu staðið til þess að stofnunin yrði einnig fyrsti vísir að kennslu í náttúruvísindum við Háskóla Íslands, en úr því varð þó ekki eins og síðar verður vikið að.

Á fjórða áratugnum rofaði smám saman til í húsnæðismálum Háskóla Íslands. Með byggingu stúdentagarðs fengu stúdentar loksins nokkra aðstöðu til félagslífs, auk þess sem hluti þeirra fékk ágætt þak yfir höfuðið gegn viðráðanlegri leigu. Þetta olli straumhvörfum í málefnum háskólanema. Bylting varð líka í þjálfun læknanema þegar Landspítalinn hóf starfsemi árið 1930 og hús Rannsóknarstofu Háskólans á lóð Landspítalans var tekið í notkun árið

⁷⁴ Sjá t.d. *Þjóðviljinn* 19. sept. 1937, 1–2.



I. EMBÆTTISMANNASKÓLINN – I.4 Í TVÍBÝLI VIÐ AUSTURVÖLL




Logið í blýhólk? Haraldur Guðmundsson ráðherra menntamála múrar inn hornstein Háskólabyggingarinnar.

1934.⁷⁵ Bygging húss Atvinnudeildar lofaði einnig góðu fyrir Háskólann, þótt minna yrði úr samstarfi við deildina þegar á reyndi en menn gerðu sér vonir um. Mestu máli skipti þó að hafin var bygging háskólahúss, en það var forsenda þess að skólinn gæti breyst úr því að vera embættismannaskóli í eitthvað annað og meira. Til þess að svo mætti verða þurfti að bæta kennslu við Háskólann og efla rannsóknir kennaranna. Nýtt hús var forsenda hvors tveggja – þótt það tryggði auðvitað hvorugt.

Húsnæðissaga Háskóla Íslands á fyrstu árum stofnunarinnar endurspeglar stöðu skólans í íslensku samfélagi á þessum tíma. Á hátíðarstundum gáfu ráðamenn út hástemmdar yfirlýsingar um mikilvægi stofnunarinnar fyrir framtíð Íslands og þjóðarheill, en þegar kom að því að deila út skattfé landsmanna lenti Háskólinn allajafna neðarlega á blaði. Því má velta fyrir sér hvaða hugur fylgdi máli hjá stjórnáamönnum þegar þeir lýstu fjálglega nauðsyn þess að stofna og reka háskóla í landinu og mikilvægi skólans fyrir fullveldi þjóðarinnar. Aftur á móti bera viðbrögð almennings, sveitarfélaga og efna-meiri einstaklinga við fjársöfnun stúdenta fyrir nýjum stúdentagarði, og vinsældir Happdrættis Háskóla Íslands hjá almenningi um land allt, vott um að þjóðin bar hag Háskólans fyrir brjósti. Þótt skólinn stæði höllum fæti í skæklatogi hagsmunahópa við gerð fjárlaga átti hann vísan stuðning frá stórum hópi Íslendinga. Þetta er merkilegt vegna þess að aðeins lítið brot landsmanna átti þess kost að nema við skólann á þessum árum eða senda börn sín og barna-

⁷⁵ Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 183–85. – *Morgunblaðið* 21. des. 1934, 6–7.





börn þangað til náms. Skólinn var því í einhverjum skilningi þjóðskóli, þrátt fyrir þá staðreynd að fæstir fulltrúar þjóðarinnar á þingi vildu mikið fyrir hann gera.

Guðjón Samúelsson hóf að teikna byggingar fyrir Háskóla Íslands strax á námsárum sínum. Þessi uppdráttur er frá 1914, og átti húsið að standa við suðausturenda Reykjavíkurtjarnar. Síðar varð Guðjón húsameistari ríkisins og teiknaði þá aðalbyggingu Háskólans, auk þess sem hann átti hugmynd að Hæddrættinu sem kostaði hana að verulegu leyti.